ANNA KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR

*Máltíðir eru mjög góð leið til samveru*

Matur

allt MIÐJU BLAÐSINS




FERMINGAR

*Við hátíðleg tækifæri*

Kennsla í gerð kransaköku

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




birta

JÓN PÁLL EYJÓLFSSON

*Leikhús er ekki kirkja*

Páskalambið gönguskíðaáskorun

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. mars 2006 — 75. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




### Silvía Nótt í tökum

Myndband við lagið Til hamingju Ísland fór í tökur á miðvikudaginn en Íslenski dansflokkurinn kemur þar mikið við sögu.

FÓLK 50

### Bíður spenntur

Sigurður Hólm Gunnarsson bíður spennt- ur eftir Richard Dawkins, Star Trek-höfundi, sem er væntanlegur til landsins. Dawkins er heimsfrægur líffræðingur sem hefur skrifað um þróunarkenninguna og erfðafræði.



FÓLK 50

### Krónunni kastað?

„Ef það er slíkt þjóðráð að taka upp gjaldmiðil nálægs viðskiptavinar, hvers vegna hefur Kanada þá ekki tekið upp Bandaríkjadal og Nýja-Sjáland Ástralíudal?" segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26

### Kalt á Íslandi

Bandaríska körfuknattleiksstúlkan og fyrrverandi Playboy-stúlkan Tamara Stocks segist kunna vel við sig á Íslandi þó hér sé kalt. Hún vissi ekkert um landið áður en hún kom hingað og þurfti að finna það á landakorti.



ÍÞRÓTTIR 44

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** - í dag verður hæg vestlæg átt. Bjartviðri norðaustan og austan til en skýjað og dálítil súld á landinu vestanverðu. Hiti 6-13 stig. Hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4






# Kostnaðurinn verður um þrír milljarðar

**Ákvörðun Bandaríkjastjórnar um brottkvaðningu flugvéla hefur lítil efnahagsleg áhrif á Íslandi og frekar góð en hitt. Næga atvinnu er að fá og þenslan mikil í hagkerfinu. Kostnaður ríkissjóðs nemur líklega um þremur milljörðum króna.**

**EFNAHAGSMÁL** „Skammtímaáhrifin eru þau að þetta minnkar þrýstinginn á hagkerfið á næsta ári. Eftirspurnin í hagkerfinu minnkar og því verður verðbólguþrýstingurinn ekki eins mikill. Þetta eru ekkert gríðarlega stór áhrif og í rauninni er þetta ekkert miðað við þau áhrif sem við höfum séð í sambandi við stóriðjuna eða húsnæðislánin," segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar.

Ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að flytja brott þotur og þyrlur af Keflavíkurflugvelli skiptir litlu máli fyrir efnahagslega þróun á Íslandi enda hefur starfsemi hersins sífellt skipt minna máli sem hlutfall af landsframleiðslunni.

Tryggvi Þór bendir á að tekjurnar af Varnarliðinu í fyrra hafi verið rétt innan við níu milljarðar, um 0,8 prósent af landsframleiðslunni. Á næsta ári telur hann að hlutfallið hefði orðið enn minna, kannski um 0,7 prósent.

Tryggvi Þór telur að kostnaður ríkissjóðs geti numið hátt í þremur milljörðum króna því ekki sé ólíklegt að bæta þurfi við þyrlum og öðrum búnaði og tækjakosti vegna öryggismála.



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

Uppsagnir hjá hernum snerta nánast hverja fjölskyldu á Suðurnesjum. Um 620 Íslendingar eru í föstu starfi á Keflavíkurflugvelli og um 400 Íslendingar sinna verktöku og ýmiss konar þjónustu fyrir Varnarliðið.

Þetta fólk missir þó ekki allt atvinnuna því ráða þarf fólk í störf á flugvellinum auk þess sem rekstrarkostnaður flugvallarins eykst eftir að Íslendingar taka við rekstrinum. Þúsundir útlendinga vinna nú á Íslandi og atvinnuleysi er ekkert. Tímasetningin gæti því varla verið betri, að sögn Tryggva, nema ef vera skyldi síðasta haust.

„Það eina sem Íslendinga vantar ekki nú er fleiri störf ef litið er á þetta á mælikvarða þjóðarinnar allrar," segir Tryggvi Þór og telur ákvörðun Bandaríkjamanna ekkert stóráfall.

„Þetta er alls ekki svipað áfall og hefði verið ef þessi ákvörðun hefði verið tekin fyrir fimmtán árum. Góðar samgöngur eru milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Þetta er eitt atvinnusvæði og nóga atvinnu að fá. Fólk þarf ekki að flytja brott frá Suðurnesjum," segir hann. ghs@frettabladid.is



**MILOSEVIC MINNST** Mikill mannfjöldi var saman kominn við byltingarsafnið í Belgrad í gær til að votta Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu, virðingu sína en hann lést úr hjartaslagi í fangelsi Stríðsglæpadómstólsins í Haag fyrir tæpri viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

620 starfsmenn Varnarliðsins eru uggandi um afkomu sína í náinni framtíð:

# Krefjast starfslokasamninga

**VARNARMÁL** Íslenskir starfsmenn Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli ætla nú þegar að óska eftir starfslokasamningum enda stefni í fjöldauppsagnir vegna ákvörðunar bandarískra yfirvalda um verulegan niðurskurð í haust.

Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, segir kröfur um starfslokasamninga við Varnarliðið eðlilegar. „Verið er að skipuleggja söfnun undirskrifta meðal íslenskra starfsmanna Varnarliðsins. Ég á fund með fulltrúum starfsmannahalds Varnarliðsins í dag og ætla að ræða þar kröfur um starfslokasamninga."



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Íslenskir starfsmenn Varnarliðsins hefja undirskriftasöfnun og krefjast starfslokasamninga.

Þorvaldur Kristleifsson, starfsmaður í matvæladeild Varnarliðsins, segir að uppsagnir fastra starfsmanna séu boðaðar þegar um næstu mánaðamót, en alls eru um 620 Íslendingar í fastri vinnu hjá Varnarliðinu.

Guðbrandur segir að forsætisráðherra hafi verið í sambandi við fulltrúa starfsmanna í gær og ráðgert sé að halda fund með honum, utanríkisráðherra og bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftir helgina. „Ég mun ræða kröfur um starfslokasamninga á þeim fundi og hugsanlega milligöngu stjórnvalda í þeim efnum," segir Guðbrandur. - jh



**MAGNUS CARLSEN** Norski skáksnillingurinn vann minningarmótið um Harald Blöndal lögmann.

Úrslit Glitnismótsins:

# Carlsen vann Hannes Hlífar

**SKÁK** Norska undrabarnið Magnus Carlsen vann Hannes Hlífar Stefánsson í úrslitum hraðskákmóts Glitnis í gærkvöldi með tveimur vinningum gegn engum. Hann vann einnig heimsmeistarann í hraðskák, Vishy Anand, í undanúrslitum.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands, segir að útslitarimman hafi verið æsispennandi og stemningin í salnum með ólíkindum. „Carlsen er búinn að fara á kostum í heimsókn sinni hingað, svo mikið að reyndustu skákmeistarar gapa af undrun." - shá

Múhameðsteikningarnar:

# Danir óttast mótmæli

**DANMÖRK** Jótlandspósturinn braut ekki dönsk lög með birtingum sínum á teikningum af Múhameð spámanni. Þetta er niðurstaða danska ríkissaksóknarans.

Í frétt Berlingske tidende í gær kemur fram að dönsk yfirvöld óttist að þetta kunni að valda nýrri skriðu mótmæla meðal múslima. Því voru allir sendiherrar erlendra ríkja í Danmörku boðaðir á fund í danska utanríkisráðuneytinu seinnipartinn í gær og þeim kynnt niðurstaðan. Fjörutíu sendiherrar þáðu boðið, þar á meðal Svavar Gestsson, sendiherra Íslands. - ks






## SPURNING DAGSINS

*Stefán, eruð þið komnir með nýtt slagorð?*

„Já, já. „Halldór í herinn og herinn burt". Svo er bara að fylgja þessu eftir."

Stefán Pálsson er formaður Samtaka herstöðvaandstæðinga. Slagorð þeirra er „Ísland úr NATO, herinn burt".

Úrskurður Hæstaréttar um gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum:

# Annar hnífamannanna laus

**DÓMSMÁL** Annar mannanna sem stóðu að hnífaárásum í Reykjavík um þarsíðustu helgi hefur verið látinn laus, samkvæmt úrskurði Hæstaréttar. Hinn maðurinn skal sæta gæsluvarðhaldi áfram þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til 21. apríl.

Um tvö aðskilin mál er að ræða. Fyrra atvikið átti sér stað aðfaranótt laugardagsins 4. mars, þegar ungur maður stakk annan tvívegis í bakið með vasahníf þar sem þeir voru staddir á veitingastað í Reykjavík. Héraðsdómur úrskurðaði hann strax eftir að hann framdi verknaðinn í gæsluvarðhald fram til 21. apríl. Í greinargerð lögreglu kom fram að um tilraun til manndráps eða sérlega hættulega líkamsárás væri að ræða. Samkvæmt vottorði sérfræðings á Landspítala - háskólasjúkrahúsi voru áverkar fórnarlambsins lífshættulegir.



**HÆSTIRÉTTUR** Annar hnífamannanna er laus en hinn situr áfram.

Maðurinn kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, en dómurinn staðfesti hann. Hann þarf því að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist.

Síðara málið kom upp aðfaranótt sunnudagsins 5. mars í miðbæ Reykjavíkur en þá stakk ungur maður annan mann fimm sinnum með hnífi, þrisvar sinnum hægra megin á bol, einu sinni í vinstri síðu og einu sinni í mjóbak. Hann var strax úrskurðaður í gæsluvarðhald til 21. apríl en Hæstiréttur hefur nú fellt þann úrskurð úr gildi, eins og áður sagði. Báðir hnífamennirnir játuðu verknað sinn við yfirheyrslur lögreglu. - jss

Starfsmannaleigur:

# Sautján skráðar hér á landi

**VINNUMARKAÐUR** Skráðar starfsmannaleigur hér á landi eru sautján talsins, samkvæmt lista á vef Vinnumálastofnunar. Stærsta leigan er líklega portúgalska starfsmannaleigan Nett. Hún er með upp undir 150 starfsmenn, aðallega hjá Impregilo á Austurlandi.

Nokkrar nýjar starfsmannaleigur eru á lista Vinnumálastofnunar. Þannig má nefna íslensku leiguna Útrás ehf, norsku leiguna Jobzone Bygg & Anlegg, íslensku leiguna MG Contracts, pólsku leiguna Transwork Polish manning office og litháísku leiguna UAB. - ghs

Lóðaúthlutun á Húsavík:

# Um 200 sóttu um tíu lóðir

**BYGGINGARLÓÐIR** Tæplega 200 umsóknir bárust um tíu einbýlishúsalóðir sem skipulags- og byggingarnefnd Húsavíkurbæjar úthlutaði síðastliðinn þriðjudag. Mest var ásóknin í lóðir undir einbýlishús á einni hæð og barst 51 umsókn um tvær slíkar lóðir og fimmtíu um þá þriðju. Samkvæmt vinnureglum nefndarinnar var dregið á milli umsækjenda með því að draga spil úr stokki.

Lítið framboð er af byggingarlóðum á Húsavík sem stendur en lóðunum mun fjölga í sumar þegar nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið tekur gildi. - kk



**FRÁ HÆSTARÉTTI** Útgjöld ríkisins vegna opinberra dómsmála hafa aukist um ríflega einn milljarð króna á undanförnum fimm árum.

# Kostnaður við opinber mál hefur margfaldast

**Árlegur kostnaður við opinber mál og opinbera réttaraðstoð hefur síðustu fimm ár aukist um 260 milljónir króna á ári. Nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins hefur skilað skýrslu um aðgerðir til að draga úr þessum kostnaði.**

**STJÓRNSÝSLA** Málskostnaður í opinberum málum á föstu verðlagi hefur á undanförnum fimm árum aukist um fimmtíu prósent, sem nemur 150 milljóna króna árlegum útgjöldum. Á sama tímabili hefur kostnaður við opinbera réttaraðstoð aukist um 105 prósent, sem nemur um 110 milljónum króna á ári. Samtals hafa árleg útgjöld því aukist um 260 milljónir króna. Þetta kemur fram í skýrslu nefndar á vegum dómsmálaráðherra.

Í skýrslunni kemur fram að þessi mikla aukning hafi verið til umræðu milli ráðuneyta dómsmála og fjármála og í fjárlaganefnd undanfarin ár enda ljóst að svo mikill útgjaldavöxtur í hvaða málaflokki sem er hljóti á endanum að valda erfiðleikum og þrengja að útgjaldasvigrúmi viðkomandi ráðuneytis. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir þessa háu tölu hafa verið ástæðu þess að nefndin var skipuð til að greina þennan kostnað. Greiningin sé fyrsta skrefið svo unnt sé að taka á málinu.

Nefndin telur að náðst hafi að hægja á vexti þessara útgjalda með aðhaldi á undanförnum árum en hugsanlega þurfi að grípa til áhrifaríkari ráðstafana eða jafnvel grundvallarbreytinga á því fyrirkomulagi sem hafi verið á þessum kostnaðarliðum.



**BJÖRN BJARNASON** Leitar leiða til að lækka málskostnað ríkisins.

Nefndin hafði það markmið að leita leiða til að stemma stigu við þessari útgjaldaaukningu og bendir á úrræði í skýrslunni til lausnar vandans. Björn segir að vinna til úrbóta hafi í raun hafist með því að kynna skýrsluna á opinberum vettvangi í þeim tilgangi að skapa umræðu um hana.

Þau úrræði sem nefndin bendir á eru nú til skoðunar hjá dómsmálaráðuneytinu, sem hefur að sögn Björns á þessu stigi máls ekki útilokað neitt af því sem nefndin tíundar í skýrslunni.

sdg@frettabladid.is



**ATKVÆÐI SKILAÐ** Sveitarstjórnarkosningarnar fara fram 27. maí.

Sveitarstjórnarkosningarnar:

# Hægt að kjósa frá 3. apríl

**KOSNINGAR** Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninganna sem fram fara laugardaginn 27. maí hefst mánudaginn 3. apríl.

Samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins rennur framboðsfrestur út klukkan 12 á hádegi laugardaginn 6. maí. Sveitarstjórnarmenn sem hyggjast skorast undan endurkjöri eiga að tilkynna þá ákvörðun til yfirkjörstjórnar viðkomandi sveitarfélags fyrir lok framboðsfrests. - bþs



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maður sem tvírauf skilorðsbundna dóma þarf ekki að sitja inni nema hann rjúfi nýtt skilorð.

Tvíbraut af sér á skilorði:

# Fékk skilorðsbundinn dóm

**DÓMSMÁL** Rétt rúmlega tvítugur maður sem nefbraut einn og stal bíl annars hefur verið dæmdur í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára.

Maðurinn hefur fjórum sinnum brotið umferðarlög síðustu sex árin, sem og lög um ávana- og fíkniefni. Hann var á skilorði fyrir fölsun og vegna þjófnaða, eignarspjalla og umferðarlagabrota.

Hann er dæmdur til að greiða þeim sem hann nefbraut tæpar 210 þúsund krónur í skaðabætur og 132 þúsund í sakarkostnað og laun verjanda. - gag

Klámverslanir fá starfsleyfi:

# Norðmenn leyfa klám

**NOREGUR** Klámverslanir í Noregi hafa fengið formlegt leyfi til að selja klámmyndir samkvæmt frétt á vefsíðu Dagsavisen í gær en það hefur hingað til verið ólöglegt.

Leyfið nær aðeins til sölu á myndum þar sem fullorðið fólk kemur við sögu og mega myndirnar ekki innihalda atriði sem talin geta verið niðurlægjandi fyrir konur. Einnig er bannað að dreifa eða selja myndir þar sem börn eða dýr koma við sögu. - ks


Verk og vit 2006

Stórsýningin Verk og vit

– íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð í Laugardalshöllinni.

16.-19. mars 2006

Misstu ekki af glæsilegri sýningu

verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun


Dagsbrún stofnar fyrirtæki utan um fríblað í Danmörku:

# Stefnt á fyrsta blaðið í haust

**FJÖLMIÐLAR** Dagsbrún, móðurfélag 365 miðla, Og Vodafone og fleiri fyrirtækja, hefur stofnað 365 Media Scandinavia A/S í Danmörku. Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, segir fyrirtækið stofnað til að undirbúa útgáfu fríblaðs í Danmörku í líkingu við Fréttablaðið. Næstu verkefni séu að ráða stjórnendur og stofna fyrirtæki utan um dreifikerfi nýja dagblaðsins. Fari fram sem horfi komi blaðið út á árinu, jafnvel strax á haustmánuðum.

Haft er eftir Mads Dahl Andersen, framkvæmdastjóra útgáfufyrirtækis Søndagsavisen, í danska blaðinu Børsen í fyrradag að hann telji útgáfu fríblaðs eins og Dagsbrún hyggst gefa út of áhættumikla. Hann segist einnig hafa afþakkað samstarf um dreifingu á blaðinu, en samkvæmt frétt Børsen verður Dagsbrún að semja við sameiginlegt dreifingafyrirtæki stóru dagblaðanna eða stofna sitt eigið. Er seinni kosturinn sagður vera of kostnaðarsamur að mati sérfræðinga.




**GUNNAR SMÁRI EGILSSON** Fyrsta fríblað Dagsbrúnar á erlendri grundu verður gefið út í Danmörku en félaginu sem stofnað hefur verið um reksturinn er ætlað að skoða tækifæri í fleiri norrænum löndum.

Gunnar Smári segir ekkert verkefnanna sem ganga þurfi frá fyrir útgáfu fríblaðsins vera óyfirstíganlegt: „Hins vegar er það alltaf þannig þegar boðuð er innkoma á einhvern markað að þá hafa þeir sem eru þar fyrir ekki trú á því að það takist. Þeir hafa í raun vinnu af því að tilkynna að þeir hafi ekki trú á því." - ks/gag



Virk Sam- keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
399 kr./pk.
Fjörfiskur frosnir ýsubitar 800g
40% Afsláttur
Móa kjúklingur, grillaður, kaldur 479 kr./stk.
Grillaður KJÚKLINGUR
30% Afsláttur
Bautabúrið rauðv.legnar grísakótilettur 1.119 kr./kg.
Myllu Brallarabrauð
99 kr./stk.
Villars súkkulaði 100g 4 teg.
69 kr./stk.
Nabisco snakk
99 kr./pk.
Chips Ahoy!
Toppur 1,5L 4 teg.
99 kr./stk.
LP salernisrúllur 8 stk.
169 kr./pk.
toilet paper
soft
LP franskar kartöflur 4 teg.
149 kr./pk.
Konfekt epli 1,36kg
129 kr./pk.
Gulrætur 1 kg
49 kr./pk.
Náttúra sveppir 250g
119 kr./stk.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,54 | 69,88 |
| Sterlingspund | 121,51 | 122,11 |
| Evra | 83,98 | 84,44 |
| Dönsk króna | 11,253 | 11,319 |
| Norsk króna | 10,552 | 10,614 |
| Sænsk króna | 8,973 | 9,025 |
| Japanskt jen | 0,5909 | 0,5943 |
| SDR | 100,19 | 100,79 |

*Gengisvísitala krónunnar*

117,5232

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómsmálaráðherra spurður um kostnað lögreglu vegna Baugsmálsins:

# Tilurð málsins verði skoðuð

**BAUGSMÁL** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, ætlar að spyrja dómsmálaráðherra um kostnað við rannsókn Baugsmálsins frá því húsleit var gerð í höfuðstöðvum Baugs í ágústlok árið 2002.



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Sigurjón tók málið upp á Alþingi í gær vegna sýknudóms Héraðsdóms Reykjavíkur. „Hafi ákæruvaldið og lögregla gert mistök er vert að spyrja hvort dómsmálaráherra ætli að axla ábyrgð.“




**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON (T.H.) OG JÓN ÞÓR ÓLASON** Settur saksóknari í Baugsmálinu og aðstoðarmaður hans.

„Mér finnst þessi ræða fyrir neðan virðingu Alþingis sem hér hefur verið flutt. Ég hef ekki fjallað um Baugsmálið á vefsíðu minni og mun ekki gera það hér í sölum þingsins,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Lúðvík Bergvinsson, Samfylkingunni, sagði að sýknudómurinn hlyti að vera ákæruvaldinu mikið áfall. „Í framhaldinu er mikilvægt að þær miklu ásakanir sem liggja í loftinu og meðal annars sakborningar hafa velt upp um tilurð málsins, fái skoðun.“

Mörður Árnason, Samfylkingunni, spurði dómsmálaráðherra um kostnað og mannafla. „Er það rétt að hagsmunir dómsmálaráðherra sem stjórnmálamanns og fordómar hans sem stjórnmálamanns hafi ráðið málatilbúnaði í þessu máli?“ **- jh**

Golfið náði yfirhöndinni:

# Forsætisráðherra hættir

**SUÐUR-KÓREA, AP** Suðurkóreski forsætisráðherrann Lee Hae-chan sagði af sér á þriðjudag í kjölfar fjaðrafoks yfir ákvörðun hans um að leika golf frekar en stýra viðbrögðum stjórnarinnar við verkfalli lestarstarfsmanna. Þó að Lee væri í fríi daginn sem verkfallið hófst þótti hann taka of lauslega á málinu, en þar í landi er algilt að embættismenn vinni yfirvinnu liggi mikið við.

Þetta var í þriðja sinn á tveggja ára ferli sem Lee var sakaður um að leika golf frekar en að sinna vinnunni. Í apríl í fyrra var hann á golfvellinum þegar skógareldar geisuðu, og aftur í júlí þegar óveður gekk yfir suðurhluta landsins. **- smk**




**KOSNINGAR NÁLGAST** Á kosningaspjaldinu má sjá Ehud Olmert, forsætisráðherra og formann Kadima. MYND/AP

Skoðanakönnun í Ísrael:

# Árás á fangelsi eykur fylgið

**JERÚSALEM, AP** Stuðningur við Kadima, stjórnarflokkinn í Ísrael, jókst nokkuð í kjölfar árásar ísraelska hersins á palestínskt fangelsi fyrr í vikunni.

Samkvæmt skoðanakönnuninni, sem gerð var á miðvikudag, myndi Kadima hljóta 42 til 43 þingsæti af alls 120 þingsætum. Flokkurinn hafði sigið í skoðanakönnunum niður fyrir fjörutíu þingmenn, en hélt þó allan tímann verulegu forskoti umfram helstu andstæðinga sína.

Samkvæmt sömu könnun myndi Likud-flokkurinn fá nítján þingsæti en Verkamannaflokkurinn aðeins fjórtán. **- gb**

## NÁTTÚRUVERND

**Komið í veg fyrir umhverfismengun** Fulltrúar miðjuhópsins í Norðurlandaráði vilja gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir umhverfismengun í Eystrasalti. Hópurinn vill að nú þegar verði ákveðið að koma í veg fyrir að stór skip losi salernisúrgang í hafið, en slíkt er alvanalegt.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Íkveikja útilokuð** Ekki er enn vitað hvað olli brunanum mikla í elsta hluta frystihússins á Breiðdalsvík en að sögn lögreglu á Fáskrúðsfirði er talið útilokað að kveikt hafi verið í. Eldurinn virðist hafa komið upp í þaki hússins og beinist rannsóknin nú að raflögnum sem voru uppi undir þaki hússins.

# Beitum áfram valdi ef okkur er ógnað

**George W. Bush áskilur Bandaríkjunum áfram rétt til þess að verða fyrri til árása, telji þau sér ógnað af erlendum ríkjum eða hryðjuverkamönnum. Hann segir Bandaríkjamenn ekki hafa efni á að standa hjá ef hætta steðji að.**

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti ítrekaði í gær þá stefnu sína að Bandaríkin útilokuðu engan veginn að verða fyrri til að ráðast á hryðjuverkamenn og óvinaríki, væri það talið nauðsynlegt. Hann fór einnig hörðum orðum um Íran og sagði ekki útilokað að þar komi til átaka.

Í árlegri skýrslu um öryggi bandarísku þjóðarinnar, sem Bush sendi frá sér í gær, sagði hann að Bandaríkin kysu helst að fara viðræðuleiðina þegar kæmi að því að hamla útbreiðslu kjarnorkuvopna og annarra ógnarvopna.

„Hins vegar, ef nauðsyn krefur og samkvæmt meginreglum um sjálfsvörn, útilokum við það ekki að beita valdi áður en árás er gerð - jafnvel þótt óvissa ríki um stað og stund árásar frá óvininum,“ stendur í skýrslunni.

Samkvæmt þessu er greinilegt að Bush hefur ekki breytt um stefnu þrátt fyrir að engin gereyðingarvopn hafi fundist í Írak.

„Þegar afleiðingarnar af árás með gereyðingarvopnum geta hugsanlega orðið svo gífurlegar höfum við ekki efni á því að standa hjá þegar alvarleg hætta steðjar að,“ stendur enn fremur í skýrslu forsetans. „Fyrirbyggjandi árás hefur óbreytt gildi í þjóðaröryggisáætlun okkar.“

Þessi stefna var fyrst mörkuð í Þjóðaröryggisskýrslu forsetans árið 2002, árið eftir árásirnar á New York og Washington.

Í skýrslunni eru írönsk stjórnvöld meðal annars sökuð um að styðja hryðjuverkamenn, ógna



**GEORGE W. BUSH ÁSAMT DENNIS HASTERT, FORSETA NEÐRI DEILDAR BANDARÍKJAÞINGS** Bandaríkjaforseti sendi í gær frá sér sína árlegu skýrslu um öryggismál bandarísku þjóðarinnar, þar sem hann útlistar stefnu sína í öryggismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelsríki og standa í vegi fyrir lýðræðisumbótum í Írak. Bush segir nauðsynlegt að halda áfram samningaviðræðum við Írana til þess að stöðva hugsanleg áform þeirra um að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

„Þessar viðræður verða að bera árangur ef komast á hjá átökum,“ segir Bush í skýrslunni. Hann fer þó ekkert nánar út í það hvað muni gerast ef alþjóðlegar samningaviðræður við Írana bera ekki árangur.

Bush fer einnig hörðum orðum um Norður-Kóreu í skýrslu sinni, auk þess sem hann sendir bæði Rússum og Kínverjum tóninn og kallar Sýrland harðstjórnarríki sem hýsi hryðjuverkamenn og styrki hryðjuverk.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**FRÁ UNDIRRITUN** Borgarstjóri og forstjóri ÍAV við undirskrift samningsins.

Tónlistar- og ráðstefnuhús:

# Framkvæmdir við lóð hafnar

**FRAMKVÆMDIR** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Gunnar Sverrisson, forstjóri verktakafyrirtækisins ÍAV, hafa undirritað samning um framkvæmdir vegna lóðar undir tónlistar- og ráðstefnuhús í Austurhöfn. Á lóðinni verða einnig í tengdum byggingum hótel, íbúðir, banki, skrifstofuhúsnæði og bílakjallari.

Lóðaframkvæmdirnar sem eru hafnar taka til hönnunar, landfyllinga, færslu Geirsgötu, niðurrifs húsa og yfirborðsvinnu. Undirbúningsframkvæmdirnar nú og þær sem eftir fylgja munu kosta um 1,3 milljarða króna. **- shá**

Aðgerðir í Kristjaníu:

# Lögreglan reif niður bása

**DANMÖRK** Hundrað manna lið lögreglu réðist í fyrrinótt inn í Kristjaníu í Kaupmannahöfn og reif niður bása þar sem hass hafði áður verið selt. Samkvæmt frétt á vefsíðu Politiken í gær grunaði lögregluna að hasssalar ætluðu að hefja sölu á nýjan leik.

Talsmaður íbúa segir lögregluna hafa haft rangt við enda hafi sölubásarnir verið reistir fyrir hátíð sem íbúar Kristjaníu ætla að halda næstu daga í tilefni af því að tvö ár eru síðan fíkniefnasala var bönnuð á svæðinu. Básana hafi átt að nota til að selja alls kyns varning en ekki fíkniefni eins og lögreglan heldur fram. **- ks**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VORILMUR Í LOFTI**

Það má með sanni segja að vorstemning ríki á landinu góða þessa dagana. Börnin leika sér úti fram eftir kvöldi og plönturnar eru víða að stinga upp kollinum í blómabeðum. Það besta við þetta er að við fáum að njóta þessa blíðviðris eitthvað lengur. Enn eru kuldar á Norðurlöndunum og hitastig í Kaupmannahöfn hefur vart stigið yfir frostmark í vetur.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg og mild suðlæg átt með dálitlli súld.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C alskýjað | París | 7°C léttskýjað | Alicante | 16°C léttskýjað |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Berlín | 2°C alskýjað | Mílanó | 9°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C léttskýjað | Frankfurt | 5°C alskýjað | New York | 7°C heiðskírt |
| Helsinki | 0°C hálfskýjað | Madríd | 18°C hálfskýjað | San Francisco | 13°C skúrir |
| London | 6°C alskýjað | Barcelona | 14°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Indverskt um helgina




Heill ferskur **kjúklingur**

TILBOÐ **451** kr/kg
Merkt verð 695,-

**Hrefna R. Jóhannsdóttir**
aðstoðar yfirmatreiðslumaður
á Sjávarkjallaranum
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara




Lamba-**súpukjöt**

TILBOÐ **399** kr/kg
Verð áður 695,-




Ferskt **lambalæri**

TILBOÐ **995** kr/kg
Verð áður 1.349,-

## INDVERSKUR KJÚKLINGUR

| | |
|---|---|
| 1 stk | kjúklingur (heill) |
| 100 ml | Ketjap manis (sæt sojasósa) |
| 100 g | cous cous (eldað samkv. leiðbeiningum á pakka) |
| 1 tsk | kúmen |
| 2 stk | negulnaglar |
| 1/4 tsk | cayennapipar |
| 2 stk | gulrætur |
| 1/2 box | baunaspírur |
| 2 stk | sítrónur |

**Aðferð:**
Skerið gulræturnar í þunna strimla (einnig hægt að kaupa skorið). Steikið þurrkryddin upp úr olíu við vægan hita í 6 mín. Bætið gulrótarstrimlunum og baunaspírunum út í. Bætið loks soðnu cous cous-inu út í og fyllið kjúklinginn með þessu. Eldið kjúklinginn við 150°C í 35 mín, hellið ketjap manis sósunni yfir kjúklinginn, hækkið hitann upp í 180°C og eldið áfram í 10 mín. Skerið sítrónurnar í báta og berið þær fram með kjúklingnum.

Jói FEL

**Hefur þú prófað mest seldu salötin í Hagkaupum?**





TILBOÐ **259** kr/pk
Verð áður 429,-

**Jarðaber** stór askja




**Philadelphia** smurostur
- 3 tegundir, frábærir í alla matargerð




Ný sending

Skemmtileg sápa fyrir börn að leika með í baðinu. Stíf froða sem auðvelt er að móta og leika sér með.

**Crazy soap** skemmtileg sápa
- til að leika með í baðinu

Gildir til 19. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Á að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni?*

| | |
|---|---|
| Já | 76% |
| Nei | 24% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Kom ákvörðun Bandaríkjastjórnar um brottför Varnarliðsins á óvart?*

Segðu þína skoðun á visir.is. visir

Starfsmenn á Keflavíkurflugvelli í lausu lofti meðan uppsagnir hafa ekki borist:

# Þetta verður mikil blóðtaka

**VARNARMÁL** Yfirstjórnin á Keflavíkurflugvelli hélt fund með íslenskum starfsmönnum, hermönnum og fjölskyldum þeirra í gærmorgun og gerði þeim grein fyrir stöðunni. Engar yfirlýsingar voru gefnar um uppsagnir.

Um 150 af 600 Íslendingum á Keflavíkurflugvelli eru í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Kristján Gunnarsson formaður segir að dapurt hljóð sé í fólki. „Ég á von á því að Varnarliðið boði okkur til samráðsfunda í samræmi við lög. Sá ferill er ekki hafinn en vofir yfir. Við teljum dagana og klukkutímana. Þetta verður mikil blóðtaka.“



**GUÐBJARTUR GREIPSSON** „Ég hef unnið hér í tæp 26 ár og þessi endir kom mér ekki á óvart,“ segir Guðbjartur Greipsson, formaður Félags íslenskra stjórnenda á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

Guðbjartur Greipsson, formaður Félags íslenskra stjórnenda á Keflavíkurflugvelli, telur að á næstu dögum verði farið yfir hvernig framhaldið verði. „Ég hef unnið hér í tæp 26 ár og þetta kom ekki á óvart. Við erum bara ósátt við hvernig þetta var tilkynnt en ég held að það hafi verið gert á eins sársaukalítinn hátt og hægt er,“ segir hann. „Annar kafli er að hefjast og þá verður bara að líta björtum augum fram á veginn.“

Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ eiga fund með forsætisráðherra og utanríkisráðherra í næstu viku. „Við ætlumst til þess að ríkisstjórnin leggi fram sitt aðgerðaplan. Það er kominn tími á það,“ segir Árni Sigfússon bæjarstjóri. **- ghs**

Norska utanríkismálanefndin:

# Aðrar ógnir en hernaðarógnir

**VARNARMÁL** „Svæðið í norðri er mikilvægt áfram og það er mikilvægt að hafa eins góða yfirsýn yfir það og hægt er. Þó að engar hernaðarógnir séu lengur til staðar eru aðrar ógnir fyrir hendi og starfsemi Bandaríkjamanna hefur nýst vel í því samhengi,“ segir Olav Akselsen, formaður utanríkismálanefndar norska Stórþingsins.

Akselsen telur að mikilvægt hafi verið að hafa starfsemi Bandaríkjahers óbreytta á Íslandi til að afla þekkingar um þróunina á svæði „en væntanlega ætla þeir að hafa herstöðina í þannig ástandi að þeir geti tekið hana skyndilega aftur í notkun,“ segir hann. **- ghs**

Danskur sérfræðingur:

# Engin ógn á Atlantshafi

**VARNARMÁL** Danski varnarmálasérfræðingurinn Peter Vigo Jakobsen segir að ákvörðun Bandaríkjamanna um að senda allar flugvélar heim frá Keflavíkurflugvelli skipti engu máli á Norður-Atlantshafi. Engin ógn sé þar lengur fyrir hendi.

„Auðvitað getur þetta haft áhrif á efnahagslíf á Suðurnesjum en að öðru leyti get ég ekki séð að það hafi neina öryggispólitíska þýðingu,“ segir hann og telur að Íslendingar fái sjálfkrafa boð um liðsstyrk frá öðrum löndum ef ógn steðji að í framtíðinni.

Jakobsen telur enga ástæðu fyrir Íslendinga að byggja upp eigin her. „Nei, það væri að henda peningunum út um gluggann,“ segir hann og telur skynsamlegra að veita meira fé til Landhelgisgæslunnar og lögreglunnar. **- ghs**

# Varnarskuldbinding óhögguð

**Sendiherra Bandaríkjanna segir Bandaríkjastjórn staðráðna í að standa við skuldbindingar varnarsamningsins þótt þoturnar og þyrlusveitin fari. Ræða verði viðbúnað sem samræmist ógnum 21. aldar.**

**VARNARMÁL** „Skuldbinding Bandaríkjanna gagnvart Íslandi er óhögguð,“ lýsti bandaríski sendiherrann Carol van Voorst yfir í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún segir að þótt nú liggi endanlega fyrir að orrustuþoturnar fari frá Keflavík breyti það engu um vilja Bandaríkjastjórnar til að standa við skuldbindingar sínar í samræmi við varnarsamninginn frá 1951. Nú sé „nýr kafli“ í þessu áratugalanga varnarsamstarfi þjóðanna að hefjast sem muni færa varnarviðbúnaðinn hérlendis til samræmis við ógnir 21. aldarinnar.

Fullyrðingum um að hin einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að kalla orrustuþoturnar og þyrlubjörgunarsveitina frá Íslandi og draga mjög úr umsvifum í herstöðinni á Miðnesheiði jafngildi uppsögn varnarsamningsins vísar van Voorst mjög ákveðið á bug. „Bandaríkjamenn ætla sér alls ekki að víkja frá skuldbindingum sínum við að tryggja öryggi Íslands,“ segir hún. „Við ætlum okkur að standa við skuldbindingar okkar samkvæmt varnarsamningnum, eins og við höfum gert síðastliðin 55 ár.“



**CAROL VAN VOORST** Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.



**SVEIGJANLEIKI** Van Voorst segir varnarsamninginn hafa á hálfri öld sýnt að hann búi yfir sveigjanleika til að mæta breyttum aðstæðum og þörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Að sögn van Voorst kalla breyttar aðstæður hins vegar á breytt fyrirkomulag á því hvernig þessar skuldbindingar eru uppfylltar. Varnarsamningurinn hafi á þessum langa tíma ítrekað sýnt sig að búa yfir nægilegum sveigjanleika til að svara breyttum aðstæðum og þörfum beggja samningsaðila. „Ég tel að nú sé að hefjast nýr kafli í samstarfinu, þar sem þessi sveigjanleiki er nýttur. Við vitum ekki nákvæmlega að svo stöddu máli hvernig hið nýja fyrirkomulag mun líta út, en skuldbindingin stendur óhögguð,“ segir hún.

Orrustuþoturnar, sem nú séu á förum, hafi verið góðar til að mæta ógnum kalda stríðsins, en þær séu óhentugar til að mæta ógnum nýrrar aldar, svo sem hryðjuverkum, smygli á hættulegum efnum o.s.frv. Annarra úrræða sé þörf til að mæta ógnum 21. aldarinnar og það sé verkefni viðræðnanna fram undan að festa hönd á því hver þau verði.

**audunn@frettabladid.is**

## UTANRÍKISMÁL

**Norsk-íslensk viðskiptaskrifstofa** Opnuð hefur verið norsk-íslensk viðskiptaskrifstofa. Stjórnarformaður stofunnar verður Bjarni Ármannsson. Gengið var frá stofnun viðskiptaskrifstofunnar í opinberri heimsókn Geirs H. Haarde til Noregs.

## FISKELDI

**Eldisþorski slátrað** Rúmlega 400 tonnum af eldisþorski hefur verið slátrað hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf., frá áramótum eða um 30-40 tonnum á viku, að sögn Þórarins Ólafssonar, sjávarútvegsfræðings.


FABRIKAN 2006

OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN 18. MARS

Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, býður alla velkomna í heimsókn á milli kl. 11 og 16. Kynntu þér aðstöðuna í skólanum og fjölbreytt námsframboð.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is




**GESTUR JÓNSSON OG EINAR ÞÓR SVERRISSON** Verjendur í Baugsmáli bíða dómsuppkvaðningar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Einar Þór Sverrisson, verjandi í Baugsmáli:

# Lögreglu skorti dómgreind í málinu

**BAUGSMÁL** Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar Jónssonar í Baugsmálinu, segir ljóst að framburður Jóns Geralds Sullenberger hafi reynst haldlítill. „Það var bent á það allan tímann hjá Ríkislögreglustjóra að kærandinn bæri þungan hug til ákærðra.

Ákæran var eingöngu byggð á framburði þessa manns. Lítið er gert úr gögnum hans í dómnum. Engu að síður byggist ákæran á framburði þessa manns og húsleitinni í höfuðstöðvum Baugs 28. ágúst 2002. Þetta er áfellisdómur yfir vinnubrögðum lögreglu og ákæruvalds,“ segir Einar Þór.

Hann segir að ákæru- og rannsóknarvald lögreglu sé vandmeðfarið og því eigi að beita af skynsemi og hófsemd. „Mér sýnist að sú dómgreind sem við eigum að krefjast hafi af einhverjum ókunnum ástæðum ekki verið til staðar í þessu máli.“

BAUGSMÁLIÐ

Einar Þór segir að sýknudómurinn komi ekki á óvart, en hörmulegt sé til þess að vita eftir um þrjú og hálft ár að þetta sé það sem eftir standi. „Mér finnst að menn eigi að svara fyrir þetta. Nú er mál að linni,“ segir Einar Þór Sverrisson. **- jh**

Sérfræðingur hjá NUPI:

# Hver sjái um sig sjálfur

**VARNARMÁL** Ákvörðun Bandaríkjamanna er tekin um það að Bandaríkjamenn telji svæðin í norðri ekki lengur hernaðarlega mikilvæg og sitt öryggissjónarmið í norðri afskaplega lágt á forgangslistann. Þetta er mat Ståle Ulriksen, sérfræðings hjá norsku utanríkismálastofnuninni NUPI í Björgvin í Noregi.

„Norðmenn hafa mikinn áhuga á aukinni pólitískri þýðingu svæðanna í norðri og þróuninni í Barentshafi enda er það þýðingarmikið fyrir olíu- og gasvinnsluna. Öryggi á þessu svæði skiptir máli fyrir Bandaríkjamenn með tilliti til sambandsins milli Noregs og Rússlands. Frá norskum sjónarhóli séð þýðir þetta að hver verður að sjá sjálfur um sín öryggismál.“ **- ghs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Innbrot í Keflavík** Tvö innbrot voru tilkynnt til lögreglunnar í Keflavík í morgun. Brotist hafði verið inn í Kertagerðina að Strandgötu 18 í Sandgerði, þaðan sem peningum að upphæð kr. 10.000 var stolið, og í skrifstofuhúsnæði við Vatnsnesveg 14 í Keflavík þaðan sem skjávarpa var stolið.

**Hraðakstur í Keflavík** Þá voru þrír ökumenn kærðir fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunnar í Keflavík auk þess sem nokkrir aðrir ökumenn fengu kærur vegna annarra umferðarlagabrota svo sem fyrir notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar og fyrir að nota ekki bílbelti.

www.toyota.is

# risaSMÁR




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31687 03/2006

## Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.**
**En risaSMÁR er snilld.**
risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.
**Yaris** er ekki stór. Samt hefur hann í mörg ár verið vinsælasti bíll á Íslandi vegna þeirra eiginleika sinna að sameina í einum bíl kosti smábíls og fjölskyldubíls hvað varðar hönnun, búnað og öryggi.
**Yaris** er risaSMÁR.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.

**Verð frá 1.359.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |




Menntamálaráðherra útilokar ekki skólagjöld til að ná markmiðum Háskólans:

# Fleira þarf en ríkisframlög

**MENNTAMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fellst ekki á að Háskóli Íslands hafi skorið eins mikið niður og hægt er, sem er mat margra deildarforseta við skólann. Ýmislegt sé enn hægt að lagfæra í innra starfi og koma þannig til móts við framlög ríkisins til að uppfylla markmið rektors um að koma skólanum í hóp þeirra bestu í heiminum innan tíu ára.

Fram hefur komið hjá Kristínu Ingólfsdóttur, rektor HÍ, að rauntekjur skólans þurfi að hækka um allt að sjötíu prósent til að hann komist í hóp bestu háskóla heims. Eru það um fimm milljarðar króna. Formaður menntamálanefndar Alþingis, Sigurður Kári Kristjánsson, útilokar að ríkið auki framlög sem því nemur næstu árin.

Þorgerður fullyrðir að tölur rektors hafi ekki komið á óvart. „Ég styð heils hugar hugmyndir rektors en vitaskuld er ljóst að fleira verður að koma til ef þetta háleita markmiðið á að nást. Upptaka hóflegra skólagjalda er inni í myndinni en auk þess þarf skólinn að skerpa á sínum málum. Hins vegar erum við á góðri leið. Framlög ríkisins hafa stóraukist síðustu árin og ég tel alveg mögulegt að ná markmiðum skólans ef rétt er á málum haldið.“ - aöe



**HÁSKÓLAREKTOR OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Hægt er að ná markmiðum HÍ að komast í hóp bestu háskóla heimsins en fleira þarf til en bein framlög ríkisins, að sögn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**ROMANO PRODI** Helsti keppinautur Berlusconis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjónvarpseinvígi á Ítalíu:

## Romano Prodi hafði betur

**RÓM, AP** Andstæðingarnir Silvio Berlusconi og Romano Prodi háðu sjónvarpseinvígi á þriðjudagskvöld og þótti vinstrimaðurinn Prodi hafa örlítið betur en hinn hægrisinnaði forsætisráðherra. Ekki þótti samt mikill munur á frammistöðu þeirra.

Kosningar verða haldnar á Ítalíu í næsta mánuði. Í einvíginu, sem stóð í hálfan annan tíma, stærði Berlusconi sig af afrekum síðustu fimm ára en Prodi gagnrýndi bæði efnahagsástandið og víðtæka hagsmunaárekstra forsætisráðherrans. - gb



**VERKAMAÐUR VIÐ STÍFLUNA Í HAFRAHVAMMSGLJÚFRI** Vinna á Kárahnjúkasvæðinu getur oft verið hættuleg og aðstæður þar eru oft á tíðum erfiðar. Eftir banaslysið voru öryggismál endurskoðuð og þykja þau nú í betra horfi en þau voru fyrir slysið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tekist á um ábyrgð á slysi

**Harkalega er deilt um það hver bar ábyrgð á öryggismálum á Kárahnjúkasvæðinu þegar banaslys varð í Hafrahvammsgljúfri. Starfsmenn VIVJ benda á Impregilo en Impregilo ber við vafa á ábyrgð.**

**BANASLYS** Óljóst er hvar sendi Árna Þór Bjarnason, sem lést við vinnu sína í Hafrahvammsgljúfri hinn 15. mars 2004, niður í Hafrahvammsgljúfur. Lögmenn sakborninga hafa deilt um það við aðalmeðferð málsins hver hafi borið ábyrgð á því að öryggismál voru í ólestri á svæðinu þegar slysið varð.

Þess er krafist af hálfu ríkissaksóknara að einstaklingarnir fimm sem ákærðir eru fyrir brot á lögum um hollustuhætti og öryggi á vinnustað verði dæmdir til refsiábyrgðar vegna banaslyssins sem varð í Hafrahvammsgljúfri fyrir rúmum tveimur árum. Þá lést tuttugu og fimm ára gamall maður, Árni Þór Bjarnason, er grjóthnullungur hrundi ofan á hann þar sem hann var við vinnu í gljúfrinu.

Tveir starfsmenn fyrirtækisins VIJV, sem hefur eftirlit með framkvæmdunum á Kárahnjúkasvæðinu, eru ákærðir vegna banaslyssins en þeir hafa greint frá því fyrir dómi að Impregilo hafi ráðið öllu um öryggismál á svæðinu og starfsmenn VIJV starfað eftir reglum sem Impregilo setti.

Lögmenn sakborninga hafa deilt um hver hafi borið raunverulega ábyrgð á öryggismálum á svæðinu. Framkvæmdastjóri Arnarfells, verktakafyrirtækisins sem Árni Þór vann fyrir, greindi frá því fyrir dómi að Impregilo hefði haft „yfirumsjón með öryggi á svæðinu,“ og það sama hafa verkefnisstjórar VIJV gert, sem ákærðir eru. Vitnin í málinu, sem voru vel á annan tug, gátu ekki staðfest með afgerandi hætti hver það væri sem hefði yfirumsjón með öryggismálinu. Starfsmenn á svæðinu staðfestu þó að mikil hætta hefði verið á grjóthruni dagana á undan slysinu, en þá hafði hlýnað snögglega og hætta skapast við gilið eftir að jarðvegur var rakur og laus í sér.

Í öðrum kafla laga um öryggis- og heilbrigðismál innan fyrirtækja segir að „öryggisnefnd skuli skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðu notum.“

Á vinnusvæðinu við Kárahnjúka er algengt að Impregilo sé með fjölda undirverktaka, sem sinna ýmsum verkefnum. Arnarfell var undirverktaki Impregilo þegar slysið átti sér stað og því hafa lögmenn deilt um það hvort yfirverktakinn, Impregilo, eða undirverktakinn, Arnarfell, hafi borið ábyrgð á því að Árni Þór var við vinnu á gljúfrinu þegar það var óöruggt vinnusvæði.

Starfsmenn Impregilo hafa ákveðið að tjá sig ekkert um öryggismál á Kárahnjúkasvæðinu fyrr en þetta mál hefur verið til lykta leitt. Þessu greindi Ómar Valdimarsson, upplýsingafulltrúi Impregilo, frá í gær.

Dómur verður kveðinn upp í málinu innan þriggja vikna.

magnush@frettabladid.is

AÐALFUNDUR
ATORKU GROUP HF.

Aðalfundur Atorku Group hf. verður haldinn föstudaginn 24. mars 2006 kl. 16:00 á Nordica Hótel, sal F og G.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.
3. Staðfesting ársreiknings.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með afkomu félagsins á liðnu reikningsári.
6. Tillaga um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum félagsins.
7. Kosning stjórnar félagsins skv. 17. grein samþykkta.
8. Kosning endurskoðanda félagsins skv. 24. grein samþykkta.
9. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en átta dögum fyrir aðalfund. Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðanda liggja frammi á skrifstofu félagsins að Laugavegi 182, Reykjavík, hluthöfum til sýnis, sjö dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Stjórn Atorku Group hf.

ATORKA


USA dagar
LEIÐIN LIGGUR Í BÍLDSHÖFÐA 9 - DAGANA 17.-25. MARS
NITRO
VENTO vespur frá USA í miklu úrvali
WEATHERTECH
mottur fyrir bíla
TRUE FLOW
hágæðaloftsíur
UNDERCOVER
níðsterk lok fyrir flestar gerðir pallbíla
GOLIGHT
leitarljós m/fjarstýringu
ÁLFELGUR FRÁ USA
til sýnis í verslun
FILTERMAG
segull á olíusíur
PCI geymslukassar af mörgum stærðum og gerðum fyrir flestar gerðir pallbíla.
Ölgerðin býður upp á Pepsí
Stjörnu POPP
Stjörnupopp gefur öllum popp
BAKARÍIÐ AUSTURVER
Bakaríið Austurver með ilmandi nýja Donuts
Bílanaust
Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík • Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is
DANA SPICER
PCi
FEDERAL MOGUL
FILTERMAG
Autolite
WeatherTech
TRUE FLOW



**HERMAÐUR GUÐANNA** Hola mohalla, ein helsta trúarhátíð síkha á Indlandi, var haldin í gær. Fjölmargir síkhar komu saman í Nandpur Sahib á Norður-Indlandi og héldu daginn hátíðlegan. Meðal annars sýndu bardagamenn listir sínar á hestbaki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjálparstarf kirkjunnar vill að ríkissjóður endurgreiði:

# Hirðir skatt af neyðarhjálp til Pakistan

**NEYÐARSTARF** „Það er afar dapurlegt til þess að vita að fjármagn sem gæti nýst afar bágstöddu fólki úti í heimi endi í ríkiskassanum í formi skattekna,“ segir Jónas Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.

Fulltrúaráð Hjálparstarfsins hefur óskað eftir því við stjórnvöld að þau endurgreiði þær tvær milljónir króna sem til ríkisins fóru í formi skatta af tekjum sem aflað var vegna sölu á geisladisknum Hjálpum þeim.

Þær átta milljónir króna sem eftir stóðu af söfnunarfénu runnu til bágstaddra eftir jarðskjálftann stóra í Pakistan í haust.

Jónas bendir sérstaklega á að allir þeir fjölmörgu sem að útgáfu disksins komu hafi gefið vinnu sína og borið jafnvel sjálfir einhvern kostnað af. „Ég vil sjá að ríkið skili þessum peningum enda munar um þá, sérstaklega þegar haft er í huga að ríkið á sínum tíma veitti engu fé úr neyðarsjóðum til Hjálparstarfs kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Það að auki hefur Alþingi svipt okkur styrk til innanlandsaðstoðar til hjálpar einstaklingum og fjölskyldum.“ - aöe




**GEISLADISKURINN HJÁLPUM ÞEIM** Allir sem að gerð hans komu gáfu vinnu sína nema stjórnvöld.

Flugfélagið Emirates:

# Ekki til Kaupmannahafnar

**DANMÖRK** Emirates-flugfélagið hefur hætt áformum um flug milli Kaupmannahafnar og Dubai næsta haust. Er ástæðan talin vera ástandið vegna Múhameðsteikninganna, segir í frétt Berlingske tidende í gær. Höfuðstöðvar Emirates eru í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Flugfélagið ráðgerði að fljúga fjórum sinnum í viku á milli borganna og höfðu bókanir gengið vel, samkvæmt fréttinni.

Blaðafulltrúi Kastrup-flugvallar sagðist vonast til að flugfélagið myndi þrátt fyrir þetta hefja flug innan skamms til Danmerkur. ■








**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA OG GEIR H. HAARDE UTANRÍKISRÁÐHERRA** Halldór og Geir vilja hraða viðræðum við Bandaríkjamenn um framtíðarvarnir landsins. Náist ekki samningar um varnarbúnað í stað þess sem fer er gildi varnarsamningsins frá 1951 lítið sem ekkert, að mati Geirs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Krefjast þess að Bush svari

**Ríkisstjórnin ætlar áfram að ræða varnir landsins á grundvelli varnarsamningsins við Bandaríkin. Tilboð um aukna þátttöku í verkefnum Varnarliðsins fela í sér allt að tveggja milljarða útgjaldaauka.**

**VARNARMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur ritað George W. Bush Bandaríkjaforseta bréf og óskað eftir nánari útlistun af hálfu Bandaríkjastjórnar og hugmyndum Bandaríkjamanna um framtíðarvarnir Íslands.

Þetta kom fram í máli Halldórs á Alþingi í gær þar sem rædd var skýrsla Geirs H. Haarde utanríkisráðherra um varnarviðræðurnar við Bandaríkjamenn. „Þeir hafa lengi haldið því fram að það væri hægt að tryggja (framtíðarvarnir) með öðrum hætti en hafa aldrei kveðið skýrt á um það.“

Halldór sagði að ákvörðun Bandaríkjastjórnar fæli í sér þáttaskil og snerti öryggi á Norður-Atlantshafi. Því hefði hann gert framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins grein fyrir stöðu mála. „Framkvæmdastjórinn mun eiga á mánudagsmorgun fund með Bandaríkjaforseta og hann mun að minni beiðni taka þetta mál upp enda snertir það ekki eingöngu Íslendinga. Það snertir allt Atlantshafsbandalagið og því er eðlilegt að við ræðum þetta mál á vettvangi þess.“

Í skýrslu sinni um varnarviðræðurnar sagði Geir H. Haarde að fyrir hefði legið um árabil að í Bandaríkjastjórn stæði vilji til að flytja orrustuvélarnar þangað sem meiri þörf væri fyrir þær en bjóða í staðinn upp á varnarviðbúnað af öðru tagi sem betur hentaði breyttum aðstæðum og nýjum tímum. „Verkefnið framundan er þess vegna að freista þess að ná samningum um slík atriði og það sem fyrst. Ella verður gildi varnarsamningsins frá 1951 lítið sem ekkert.“

Utanríkisráðherra gerði grein fyrir einstökum samningsatriðum og tilboðum Íslendinga um að taka í auknum mæli við rekstri og verkefnum sem hafa verið í höndum varnarliðsins. „Heildarkostnaður Íslands vegna þessa og áðurnefndra tillagna Íslands gæti numið að talið er einum og hálfum til tveimur milljörðum króna á ári. Það yrði til viðbótar nokkur hundruð milljónum sem við greiðum nú þegar árlega vegna starfsemi Keflavíkurflugvallar.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kvaðst í umræðunum ætla að leggja fram nýtt frumvarp á yfirstandandi þingi um aukið hlutverk Landhelgisgæslunnar. Þá væri að vænta frumvarps um breytingar á almannavörnum í vor eða næsta haust.

johannh@frettabladid.is







## Nýtt Nesti

Komdu við í Nesti því nú bjóðum við enn meira úrval af hollum og ferskum skyndiréttum, samlokum, nýbökuðu brauði, bakkelsi og ilmandi kaffi. Sæktu þér orku í dagsins önn eða komdu við á leiðinni heim og náðu í það sem upp á vantar.

**Nesti – Fyrir fólk á ferðinni**

**Fossvogur - Ártúnshöfði - Háholt - Borgartún - Stórihjalli - Lækjargata, Hafnarfirði - Geirsgata - Gagnvegur - Selfoss**

Nesti
Á ESSO STÖÐINNI



**SYRGIR FALLINN GÍSL** Ann Johnson fellur á kné að lokinni minningarathöfn í Virginíu í Bandaríkjunum, sem haldin var á miðvikudag um Tom Fox, bandarískan gísl sem fannst látinn í Írak í síðustu viku. Hann var tekinn í gíslingu í nóvember ásamt þremur öðrum friðarsinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Svavar Gestsson sendiherra bregst við skrifum danskra blaða um Íslendinga:

# Skammar Dani fyrir óvild

**DANMÖRK** Svavar Gestsson, sendiherra Íslands í Danmörku, skrifaði grein í danska viðskiptablaðið Börsen í gær þar sem hann gagnrýndi fyrirsögnina „Risikabel islandsk infiltration“ sem má kannski útleggja sem „Áhættusöm íslensk árás“. Greinin fjallaði um viðskipti íslenskra athafnamanna í Danmörku og birtist hún 10. mars.

Svavar bendir á að íslenskir fjárfestar hafi fengið mikla athygli í dönskum blöðum og það sé vel en steininn hafi tekið úr þegar fyrirsögnin birtist. Hann bendir á að infiltration þýði árásaraðferð þar sem fulltrúar óvinarins smjúga leynilega á bak við víglínuna til að koma þar á óvart og vinna skemmdarverk.



**SVAVAR GESTSSON** Sendiherra í Danmörku. PRESSEN BILD/FRED

Svavar spyr meðal annars hvort Íslendingar séu áhættusamir og hvort þeir séu að blanda sér í danskan efnahag. „Er nauðsynlegt að loka Danmörku fyrir Íslendingum? Hvað á þessi tónn að þýða? Eru íslensk fyrirtæki vond vegna þess að þetta eru Íslendingar? Er hættulegt fyrir dönsk fyrirtæki að hafa Íslendinga í stjórnum fyrirtækja af því að þeir eru Íslendingar?“

Svavar segir að ekkert gruggugt sé á bak við tjöldin hjá Íslendingunum og frábiðir sér að danskir fjölmiðlar noti orðið „infiltration“. Íslendingar eigi það hreinlega ekki skilið. - ghs

Greiningardeild ABN Amro:

# Segir bankana standa vel

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild hollenska bankans ABN Amro segir fjármögnun íslensku bankanna trausta og greiðslugetu næga.

Í nýju áliti fjallar deildin sérstaklega um Kaupþing banka og kemur fram að bankinn þurfi ekki að leita frekar inn á skuldabréfamarkað í Evrópu í ár til að fjármagna starfsemi sína. Lokið hafi verið við að fjármagna 900 milljónir af 1,3 milljarða evra endurfjármögnunarþörf ársins.

Deildin mælir þó með álagi á skuldabréf bankanna sem nemur 35 punktum fyrir Glitni, 45 punktum fyrir Landsbanka og 50 punktum fyrir Kaupþing banka. - óká

Lestarstöð í Stokkhólmi:

# Stelpugengi ræðst á konur

**SVÍÞJÓÐ** Stokkhólmsbúar óttast margir hverjir að taka neðanjarðarlest í Stokkhólmi þessar vikurnar því að stelpugengi hefur setið fyrir konum á einni lestarlínunni og gengið í skrokk á þeim, að sögn vefútgáfu Aftonbladet.

Lögregla hefur nú myndband sem sýnir stelpurnar ráðast á konur en henni hefur ekki tekist að hafa hendur í hári neinnar þeirra. Stelpurnar eru 13-16 ára og þeim er lýst sem einstaklega ofbeldisfullum og tillitslausum. - ghs

## GRIKKLAND

**Sonur ákærður** Rúmlega þrítugur Breti var á mánudag ákærður í Grikklandi fyrir aðild að morði foreldra sinna. Fólkið fannst kyrkt og stungið til bana á heimili sínu á Krít á sunnudag. Engin ummerki um innbrot var að finna, að sögn lögreglu.

Fimm milljóna styrkur frá Straumi-Burðarási:

# Vilja heiðra Vigdísi

**MENNINGARMÁL** Straumur-Burðarás mun næstu fjögur árin veita Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fimm milljón króna framlag árlega. Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums-Burðaráss, Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, og Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samning þess efnis í gær.

„Við viljum fyrst og fremst heiðra Vigdísi en okkur þykir hún og hennar starf afar merkilegt,“ segir Þórður Már. „Straumur-Burðarás starfar á alþjóðlegum markaði og því gegna tungumál og menningarlæsi stóru hlutverki hjá okkur og það fer því vel á því að við styðjum við starfsemi stofnunarinnar. Svo lítum við þannig á að okkur beri að leggja okkar af mörkum til samfélagsins þegar vel árar,“ segir hann.

Í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur er lagt allt kapp á að efla stofnunina sem miðstöð rannsókna í erlendum tungumálum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og þjóðfélagið í heild. - jse



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums-Burðaráss, og Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, handsala hér samninginn og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, kætist með þeim.



**ÖRVÆNTING** Myfanwy Marshall, unnusta eins mannanna sem veiktust hastarlega í lyfjatilraun í London. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Heilsutjón af völdum lyfs

**Tilraun með lyf endaði með ósköpum í London á miðvikudag. Tveir þeirra sex sem veiktust eru í lífshættu en hinir fjórir munu á batavegi.**

**LONDON, AP** Sex menn eru enn alvarlega veikir eftir að hafa tekið þátt í lyfjatilraun í Englandi. Fjórir þeirra hafa þó sýnt batamerki.

„Hinir tveir eru enn í lífshættu og það gæti liðið nokkur tími áður en ástand þeirra breytist verulega,“ segir Ganesh Suntharalingham, læknaforstjóri á gjörgæsludeild Northwick Park sjúkrahússins í London.

Reste Khan, annar tveggja manna sem fengu lyfleysu í tilrauninni, sagði að mennirnir sex hefðu veikst innan fárra mínútna frá því þeir fengu lyfið. „Allir voru stöðugt að æla,“ sagði hann í viðtali sem sýnt var á sjónvarpsstöðinni Sky News í gær. „Þeir féllu í yfirlið og komust aftur til meðvitundar. Ég býst við að þeir hafi verið með höfuðverk vegna þess að margir þeirra héldu um höfuðið,“ sagði hann og bætti því við að einn mannanna hefði hrópað upp yfir sig og kvartað undan verkjum.

Suntharalingham taldi þó hugsanlegt að engin varanleg áhrif yrðu af hinum miklu bólgum sem hrjáð hafa mennina sex.

„Sum einkennin eru þau sömu og við sjáum hér á gjörgæsludeildinni í tengslum við önnur veikindi. Til dæmis þurfa þessir menn mikinn vökva og ein afleiðing þess er alvarlegar en tímabundnar bólgur,“ sagði hann. „Það er erfitt fyrir aðstandendur að horfa upp á þetta en þetta fer þegar bati kemur og hefur engin varanleg áhrif.“

Mennirnir sex fengu skammt af TGN1414, lyfi sem ætlað er til notkunar gegn sjálfsofnæmi, bólgum og hvítblæði. Dr. Thomas Hanke, yfirmaður hjá lyfjafyrirtækinu TeGenero, sem framleiðir lyfið, sagði á miðvikudag að TGN1412 hefði ekki valdið neinum erfiðleikum við fyrri tilraunir.

Í yfirlýsingu frá lyfjafyrirtækinu Paraxel, sem hafði umsjón með tilrauninni, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem lyfið er prófað á mönnum.

gudsteinn@frettabladid.is




Dómari frestar réttarhöldum yfir Moussaoui:

# Vitnin eru vanhæf

**BANDARÍKIN, AP** Saksóknari í réttarhöldunum yfir hryðjuverkamanninum Zacharias Moussaoui segir það hreina tímasóun að halda réttarhöldunum áfram eftir að dómarinn komst að þeirri niðurstöðu að mörg helstu vitni hins opinbera gætu ekki borið vitni.

Dómarinn komst að þessari niðurstöðu eftir að sækjendur í málinu höfðu reynt að hafa áhrif á framburð vitnanna.

Dómarinn ákvað í gær að fresta réttarhöldunum fram á mánudag til þess að gefa sækjendum færi á að bregðast við stöðunni. - gb



**FRÁ RÉTTARHÖLDUNUM** Zacharias Moussaoui hefur viðurkennt að hafa ætlað að fremja hryðjuverk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkamsárás og eignarspjöll:

# Gert að greiða 140 þúsund

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur fyrir líkamsárás og eignaspjöll. Hann á að greiða sextíu þúsund krónur til ríkissjóðs innan fjögurra vikna ella sitja inni í sex daga.

Maðurinn henti Sony-farsíma annars manns í jörðina og nam tjónið á símanum tæpum 3.600 krónum. Hann réðst því næst á eigandann og sló hann nokkur hnefahögg í andlitið. Sá hlaut mar og yfirborðsáverka á andliti og krafðist í fyrstu skaðabóta en féll svo frá því. Auk sextíu þúsund krónanna þarf hinn dæmdi að greiða málsvarnarlaun og annan sakarkostnað, rúm áttatíu þúsund. - gag

Hæstir vextir hérlendis vegna yfirdráttar- og bílalána:

# Ekki við íslensku bankana að sakast

**NEYTENDUR** „Að mínu viti er ekki við íslensku bankana að sakast í þessum efnum heldur er ástæðan meira sá gjaldmiðill sem við notum og það efnahagsumhverfi sem hér hefur ríkt undanfarin ár,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Samkvæmt nýrri skýrslu um kostnað viðskiptavina í hinu norræna bankakerfi hallar verulega á íslenska neytendur þegar kemur að gjaldtöku vegna yfirdráttar- og bílalána. Á það reyndar einnig við vegna húsnæðislána og eru kjör viðskiptavina íslensku bankanna lökust í öllum þessum flokkum.

Sem dæmi eru vextir íslenskra banka vegna yfirdráttar frá 16 prósentum til 18,90 prósenta meðan vextir yfirdráttarlána í Danmörku er frá 4,75 prósentum til 7 prósenta. Sé litið til bílalána eru lægstu vextir hér á landi 7,71 prósent meðan lægstu vextir á hinum Norðurlöndunum eru frá 3,70 til 4,95 prósentum.

Gísli Tryggvason, umboðsmaður neytenda, segir þetta staðfesta það sem margir hafi haldið fram. „Bankaþjónusta á Íslandi er mjög dýr í samanburði við hin Norðurlöndin og vekur upp spurningar um hvort samkeppni sé næg og hvort gjaldmiðillinn hafi þarna áhrif.“ - aöe



**BÍLASALA** Samkvæmt nýrri skýrslu hallar verulega á íslenska neytendur þegar kemur að yfirdráttar- og bílalánum.



**TEIKNIMYNDAFÍGÚRUR** Leikarinn sem leikið hefur rödd Kokksins í South Park teiknimyndseríunni er hættur því starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ósáttur við trúarbragðagrín:

# Hættur að tala fyrir kokkinn

**BANDARÍKIN, AP** Söngvarinn Isaac Hayes hefur ákveðið að hætta að leika rödd Kokksins í South Park teiknimyndunum, því hann er mótfallinn „óviðeigandi spotti“ teiknimyndahöfundanna á trúarbrögðum og finnst gengið of langt í háðsádeilum á trúarbrögð.

Hayes hefur leikið kvennabósann og kokkinn í mötuneyti barnaskólans í teiknimyndinni síðan árið 1997.

Einn af höfundum South Park, Matt Stone, var afar harðorður við fréttamenn varðandi uppsögnina. Hann sagði Hayes hafa leikið í fjölmörgum þáttum sem gerðu grín að kristinni trú, en hafa ekkert séð athugavert við það þar til þátturinn tók fyrir kirkjuna sem Hayes sækir. - smk



**FRÁ LEIKSKÓLANUM HULDUBERGI** Þessir hressu krakkar hafa fengið marga nýja leikfélaga með stækkun leikskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNHILDUR

Hulduberg í Mosfellsbæ:

# Tvær nýjar leikskóladeildir

**LEIKSKÓLAR** Við leikskólann Hulduberg í Mosfellsbæ voru tvær leikskóladeildir teknar í notkun nýlega. Hulduberg getur nú vistað 142 börn samtímis í sex leikskóladeildum. Að auki er í Huldubergi fimm ára leikskóladeild sem er starfrækt í samstarfi við Lágafellsskóla.

Hulduberg leggur áherslu á að vera vistvænn leikskóli. Um þessar mundir sækist leikskólinn eftir Grænfánanum, sem er alþjóðlegt verkefni í umhverfismálum leik- og grunnskóla. Starfsmenn í Huldubergi eru um fjörutíu talsins og leikskólastýra er Þuríður Stefánsdóttir. - shá

## ÞÝSKALAND

**Læknar í verkfall** Læknar við opinber sjúkrahús í Þýskalandi hafa samþykkt með 98 prósentum atkvæða að fara í verkfall til þess að knýja fram kröfur sínar um hærri laun og takmarkanir á vinnutíma.





BOSTON
BALTIMORE / WASHINGTON
34.900* KR.
MINNEAPOLIS 39.900* KR.

Ferðatímabil: 15. apríl–12. júní (síðasta heimkoma).
Sölutímabil: 17. mars–24. mars.
20% afsláttur fyrir börn yngri en 12 ára.
Takmarkað sætaframboð.
*Innifalið: flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA

VILDARPUNKTAR

Þessi ferð gefur 4.200 til 5.000 vildarpunkta.

ICELANDAIR
www.icelandair.is

Tilboð í viku 11 gilda til sunnudags
eða á meðan birgðir endast

# -og hér koma

## Ekkert bað án BOMBU!

BAÐBOMBA 189 KR.
VELJIÐ SJÁLF!

BAÐBOMBUR Í ÚRVALI!

Lífrænt ræktaða Newman's Own salatið

LÍFRÆNT SALAT 289 KR.
142g

NEWMAN'S OWN

Lífræn ræktun!

5 SOKKAPÖR 499 KR.
TRENDYMAN

5 PÖR Í PAKKA
100 KRÓNUR PARIÐ!

TVEIR LÍTRAR 98 KR.
KRISTALL

Vistvæn brún egg

10 EGG 399 KR.
VISTVÆN

10 EGG í bakka

EKKERT BRUÐL

Frábært úr frystinum!

Bónus línuýsa

20 nartstangir fyrir hundinn

NARTSTANGIR 99 KR.
20 STYKKI

FROSIN ÝSUFLÖK 499 kg KR.
ROÐLAUS

FROSIN ÝSUFLÖK 599 kg KR.
ROÐLAUS/BEINLAUS

FROSIN ÝSUFLÖK 399 kg KR.
MEÐ ROÐI

ERAN/Landlist

TÓMATSÓSA 98 KR.
KÍLÓ!

PYLSUSINNEP 79 KR.
500g

Klárt fyrir kvöldið!

BÓNUS PYLSUR 479 kg KR.
Merkt verð 599 KR.

LIPTONS ÍSTE 49 KR.
500 ml

PRINGLES 98 KR.
SALSA

STEIKTUR LAUKUR 59 KR.
200g

PRINGLES 98 KR.
BAUKUR

EURO SHOPPER



Bónustilboðin!
Lífrænt ræktaðar Newman's Own gulrætur
EKKERT BRUÐL
NEWMAN'S OWN
LÍFRÆNAR GULRÆTUR
259 KR.
454g
Lífræn ræktun!
Nýsjálenska frosna NAUTALUNDIN
FROSNAR NAUTALUNDIR
2299 kg KR.
Ferskir bitar
FERSKIR VÆNGIR
139 kg KR.
Merkt verð 199 KR.
FERSKIR LEGGIR
349 kg KR.
Merkt verð 349 KR.
FERSK LÆRI
349 kg KR.
Merkt verð 499 KR.
Nýtt kortatímabil!
30% afsláttur við kassann
KRYDDAÐ LAMBALÆRI
998 kg KR.
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1279 KR.
900g poki
ALI HAMBORGARHRYGGUR
1049 kg KR.
Merkt verð 1498 KR.
Bónus lambalæri
Dönsku frosnu kjúklingabringurnar komnar aftur!
Ali
HAMBORGARHRYGGUR
ÚRVALS FRAMLEIÐSLA FRÁ ALI
ÚRVALS RÆKJA
ÚRVALS RÆKJA
599 kg KR.
SPÆNSKAR, STÓRAR OG SAFARÍKAR APPELSÍNUR
APPELSÍNUR
89 KR.
KÍLÓVERÐ
www.bonus.is
BÓNUS



**RISAEÐLUEGG** Tamas Kapitany, steinasali frá Ástralíu, viðurkenndi fyrir rétti í Bandaríkjunum að hafa ólöglega flutt hundruð steingervinga af risaeðlueggjum frá Kína til Bandaríkjanna. Þar hugðist hann selja þau á sýningum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna á Íslandi:

# Fær tífalt meira frá ríkinu

**STJÓRNSÝSLA** Geir H. Haarde utanríkisráðherra tilkynnti í síðustu viku um framlög íslenskra stjórnvalda til UNIFEM, Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, fyrir árið 2006. Framlagið nú nemur 35 milljónum króna, sem er ríflega tíföldun frá árinu 2004 þegar framlög námu um þremur milljónum króna.

Fénu er skipt á milli verkefna UNIFEM á Balkanskaga og í Afganistan, starfs gegn kynbundnu ofbeldi, almennrar starfsemi sjóðsins og starfsemi landsnefndar UNIFEM á Íslandi. Stærsta framlagið rennur til svæðisáætlunar sjóðsins á Balkanskaga, sem friðargæslan styrkir einnig sérstaklega með því að kosta stöðu jafnréttissérfræðings.

Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, segir að auðvitað sé þetta fjárframlag mikið gleðiefni. Sjóðurinn sé einn sá minnsti á vegum SÞ en vinni gríðarlega mikið og árangursríkt starf í þágu kynjajafnréttis og þróunar í heiminum. Birna segir þetta merki um aukinn skilning á mikilvægi málaflokksins og koma á góðum tíma því nú sé hægt að fylgja eftir verkefnum sem studd hafi verið í nokkurn tíma. Með þessu sannist tiltrú okkar Íslendinga á góðum störfum sjóðsins. - shá



**BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTÝRA UNIFEM Á ÍSLANDI** Segir framlag utanríkisráðuneytisins mikið gleðiefni og viðurkenningu á störfum sjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vandræði á Kanaríeyjum:

## Flóttamannabúðir fullar

**SPÁNN** Ófremdarástand hefur skapast í flóttamannabúðum á Kanaríeyjum en fjöldi þeirra sem þar bíða þess að verða sendir til síns heima eykst dag frá degi.

Vart líður dagur án þess að spænska strandgæslan stöðvi báta í landhelgi Spánar sem fullir eru af fólki frá Afríku sem dreymir um betra líf í Evrópu. Ekki er nægt pláss fyrir allt fólkið í þeim búðum sem settar hafa verið upp og hefur lögregla þurft að flytja fólk frá Kanaríeyjum upp á meginlandið. Tugþúsundir bíða þess að verða flutt til baka en fjöldinn er meiri en stjórnvöld ráða við. - aöe

Fjármál Háskólans á Akureyri:

## Lægri leiga er lausn vandans

**FJÁRHAGSVANDI** Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir ríkisvaldið vinna að varanlegri lausn á fjárhagsvanda Háskólans á Akureyri og niðurstöðu sé að vænta á næstu dögum.



**ÞORSTEINN GUNNARSSON**

Há leiga á húsnæði skólans á Borgum hefur reynst skólanum fjárhagslegur dragbítur undanfarin ár og segir Þorsteinn að tekið verði tillit til þess við lausn fjárhagsvandans. - kk

## DÓMSMÁL

**Fangavörður fær veikindi skráð** Fangavörður sem meiddist á læri í sumarfríi sínu og mætti ekki til vinnu fyrr en hann hafði jafnað sig fékk ákvörðun fangelsisyfirvalda um að draga veikindafríið frá orlofsdögum hans hnekkt. Hann fór með málið fyrir dóm og fékk 300 þúsund greiddar í málskostnað frá Fangelsisstofnun ríkisins og átta vaktir sem hann mætti ekki á greiddar.

## BANDARÍKIN

**Reynir við nýtt met** Ævintýramaðurinn Steve Fossett hélt á mánudag af stað á flugvél sinni frá flugvelli í Bandaríkjunum og vonast til þess að slá enn eitt metið í langflugi.



**KVENMANNSLAUSIR** Margir erlendir karlmenn starfa við byggingu álversins í Reyðarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Karlmenn fleiri í Fjarðabyggð:

## Kvenmannsleysi í bænum

**ÍBÚAÞRÓUN** Karlmönnum í Fjarðabyggð fjölgaði um 689 í fyrra, samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Á sama tíma fjölgaði konum um 41 og í árslok voru karlarnir hátt í fimmtíu prósentum fleiri en konurnar í sveitarfélaginu. Skýringin er að þorri starfsmanna Bechtel, sem byggir álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, er karlmenn og margir þeirra af erlendu bergi brotnir.

Alls voru 3.907 einstaklingar skráðir til heimilis í Fjarðabyggð í fyrra. Þar af voru 2.332 karlar en einungis 1.575 konur. - kk

## LÖGREGLUFRÉTT

**Skemmdarverk á bílum** Skemmdarverk voru unnin á tveimur bílum á Selfossi og í Hveragerði í fyrrakvöld. Rúður voru brotnar í öðrum bílnum en hinn er lítillega beyglaður og rispaður eftir barsmíðar. Ekki er vitað hverjir voru að verki en lögreglan á Selfossi vinnur nú að rannsókn málsins.

# Kjör sjómanna á togurum versna

**Laun sjómanna á frystitogurum eru gjörbreytt frá því sem var fyrir fimm árum. Gengi Bandaríkjadals hefur lækkað um helming og launin þar með. Fyrir fimm árum börðust menn fyrir plássi. Nú er erfitt að fullmanna skipin.**

**VINNUMARKAÐUR** Kjör sjómanna á frystitogurum hafa gjörbreyst á síðustu fimm árum. Hlutur sjómanns, sem byggist á gengi Bandaríkjadas, gefur sífellt minna. Hlutur sem seldur var í lok nóvember 2001 þegar Bandaríkjadalur jafngilti 110,39 íslenskum krónum, gefur svolítið annað í aðra hönd en hlutur sem byggist á genginu 84,97 í ágúst 2002, 76,98 í febrúar 2003, 68,5 í febrúar 2004 eða 58,45 17. mars 2005.

Hrafn Leifsson er háseti á frystitogaranum Gnúpi sem Þorbjörn-Fiskanes gerir út. Hrafn lauk námi í Kennaraháskólanum en kenndi aðeins í tvö ár þar sem kennaralaunin voru svo lág. Hann hóf störf sem háseti á Gnúpi í október 2001.

„Fljótlega eftir að ég byrjaði fór gengi dollarans upp í tæpar 112 krónur. Það var fínt. Svo hefur það fallið niður í rúmlega fimmtíu krónur og kjör okkar sjómanna sveiflast með eftir því á hvaða markaði og í hvaða gjaldmiðli við seljum fiskinn,“ segir hann.

Sjómennirnir fylgjast með aflaverðmætinu um borð og sjá því hvernig það sveiflast eftir genginu. „Aflaverðmætið hefur stundum lækkað um tugi milljóna á landstíminu eftir því hvernig gengið hefur breyst,“ segir Hrafn og bendir á að mokfiskerí hafi litlu skipt þegar gengið var sem lægst, sjómennirnir hafi ekki náð svipuðum aflahlut og var fyrir fimm árum.

Hrafn telur að útgerðarfyrirtækið hafi reynt að stýra sölunni yfir í aðra gjaldmiðla eftir að dollarinn fór að lækka og segir það hafi aðeins bætt stöðuna en hátt olíuverð hafi hins vegar verið sjómönnum óhagstætt.

Þá bætir ekki úr skák að flótti hefur verið úr sjómannastéttinni síðustu ár, að mati Hrafns. Hann telur að sú umræða hafi farið að magnast á síðustu árum að það væri nóg að gera í landi og minnkandi tekjur á sjónum. Pláss hafi verið umsetin fyrir fimm árum en nú séu vandkvæði að manna skipin.

„Það er erfitt að fá vana menn og mikið af óvönum mönnum að koma inn. Það má segja að sjómenn vinni meiri vinnu fyrir minni peninga. Það hefur verið hálfgert vandræðaástand að manna skipin og meiri vinna lendir á þeim sem fyrir eru meðan verið er að skóla þá nýju til.“

ghs@frettabladid.is



**HRAFN LEIFSSON SJÓMAÐUR** „Aflaverðmætið hefur stundum lækkað um tugi milljóna á landstíminu eftir því hvernig gengið hefur breyst,“ segir Hrafn, sem hér skoðar launaseðlana sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Útgerðarstjóri í Grindavík:

## Afurðaverð í hámarki

**GENGIÐ** Sterk króna hefur lækkað afurðaverð í íslenskum krónum síðustu ár en á móti kemur að verð á afurðum hefur verið að styrkjast og er jafnvel í sögulegu hámarki.

Þetta er mat Eiríks Dagbjartssonar, útgerðarstjóra hjá Þorbirni Fiskanesi. „Þetta háa verð hefur tekið af okkur versta höggið meðan krónan hefur verið svo sterk,“ segir hann.

Laun sjómanna á frystitogurum eru að 95 prósentum tengd við gengi erlendra gjaldmiðla á löndunardegi. - ghs

**AFLAVERÐMÆTI GNÚPS 2002-2006**

| Ár | Aflamagn í tonnum | Verðmæti í ísl. krónum |
|---|---|---|
| **2002** | 5.077 | 640.000.000 |
| **2003** | 5.700 | 635.000.000 |
| **2004** | 5.500 | 571.000.000 |
| **2005** | 5.450 | 660.000.000 |





hagstæðustu heildarinnkaupin
verið velkomin
ÍSFUGL
40%
afsláttur við kassa
Verð nú 389 kr/kg
Ísfugl heill ferskur kjúklingur
1.299 kr.pk
Danskar kjúklingabringur 900gr.
GOÐI -alltaf góður
afsláttur v/kassa
600 kr.pr.kg
Gourmet villikryddað lambalæri
30%
afsláttur við kassa
Verð nú 879 kr/kg
BK Bayonneskinka
GOÐI -alltaf góður
269 kr.pk.
Grillborgarar 4 stk
X-tra
129 kr.pk.
X-tra franskar 1kg.
99 kr.pk.
X-tra hvítlauksbrauð
Ný og betri ORKA
ORKA
Egils ORKA
risapizzur
McCain
Rising Crust Pizza
Pizza croûte maison
DELUXE
PEPPERONI
389 kr.stk.
McCain risapizzur
HER & NÚ / SÍA
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími á meðan birgðir endast.
Nýtt kortatímabil hófst 16. mars
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

## „ORÐRÉTT“

*Hreinskilinn*

**„Mitt hlutverk er að reyna að sannfæra dóminn um sekt. Að það skyldi ekki takast er ekki í samræmi við það sem ég ætlaði.“**

SIGURÐUR TÓMAS BJÖRGVINSSON, SAKSÓKNARI Í BAUGSMÁLINU. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Glöggur*

**„Ég tel að hér sé um þáttaskil að ræða í utanríkismálum þjóðarinnar.“**

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA UM BOÐAÐ BROTTHVARF BANDARÍKJAHERS. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR Í STAÐARSKÁLA

# Hrútfirðingurinn rýkur út

„Hér í Hrútafirði er sunnanþeyr og engu líkara en sumarið sé komið,“ segir Bára Guðmundsdóttir eigandi Staðarskála en hún tók sér stundarfrí frá hamborgarabrasi til að spjalla við Fréttablaðið.

„En sumarið er annasamt hér og þá þrefaldast starfsmannafjöldinn hérna. En þetta er líka búin að vera nokkuð góð umferð hérna í vetur.“ Aðspurð um hvaða krásum hún státi sér mest af í Staðarskála segir Bára: „Hamborgarinn er alltaf jafn vinsæll. Hann hefur verið það alveg frá því við byrjuðum með hann 1960. Ætli það sé ekki orðin hefð hjá fjölmörgum ferðalöngum að fá sér hamborgara þegar þeir taka sér hvíld frá þjóðveginum. Ég myndi segja það að hann sé alltaf að verða vinsælli og vinsælli.

En svo er Hrútfirðingurinn einnig mjög vinsæll, hann er farinn að rjúka út en við höfum boðið upp á hann í nokkur ár. Hrútfirðingur



BÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR

er pítubrauð með beikoni, grænmeti, osti, sveppum, lauk og sinnepsósu. Við köllum þetta Hrútfirðing aðeins vegna þess að við erum í Hrútafirði, það er engin frekari tenging við þetta en það. Svo erum við náttúrlega með ótal tegundir af kökum og brauði. Einnig allskonar samlokur.“

En af holdi klæddum Hrútfirðingum hafði Bára minna að segja nema hvað að bændur eru farnir að rýja fé sitt sem er viss vorboði í sveitum.

En nú ætlar Bára að taka sér stutt frí frá því að fæða ferðalanga og leggja sjálf land undir fót. „Ég er að fara til Akureyrar með rútunni og ætla að vera þar um helgina og hitta börnin mín og barnabörn. Maður gerir alltof lítið af því að skreppa svona og hitta sitt fólk. En ég á einnig börn í Reykjavík og svo er eitt hérna hjá mér í Hrútafirði.“

## SJÓNARHÓLL

BROTTFÖR HERSINS



RAGNHEIÐUR HÁKONARDÓTTIR
BÆJARFULLTRÚI Á ÍSAFIRÐI

### *Óttast ekki varnarleysið*

„Nei, í sjálfu sér finnst mér þetta ekkert slæmt. Þetta er bara breyting sem hefur átt sér stað og menn verða að bregðast við,“ segir Ragnheiður Hákonardóttir, leiðsögumaður og bæjarfulltrúi á Ísafirði, um þá staðreynd að bandaríski herinn er á leið úr landi. Ísfirðingar hafa lítið haft að segja af hernum í gegnum árin en ratsjárstöð er í Bolungarvík. Þar hefur starfsfólki fækkað mjög með árunum.

Ragnheiður segir að nú þurfi stjórnvöld að huga að ýmsum innri málum, til dæmis, fyrirkomulagi og rekstri björgunarþyrlusveitarinnar og rekstri flugvallarins á Keflavíkurflugvelli. „Þetta eru bara verkefni sem við stöndum frammi fyrir,“ segir hún.

Og Ragnheiður hefur ekki áhyggjur af vörnum landsins. „Ég hef engar áhyggjur af þeim því hernaðarleg staða þjóðanna er með allt öðrum hætti í dag en var um miðbik síðustu aldar.“

# Benny í Abba á eitt af hundrað glæsilegustu hótelum í heimi

**Benny Andersson sem gerði garðinn frægan með Abba á sínum tíma er eigandi eina hótelsins á Norðurlöndum sem kemst á lista yfir hundrað bestu gististaði heims. Ferðavefurinn tripadvisor.com tók listann saman en hann er byggður á áliti lesenda.**

Benny í Abba á Rival-hótelið við Maríutorg í miðborg Stokkhólms. Það var opnað gestum fyrir tveimur og hálfu ári og þykir glæsilegt í alla staði. Markmið Bennys var að búa svo um hnúta að hótelið hefði sterkan persónuleika og að fólki liði vel þar og langaði að koma aftur og aftur. Sjálfur hefur Benny gist á fjölmörgum hótelum um allan heim og veit því hvað hann syngur.

Fjöldi verslana, smárra og stórra, er í nágrenni hótelsins og leggja Benny og hans fólk talsvert upp úr þeirri staðreynd í markaðssetningu sinni. Er bent á að þægilegt sé að búa á hótelinu ef tilgangur Stokkhólmsheimsóknar er öðrum þræði að versla.

Herbergin eru vel búin og eins og vænta mátti eru hljómflutningstæki



**BENNY ANDERSSON TÓNLISTARMAÐUR OG HÓTELEIGANDI** Hefur gist á hótelum víða um heim og veit hvað þarf svo hótel geti talist gott.

af fullkomnustu tegund í hverju herbergi ásamt stórum sjónvarpstækjum.

Rival-hótelið komst naumlega inn á listann góða, það er í 97. sæti hans. Nótt á Rival kostar frá tæpum 20 þúsund krónum upp í rúmlega 50 þúsund. Mesta glæsihótel veraldar er hins vegar Ritz Carlton-hótelið í Hong Kong. Þykir það bera af í lúxus og fínerii enda var ekkert til sparað þegar það var reist og innréttað. Ólíkt því sem stundum gerist er prjálið þó ekki slíkt að fólki líði illa innan um það.

Ritz Carlton stendur við höfnina í Hong Kong og er útsýnið yfir hana sagt stórbrotið. Skipaferðir eru tíðar og því geta gestir horft á hjól atvinnulífsins snúast.

Utan hefðbundinna herbergja eru fjölmörg lúxusherbergi á hótelinu auk svíta. Lúxusherbergin eru rúmir fjörutíu fermetrar að stærð og aðbúnaður í takt við það. Eins herbergja svíturnar eru 90 fermetrar en stóru svíturnar helmingi stærri.

Eins og gefur að skilja er vandlega búið að gestum Ritz Carlton og þar er allt til alls. Og það kostar sitt að gista á þessu glæsilegasta hóteli heims, að mati lesenda tripadvisor.com, nóttin í ódýrasta herberginu kostar rúmar 60 þúsund krónur.



**SLAPPAÐ AF Á RIVAL Í STOKKHÓLMI** Gott er að láta líða úr sér í þægilegu umhverfi hótelsins eftir rölt um nærliggjandi verslunargötur.

bjorn@frettabladid.is
kristjans@frettabladid.is




# *Ritz Carlton í Hong Kong ber af*

Ekki ætti að væsa um gesti Ritz Carlton-hótelsins í Hong Kong sem lesendur ferðavefsins tripadvisor.com völdu nýverið glæsilegasta hótel heims. Ekkert er til sparað til að gera dvöl gesta sem ánægjulegasta en vitaskuld þurfa þeir að borga skildinginn fyrir nóttina. Lægsta verð sem er í boði eru um 60 þúsund íslenskar krónur fyrir nóttina og dvöl í fínustu svítunum hleypur líklast til á hundruðum þúsunda.

**MESTU LÚXUSHÓTEL HEIMS**
Að mati lesenda tripadvisor.com

1. Ritz Carlton Hong Kong, Hong Kong
2. Mina A' Salam at Madinat Jumeirah, Dubai
3. DLe Royal Meridien Beach Resort & Spa, Dubai
4. Four Seasons Hotel Gresham Palace, Budapest, Ungverjalandi
5. Hotel Gault, Montreal, Kanada



HEFÐBUNDIÐ HERBERGI MEÐ SJÁVARSÝN



FORSETASVÍTAN ER HLAÐIN ÞÆGINDUM



MINNI SVÍTURNAR ERU LÍKA HUGGULEGAR



EINN SEX VEITINGASALA Á RITZ CARLTON

# Vistvæn brúnegg

## Brúnegg

Það er ekki bara brúni liturinn sem gerir þau öðruvísi en hefðbundin egg heldur eru þau vistvæn og undan brúnum hænum. Hænurnar ganga lausar og eru svokallaðar “free range” hænur, sem hafa frelsi til að vappa um stórt hænsnahús en verpa í sitt eigið hreiður. Það fer því vel um hænurnar og þær eru sælar með tilveruna.






**NÝJUNG!**

**VISTVÆN**
**BRÚN EGG**
**ÚR FRJÁLSUM HÆNUM**

Til að vistvæn vottun fáist er lögð sérstök áhersla á velferð hænsnanna og umhverfistengda þætti við framleiðslu á eggjunum auk þess sem ekki eru notuð óæskileg hjálparefni eða sterar.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Svona erum við**
> Fjöldi berklatilfella á árunum 1997 til 2004




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** BJÖRGUNARSVEIT VARNARLIÐSINS

# *Bjargaði yfir þrjú hundruð frá 1971*

Bandaríkjafloti tók við rekstri björgunarflugvéla og þyrlna á Keflavíkurflugvelli árið 1961 og tók brátt í notkun þyrlur af gerðinni Sikorsky SH-53J „Seabat“. Þyrlur voru ennþá fremur skammdrægar, en langdrægar björgunarflugvélar önnuðust leit á lengri leiðum og vörpuðu björgunarbúnaði til nauðstaddra.

Tíu árum síðar hóf björgunarsveit flughersins, Detachment 14, starfsemi á Keflavíkurflugvelli og olli sú breyting gjörbyltingu í þyrlubjörgun hér á landi. Sveitin var útibú frá björgunarsveit í Bretlandi með þrjár stórar þyrlur af gerðinni Sikorsky HH-3 „Jolly Green Giant“. Langdrægi þessara nýju þyrlna var nánast ótakmarkað þar eð þær gátu tekið eldsneyti á flugi úr björgunarflugvél af Herkúles-gerð sem fylgdi þeim eftir. Det. 14 var gerð að sjálfstæðri flugsveit, 56. björgunarflugsveitinni, árið 1988 og í ársbyrjun 1991 fékk hún nýjar þyrlur af gerðinni Sikorsky HH-56G „Pave Hawk“. Sveitin hafði fyrir ári síðan hlotið viðurkenningu fyrir björgun yfir 310 mannslífa af ýmsu þjóðerni síðan árið 1971. Þar af eru 176 Íslendingar.

Samkvæmt upplýsingum Varnarliðsins er flugvélakostur þess að jafnaði fjórar til sex F-15 orrustuflugvélar sem stendur. Þeim er skipt út á þriggja mánaða fresti vegna hagræðis í viðhaldi, ein eldsneytisbirgðaflugvél sem skipt er um viku- eða hálfsmánaðarlega og fjórar björgunarþyrlur sem hafa fast aðsetur hér á landi. Þyrlubjörgunarsveitin hefur auk þess á að skipa einni varaþyrlu sem fyllir í skarðið er þyrlur sveitarinnar gangast undir stóra viðhaldsskoðun. Þá er allt til reiðu ef fjölga þarf í flugvélaflotanum og aðstaða fyrir útgerð skipa-og kafbátaeftirlitsflugvélar flotans til staðar.

Heimild: Varnarliðið



BJÖRGUNARÞYRLUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

**SPURT & SVARAÐ**

**FASTEIGNAMARKAÐURINN Á AKUREYRI**



ARNAR GUÐMUNDSSON, FASTEIGNASALI

## *Kaupendur gera auknar kröfur*

Fasteignasala á Akureyri hefur verið lífleg undanfarin misseri. Arnar Guðmundsson, fasteignasali á Akureyri, segir góðar eignir seljast fljótt en kaupendur geri auknar kröfur.

**Hverjir eru að kaupa húseignir á Akureyri?** Aðallega eru það Akureyringar sem eru að skipta um húsnæði en einnig er töluvert um að höfuðborgarbúar kaupi hér eða í nágrannasveitarfélögunum sína aðra eign. Síðastliðið eitt og hálft ár hafa fasteignir á Akureyri hækkað að jafnaði um 40 til 50 prósent en dæmi eru um mun meiri hækkanir, jafnvel hátt í 100 prósent.

**Hvernig eignum sækist fólk helst eftir?** Nýjar og nýlegar vandaðar eignir seljast best þessa dagana. Fólk virðist almennt hafa úr töluverðum fjármunum að spila enda aðgengi að lánsfé gott.




# Mikil fækkun flugvéla eftir lok kalda stríðsins

**Flugfloti Bandaríkjahers frá 1952 hefur tekið miklum breytingum frá einum tíma til annars. Staða heimsmála hefur þar ráðið miklu. Eftir lok kalda stríðsins fækkaði mjög í flugflota Bandaríkjahers og nú hefur verið tilkynnt að allar orrustuþotur og björgunarþyrlur hersins verði fluttar af landi brott á komandi hausti.**



F-15 ORRUSTUÞOTA

Loftvarnaviðbúnaður Varnarliðsins hófst með komu 932. ratsjársveitar og 192. orrustuflugsveitar bandaríska flughersins haustið 1952. Flugsveitin var búin eins hreyfils F-51 „Mustang“ flugvélum úr síðari heimsstyrjöld. Fyrstu orrustuþoturnar komu til landsins árið eftir er 82. orrustuflugsveitin tók við loftvörnunum með þotum af gerðinni F-94B „Starfire.“ Liðsmenn 57. orrustuflugsveitarinnar sem flugu tveggja hreyfla þotum af F-89 „Scorpion“-gerð leystu félaga sína af hólmi í nóvember 1954.

### Aukinn viðbúnaður

Flug varnarliðsins var að mestu yfir sjó og varð það því að ráða yfir fljótvirkum og öruggum björgunartækjum ef slys bæri að höndum. Á árunum 1952-1960 starfrækti 53. björgunarsveit flughersins björgunarflugvélar af ýmsum gerðum og þyrlur af gerðinni Sikorsky HH-19 á Keflavíkurflugvelli í þessu skyni. Varnarliðið fékk stórar björgunarþyrlur af gerðinni Sikorsky HH-19 árið 1953. Þegar flug sovéskra herflugvéla jókst árið 1968 hóf flugherinn að gera út sínar eigin ratsjárflugvélar af gerðinni EC-121 á Keflavíkurflugvelli. Þær voru leystar af hólmi í september 1978 af nýjum og byltingarkenndum ratsjárflugvélum af gerðinni E-3A „Sentry“, sem gjarnan eru nefndar AWACS.

### Mikilvægi Íslands

Orrustuþotur Varnarliðsins voru einnig endurnýjaðar á áttunda áratugnum, fyrst með þotum af gerðinni F-4C „Phantom II“ árið 1973 og endurbættri gerð þeirra, F-4E, fimm árum síðar. Frekari endurnýjun átti sér stað árið 1985 er mun öflugri og fullkomnari orrustuþotur af gerðinni F-15C „Eagle“ komu til landsins. Á árunum 1962-1991 flugu liðsmenn 57. orrustuflugsveitarinnar í veg fyrir rúmlega 3.000 sovéskar herflugvélar umhverfis landið – fleiri en allar aðrar flugsveitir bandaríska flughersins samanlagt.

### Hrun Sovétríkjanna

Við hrun Sovétríkjanna var orrustuflugvélum varnarliðsins fækkað úr átján í tólf og rekstri AWACS-ratsjárflugvéla á Keflavíkurflugvelli hætt í júnímánuði árið eftir. Árið 1994 gerðu íslensk og bandarísk stjórnvöld sérstaka bókun við varnarsamninginn sem kvað á um viðbúnað varnarliðsins í ljósi gjörbreytts ástands öryggismála í Evrópu og við Norður-Atlantshaf. Bandaríkin staðfestu skuldbindingar sínar í varnarsamningnum og Íslendingar staðfestu að herlið Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins skyldi áfram staðsett á Íslandi. Orrustuflugvélum skyldi fækkað en að minnsta kosti fjórum þeirra haldið úti á Keflavíkurflugvelli ásamt nauðsynlegum viðbúnaði til virkra loftvarna. Á árunum 1990 til 1996 fækkaði flugvélum varnarliðsins um helming, úr 37 í 18. Sem stendur er flugvélakostur varnarliðsins að jafnaði fjórar til sex F-15 orrustuflugvélar.

### Þyrlusveitin

Bandaríkjafloti tók við rekstri björgunarflugvéla og þyrlna á Keflavíkurflugvelli árið 1961 og tók brátt í notkun þyrlur af gerðinni Sikorsky SH-53J „Seabat“. Tíu árum síðar hóf björgunarsveit flughersins, Detachment 14, starfsemi á Keflavíkurflugvelli og olli sú breyting gjörbyltingu í þyrlubjörgun hér á landi með þrjár stórar þyrlur af gerðinni Sikorsky HH-3 „Jolly Green Giant“. Det. 14 var gerð að sjálfstæðri flugsveit, 56. björgunarflugsveitinni árið 1988 og í ársbyrjun 1991 fékk hún nýjar þyrlur af gerðinni Sikorsky HH-56G „Pave Hawk“. Sveitin hefur hlotið viðurkenningu fyrir björgun yfir 310 mannslífa af mörgum þjóðernum síðan árið 1971. Þar af eru nærri 180 Íslendingar.

HEIMILD: FRIÐÞÓR EYDAL, UPPLÝSINGAFULLTRÚI VARNARLIÐSINS.

**Nettótekjur íslenska hagkerfisins af viðskiptum og þjónustu við varnarliðið**




**HERMENN OG ÍSLENSKIR STARFSMENN VARNARLIÐSINS 1990-2006**






FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

# 30-50% afsláttur

# BAÐ
## INNRÉTTINGAR

MESTA ÚRVAL LANDSINS!
50 uppstilltar innréttingar


Hvítur fulningur í MDF 120 sm nr 12


Carl 2 L 62 x D 53


LES 100x44 sm hnota



Hvítt háglans 140 sm


Eplaviður á MDF 165x48 sm nr 7


SX - 001 L 70 x D 45


NICO 83x50 sm


Hlynur á MDF 102 sm


HVJ 233 L 42 x D 51


Hvít eik á MDF 120 sm nr 29


Hnota á MDF 130 sm nr 24


DORLI 120 x 45 sm



Hvítt háglans 90x48 sm

Allar innréttingar afgreiddar af lager

Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**



# landslag

*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** VINNUSTOFA SIGURBJARGAR EYJÓLFSDÓTTUR

## *Fáir koma en allir fara þeir sælir*

„Voru gæsirnar ódælar við þig? Ja, það var eins gott því fólk á ekki að vera að þvælast þetta án þess að gera boð á undan sér," segir Sigurbjörg Eyjólfsdóttir listakona þegar loks tókst að hafa upp á henni. Hún hafði brugðið sér af bæ þegar blaðamann bar fyrst að en steggurinn hennar sá um viðtökurnar og voru þær óblíðar.

„Hér kemur mikið af ferðamönnum á sumrin en allir streyma þeir í Strandarkirkju og fá sér svo kannski að borða en þeir eru ekki að líta við á vinnustofunni minni. En þeir sem koma eru afar sælir. Þeir spyrja mig jafnan hvort það komi ekki margir ferðamenn til mín og verða alltaf jafn undrandi þegar ég segi þeim svo ekki vera."

Ýmissa grasa kennir í vinnustofunni og þar á meðal er gömul skófla sem Sigurbjörg hefur málað og skreytt. „Ég fæ allskonar hluti upp í hendurnar. Til dæmis skolast ýmislegt upp í



fjöruna." Listakonan hefur búið í fimm ár í Selvogi en átt jörðina í tíu ár. En finnur hún fyrir þessum krafti sem sagður er umleka kirkjuna? „Það er ekki nóg með að ég finni fyrir honum heldur er þetta hreinlega ein paradís, það er ekkert öðruvísi. Enda vilja borgarbúar ólmir fá jörð hérna til að komast úr skarkalanum í friðinn. Ég var lokuð hérna inni í tvær vikur í vetur þegar samgöngur lágu niðri en ég fann ekkert fyrir því að komast ekki í bæinn því mér líður svo vel hérna."

Að svo mæltu er hún kvödd og tekur hún það loforð af blaðamanni að næst geri hann boð á undan sér.

SIGURBJÖRG EYJÓLFSDÓTTIR

**STAÐURINN**

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### *Selvogur*

**Íbúafjöldi:** 16

**Sveitarfélag:** Ölfus.

**Bæjarstjóri:** Ólafur Áki Ragnarsson.

**Skóli:**
Börn sækja skóla til Hveragerðis.
Börn á leikskólaaldri fara í leiksóla á Þorlákshöfn.

**Atvinnufyrirtæki:**
Veitingastaðurinn T-bær,
Pylsuvagninn í Götu. Hvort tveggja er aðeins opið á sumrin.
Bílapartasalan í Götu,
Handverkstæði Sigurbjargar Eyjólfsdóttur

**Vegalengd frá Reykjavík:**
65 kílómetrar sé farið um Þrengsli.
62 kílómetrar sé farið um Krísuvík.

# Þar sem kraftaverkin gerast

**Það er hvasst við suðurströndina þegar Jón Sigurður Eyjólfsson kemur akandi eftir malarveginum að Selvogi. Hann renndi þá ekki grun í að þar ætti hann eftir að finna fyrir heilögum anda en einnig fyrir óblíðustu viðtökum sem hann hefur fengið á sínum blaðamannaferli.**

Sextán manns búa í Selvogi sem er skammt vestur af Þorlákshöfn. Fyrr á öldum var þar blómleg byggð og bjuggu þá rúmlega hundrað manns þar. Bændur gátu sótt gull í greipar Ægis þó að suðurströndin hafi verið ódæl viðureignar og tekið sinn toll. Sagan hermir að drekkhlaðið fley af timbri hafi sokkið fyrir utan ströndina. Sáu sjómenn ljós sem veitti þeim von um að ná landi. Hétu þeir þess að reisa kirkju við þann stað ef kæmust þeir lifandi til lands sem þeir og gerðu. Varð þeim þá ljóst að ljósið kom frá skínandi veru sem beið þeirra við flæðarmálið. Það var því ekki um annað að ræða en efna heit sín og var Strandarkirkja þá reist.

Alla tíð síðan hefur fólk heitið á kirkjuna og lofað að láta fé af hendi rakna ef ákveðin markmið nást eða ef þeim tekst að vinna bug á



SÉRA BALDUR KRISTJÁNSSON Séra Baldri verður aldrei orðavant í predikunarstólnum í Strandarkirkju enda segjast menn finna vel fyrir heilögum anda þar innandyra. Mest finna menn á fremsta bekk fyrir heilögum anda en þar sofna safnaðargestir jafnan fyrst segir presturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

ákveðnum erfiðleikum. Árangurinn virðist ekki láta á sér standa og streyma peningarnir í kirkjusjóð, jafnvel frá fjarlægum slóðum.

### Guð er í bissnessnum

„Þessi helgisögn fylgir kirkjunni og gerir hana sérstaka," segir Baldur Kristjánsson sóknarprestur. „Það var mjög algengt að heitið væri á Maríu mey og því hefur ákveðin Maríudýrkun fest við kirkjuna. Enda er hér Maríulíkneski í kirkjunni en slíku er ekki fyrir að fara í mörgum lúterskum kirkjum. En þótt þessi kaþólska rót áheitanna sé látin gleymast er ekkert lát á áheitunum og hingað streyma inn peningar jafnvel frá Norðurlöndum og svo höfum við fengið háa upphæð frá Bandaríkjunum. Það virðist vera svo að ef menn byrja á þessu þá halda þeir áfram svo það er engu líkara en að þetta gefist vel." Hann segir að undanfarin ár hafi tekjur kirkjusjóðs numið um fimm til sex milljónum.

Sjálfur heyrir guðsmaðurinn ótal sögur sem bera vott um kraft kirkjunnar. „Eitt sinn kom hér kona um fimmtugt en móðir hennar hafði heitið á kirkjuna þegar hún gekk með hana en þá var búið að segja henni að það væri útilokað að barnið myndi lifa. En þarna var barnið sjálft komið á fimmtugsaldur og staðfesting þess að ekkert er útilokað þegar heilagur andi er annars vegar," segir presturinn og setur upp hátíðlegan svip. „Einnig hafa menn sagt mér frá því að þeir setji sér ákveðin markmið og greiði til kirkjunnar ef þau nást sem þau virðast oftast gera svo Guð er í bissnessnum," segir hann og bosir við.

### Heilagur andi grípur til sinna ráða

En séra Baldur fer sjálfur ekki varhluta af þessum krafti. „Hér verður mér aldrei orðavant í predikunarstól," segir hann. „Enda segja menn að hér búi kraftur frá heilögum anda. Þó er hinn heilagi andi sagður mestur hér," segir



STRANDARKIRKJA Fjölmargir hafa heitið á kirkjuna með góðum árangri. Sjómenn í sjávarháska hétu því að reisa kirkju þar sem ljósvera beið þeirra í flæðarmálinu og síðan þá hefur heilagur andi látið til sín taka þar í sókninni.FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



ÞÓRARINN SNORRASON OG JÓHANNA EIRÍKSDÓTTIR Þórarinn er fljótur á flug þegar kraftaverkasögur um Strandakirkju eru annars vegar en Jóhanna reynir þá að halda aftur af honum.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

hann og bendir á fyrsta bekk undir predikunarstólnum. „Enda sofna menn þar fyrst," bætir hann við.

En krafturinn er ekki alltaf til þess fallinn að greiða götu fólks. Ef unnið er að máli sem ekki er Guði þóknanlegt getur þessi máttur látið sópa til í kringum sig. „Þessi kirkja átti í vök að verjast fyrr á öldum en sjórinn sækir hart að henni og jafnvel var talið að hann myndi skola undan henni en einnig sótti fjörusandurinn að henni. Hugðust menn þá færa kirkjuna ofar eða upp að Vogsósum. Til eru pappírar sem staðfesta að þetta mál var í undirbúningi. En innan árs voru allir þeir sem unnu að þessu máli dauðir eða komnir úr embætti og menn leggja þetta þannig út að það sé Guðs vilji að hún verði hér." Síðaritímamenn hafa ekki viljað ögra þessum vilja og hefur því verið reistur strandveggur fyrir neðan kirkjuna til að verja hana frá ágangi Ægis en enginn nefnir neitt um að færa hana til.

### Hvalreki frá Þýskalandi

Fullur af heilögum anda ákveður blaðamaður að taka hús á listakonu einni sem komið hefur upp handverkstæði við hús sitt sem opið er ferðamönnum á sumrin. Þegar komið er að hlaði taka hins vegar gæsir á móti honum með miklum hamagangi. Listakonan er ekki til staðar til að frelsa blaðamann úr vandræðunum sem þessir fiðruðu verðir hafa komið honum í svo ekki var annað að gera en að taka til fótana. Þar fór heilagur andi fyrir lítið. Til allrar lukku voru viðtökunar mun betri á Vogsósum en þar búa þau Þórarinn Snorrason og Jóhanna Eiríksdóttir.

Jóhanna flutti til Íslands frá Þýskalandi á unglingsárunum með foreldrum sínum en Þórarinn er borinn og barnfæddur í Selvogssveitinni. Hann er formaður sóknarnefndar og hefur því heyrt margar kraftaverkasögur tengdar Strandarkirkju en Jóhanna er ekki jafn uppveðruð að öllu saman. „Þetta eru nú bara sögusagnir," segir hún þegar formaðurinn er kominn á skrið. „Svona, svona," segir hann og heldur kraftaverkasögunum áfram ótrauður.

Hann man líka tímana tvenna í Selvogi. „Hér var svo mikill fiskur rétt utan við ströndina og oft var hægt að tína þá upp úr fjörunni efir að brimið hafði skolað þeim í land. Eins fann maður oft loðnu þar en fræðingarnir segja að hún drepist að hrygningu lokinni og sennilega var það þess vegna sem hana var þarna að finna."

Sennilega var þó mesti hvalrekinn þegar örlögin skoluðu blómarósinni hans að ströndinni við Selvog alla leið frá Þýskalndi.





Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson er flutt í **Síðumúla 9**

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900

# Gæðatilboð

Þeir sem fyrstir kveikja - **njóta þess**




## Kaup á Plasma tæki eru alvöru kaup

og ber þess vegna að vanda valið.

Það gerir þú með því að velja

SAMSUNG

Við bjóðum nú alvöru

**42" háskerpu Plasma tæki**

á aðeins kr.

# 289.990,-

sem er afar gott verð

- og ekki nóg með það -

**DVD upptökutæki**

að verðmæti 64.900 kr.

*fylgir með*

imago

**En magnið er takmarkað** og því um að gera að vera fljót að kveikja

SAMSUNG

**PS42S5HX**
**42" háskerpu plasmasjónvarp**

HDTV | Skerpa 10.000:1
68,7 milljarðar lita
DNIe myndleiðrétting
Upplausn 1024 x 768
175°/175° | HDMI tengi

Verð: ~~299.900,-~~

SAMSUNG

**DVDHR725**
**DVD upptökutæki með hörðum disk**

Háskerpuspilari
160 GB harður diskur
HDMI útgangur
Sjálfvirkur kaflaskiptir

Verð: ~~64.900,-~~

**DVD upptökutæki** *fylgir með*




---

**Umboðsmenn:**

**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

## KAUPHÖLL ÍSLANDS* [Hlutabréf]

**ICEX-15** 6.247 **+1,65%** **Fjöldi viðskipta:** 736 **Velta:** 7.102 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | 4,85% | **Avion** | -0,49% |
| **Alfesca** | 3,56% | | |
| **Mosaic F.** | 3,47% | | |

*** 16. mars kl. 14:00**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,70 +0,34% ... Alfesca 4,07 +3,56%... Atorka 6,05 +0,83% ... Bakkavör 50,90 +0,40% ... Dagsbrún 6,90 +2,07% ... FL Group 25,30 +2,43% ... Flaga 3,24 +4,85% ... Glitnir 19,40 +1,04% ... KB banki 872,00 +1,99% ... Kögun 69,60 +0,87% ... Landsbankinn 27,60 +2,22% ... Marel 70,60 +2,62% ... Mosaic Fashions 17,90 +3,47% ... Straumur-Burðarás 18,20 +2,25% ... Össur 115,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Greiningardeild svarar pistli

Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka, undrast þörf dálkahöfundar Staksteina Morgunblaðsins til að svara honum í dálkinum og taka til sín tilvitnuð orð hans sem hann sagði látin falla um neikvæða umræðu erlendra greiningardeilda um íslensku bankana. Staksteinar slógu á puttana á Þórði á miðvikudaginn og töldu að hótað hefði verið brottflutningi bankanna og sögðu slíkar yfirlýsingar ekki líkegar til að kæfa umræður hér heima. Hann svaraði samdægurs í Hálffimm fréttum, fréttabréfi greiningardeildarinnar. „Morgunblaðið hlýtur að gera greinarmun á umfjöllun greiningardeilda banka og stefnu bankanna sjálfra í rekstri sínum, rétt eins og lesendur gera greinarmun á efni Morgunblaðsins og skoðunum Árvakurs," segir hann.



### Mikilvægi umræðunnar

Ekki vill Þórður kannast við yfirlýsingar um brottflutning, en telur það eiga við alla bankana að þeir myndu hugleiða að færa sig annað ef í ljós kæmi að vera þeirra hér gerði þeim ókleift að fjármagna starfsemi sína. Slíkt gæti gerst verði framhald á neikvæðri ímynd íslensks fjármálakerfis erlendis, segir Þórður og telur bankana myndu færa sig þangað sem umfjöllun er sanngjarnari. „Og hvernig ætti það að kæfa umræðuna um bankana hér á landi að bæta traust þeirra utan landssteinanna?" spyr hann í niðurlagi pistils síns. Í honum benti hann jafnframt á að banki hlaupinn af landi brott myndi heyra undir fjármálaeftirlit áfangalandsins og benti á að bankar nytu ekki ríkisábyrgðar samkvæmt lögum, þótt ríkið kynni að bregðast við með einverjum hætti yrði fjármálakerfinu ógnað.

### MARKAÐSPUNKTAR...

Dagsbrún hf. hefur stofnað félagið 365 Media Scandinavia A/S í Danmörku. Markar stofnun félagsins fyrstu skref félagsins í átt að útgáfu fríblaðs í líkingu við Fréttablaðið í Danmörku.

Hækkun hlutabréfa í úrvalsvísitölunni frá áramótum nam 12,99 prósentum um tvöleytið í gær en hún náði lágmarki í undanfarinni lækkunarhrinu í 7,7 prósentum á mánudaginn.

Norski seðlabankinn tók í gær ákvörðun um að hækka stýrivexti sína um 0,25 prósent og standa þeir eftir hækkunina í 2,5 prósentum. Stýrivextir bankans hafa ekki verið eins háir frá því haustið 2003.

# SAS hefur ekki keypt í Icelandair

### Félögin halda áfram samstarfi um hagstæð fargjöld.

SAS hefur neitað þeirri frétt sem birtist á vefsíðu tímaritsins Travel People að félagið hafi eignast hlut í Icelandair.

„Það eru engar viðræður yfirhöfuð í gangi um að við verðum eigendur í Icelandair. Þetta eru algjörlega rangar upplýsingar," segir Bertil Ternert, upplýsingafulltrúi SAS, við Dagens Industri.

Flugfélögin hafa hins vegar undirritað samkomulag um áframhaldandi samstarf um gagnkvæm afsláttarkjör sem veita farþegum Icelandair hagstæð fargjöld í framhaldsflugi með SAS.

Samkvæmt frétt Travel People kemur Icelandair, sem verður brátt skráð í Kauphöll Íslands, til að vera metið á hvorki meira né minna en 65 milljarða króna.

Í fréttinni kemur fram að FL Group, móðurfélag Icelandair, muni halda eftir fimmtán prósenta hlut.

- eþa




**VERÐUR EKKI HLUTHAFI Í ICELANDAIR** SAS hefur hafnað þeim fréttum að félagið hafi keypt hlutabréf í Icelandair.

# Lausafjárstaða sögð sterk og áhætta takmörkuð

**Á aðalfundi Kaupþings banka í dag eru lagðar fram upplýsingar um fjárhagsstöðu bankans. Þar er lögð áhersla á sterka lausafjárstöðu, takmarkaða áhættu gagnvart íslensku efnahagslífi og hvernig bankinn hagnast fremur en tapar á lækkun krónunnar.**

Veltufjármunir og skráð hlutafé Kaupþings banka eru nálægt því þrefalt hærri en nemur skulda bankans sem eru á gjalddaga á þessu og næsta ári.

Í gögnum sem lögð eru fram á aðalfundi bankans í dag kemur fram að í ár sé 1,3 milljarða evra á gjalddaga og 2,4 milljarðar á næsta ári. Veltufjármunir bankans og eignir í skráðum auðseljanlegum hlutabréfum nema hins vegar 10,57 milljörðum evra, eða yfir 890 milljörðum króna. Að auki segist bankinn eiga ónýtt loforð um lán upp á 600 milljónir evra og ónýtta peningamarkaðsreikninga upp á 550 milljónir evra. Kaupþing banki áréttar að hann hafi aðgang að mörgum fjármögnunarleiðum og hyggist ekki gefa út skuldabréf í evrum á árinu. Vegna neikvæðra skrifa um íslensku bankana síðustu vikur versnuðu kjör þeirra í evrópskri skuldabréfaútgáfu, þótt sú þróun hafi nú gengið til baka að hluta. Bankinn hefur í ár aflað sér lánsfjár sem nemur 900 milljónum evra og segir þá fjármögnun ekki hafa farið fram á verri kjörum en í fyrra.

Þá segir bankinn helsta markmið útrásar hans í Evrópu hafa verið að ná fram frekari eigna- og tekjudreifingu, sem auki áhættudreifingu hans og dragi úr sveiflum í afkomu. Því segir bankinn áhættu gagnvart íslensku efnahagslífi og kerfislægri áhættu þess takmarkaða. Eins hafi bankinn byggt upp íbúðalánasafn með fyrsta veðrétti sem nemi samtals um 1,3 milljörðum evra og sé því í góðri stöðu til að mæta hvort heldur sem er mjúkri eða harðri lendingu íslensks efnahags. Kaupþing banki segist þó hafa trú á grunnstoðum efnahagslífsins hér, en segir þróun þess aðeins hafa takmörkuð áhrif á tekjur bankans og gæði eigna til framtíðar.

Einnig bendir Kaupþing banki á að veiking krónunnar hafi á margan hátt jákvæð áhrif á bankann, sem tekið hafi stöðu í erlendum gjaldeyri (um 900 milljónir evra) til að verja eigið fé bankans sem skráð sé í íslenskum krónum. Þá séu 82 prósent útlána og 75 prósent eigna bankans í erlendum gjaldmiðlum. Þannig myndi 20 prósenta veiking krónunnar leiða af sér um það bil 15 prósenta tekjuaukningar í krónum.

Bankinn áréttar einnig að krosseignatengsl séu ekki til trafala, enda eigi bankinn engin hlutabréf í öðrum íslenskum bönkum, nafn hans birtist á öðrum hluthafalistum vegna þess að bréf séu vistuð fyrir hönd viðskiptavina á vörslureikningum eða sem áhættuvörn vegna skiptasamninga. Þá séu hlutabréf bankans í Exista færð sem fjárfestingabréf án tengsla á milli stjórnenda fyrirtækjanna eða stjórna þeirra.

**olikr@frettabladid.is**

### LAUSAFJÁRSTAÐA KB BANKA

| | |
|---|---|
| Reiðufé | 470 milljónir evra |
| Kröfur á fjármálastofnanir | 4,45 milljarðar evra |
| Skuldabréf | 3,80 milljarðar evra |
| **Veltufé samtals** | **8,72 milljarðar evra** |
| Skráð hlutabréf | 1,85 milljarðar evra |
| **Veltufjármunir og skráð hlutabréf** | **10,57 milljarðar evra** |



**SIGURÐUR EINARSSON STJÓRNARFORMAÐUR OG HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON FORSTJÓRI KAUPÞINGS BANKA** Á aðalfundi Kaupþings banka í dag eru lögð fram gögn sem sýna eiga fram á styrka stöðu bankans og slá á neikvæða umræðu um stöðu hans og stefnu hjá greiningardeildum erlendra fjármálafyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Meiri krónubréf

Þýski ríkisbankinn Rentenbank gaf út krónubréf fyrir 2 milljarða krónur á miðvikudag til tveggja ára og bera bréfin 9 prósenta vexti. Þetta er fyrsta útgáfa krónubréfa í mars og þriðja útgáfan frá því Fitch breytti horfum á lánshæfismati ríkisins úr stöðugum í neikvæðar.

Hinar útgáfurnar voru í lok febrúar þegar Rabobank gaf út krónubréf fyrir 5 milljarða og European Investment Bank gaf út 1,5 milljarða krónu krónubréf. Samtals hafa verið gefin út krónubréf fyrir rúmlegan 221 milljarð frá því í fyrra.




**HÖFÐUSTÖÐVAR GLITNIS VIÐ KIRKJUSAND**

Samkvæmt upplýsingum frá Glitni er ljóst að flestir þeir fjárfestar sem keypt hafa krónubréf þar til á miðvikudag hafa tapað á kaupunum þar sem krónan hefur gefið mikið eftir undanfarið. - jab


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótór Verð áður kr. 22.800

Tilboð: kr. 15.960

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK – hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík Sími 588 0200 - www.eirvik.is



ÚR KAUPHÖLLINNI Í TÓKÝÓ Í JAPAN.

# Hlutur í Livedoor seldur

Yasuhide Uno, forstjóri japanska kapalfyrirtækisins Usen Corp., ákvað í gær að kaupa sjálfur allan hlut Fuji Television Network í japanska netfyrirtækinu Livedoor fyrir 9,5 milljarða jena, jafnvirði 5,7 milljarða íslenskra króna. Lokað var fyrir öll viðskipti í kauphöllinni í Tókýó í Japan 18. janúar síðastliðinn þegar grunur vaknaði um misferli hjá stjórnendum fyrirtækisins.

Fuji Televison Network átti 12,7 prósent í Livedoor.

Með kaupunum fær Usen Corp. viðskiptasambönd Livedoor og netþjónustuveitur fyrirtækisins. Vonast er til að hagur Livedoor batni við kaup Unos en gengi bréfa í fyrirtækinu hefur lækkað um 90 prósent frá því um miðjan janúar og verður það afskráð úr kauphöllinni um miðjan næsta mánuð. Stærsti hluthafinn í Livedoor er Takafumi Horie, fyrrum forstjóri Livedoor, en hann situr í fangelsi ásamt öðrum forsvarsmönnum fyrirtækisins fyrir að falsa afkomutölur Livedoor árið 2004.

- jab

# Vaxtaálag bréfa lækkar

Vaxtaálag á skuldabréf íslenskra banka á erlendum mörkuðum hefur lækkað um 30 til 40 punkta síðustu daga, að því er greinir frá í fréttabréfi Glitnis (Íslandsbanka).

Lækkunarhrinan er sögð hafa hafist í kjölfar skýrslu Morgans Stanley á mánudag, en í henni kom fram að greiningardeild fyrirtækisins teldi að þrátt fyrir að töluverð áhætta væri fólgin í rekstri íslensku bankanna, þá væri hún alltof hátt verðlögð miðað við það vaxtaálag sem í boði er.

Þá segir greiningardeild Glitnis góð kjör Kaupþings banka í sambankaláni sem greint var frá á þriðjudag hafa haft góð áhrif á markaðinn. - óká



# Fastagjöld hjá Telenor

Norska fjarskiptafyrirtækið Telenor hefur innleitt fasta verðskrá fyrir fastlínusímtöl innanlands. Þetta er bylting í 150 ára sögu Telenor, sem aldrei fyrr hefur boðið viðskiptavinum sínum fast gjald fyrir símaþjónustu. Á sama tíma lækkaði fyrirtækið verð á millilandasímtölum um 20 prósent auk þess sem kostnaður við að hringja úr fastlínusíma í farsíma var lækkaður.

Samkvæmt nýrri verðskrá Telenor greiða viðskiptavinir fyrirtækisins jafnvirði rúmlega 2.600 króna á mánuði í fast gjald og þurfa þeir ekki að greiða aukreitis fyrir innanlandssímtöl sama hversu lengi þeir tala. Þá hefur fyrirtækið jafnframt innleitt svokallaða fríþjónustu fyrir farsímanotendur, sem gerir þeim kleift að hringja ókeypis í aðra viðskiptavini Telenor á kvöldin og um helgar.

-jab

# Hermenn fá gervihné Össurar

Fjallað var um nýtt og háþróað gervihné gervilima- og stoðtækjafyrirtækisins Össurar í úttekt Los Angeles Times síðasta föstudag um stuðning stjórnvalda í Bandaríkjunum við hermenn sem tapað hafa útlim í Íraksstríðinu.

Fram kemur í umfjöllun LA Times að Bandaríkjaher sé umhugað um að fá slasaða hermenn aftur til starfa en til að af því geti orðið þurfa þeir á bestu mögulegu hjálpartækjum og tólum að halda. Meðal þess sem herinn vill nýta eru hátæknivörur Össurar, til að mynda nýjasta útgáfa gervihnés fyrirtækisins, Power Knee, sem kynnt var skömmu fyrir áramót. Það er búið gervigreind og líkir eftir vöðvahreyfingum útlimsins og hjálpar þannig viðkomandi til dæmis við að ganga upp stiga og nálgast þá hreyfigetu sem ófatlaðir hafa.

Samkvæmt upplýsingum Össurar hefur Walter Reed-stofnunin, en það er spítali sem tekur á móti bandarískum hermönnum sem koma frá Írak, þegar óskað eftir að kaupa nokkur Power Knee-gervihné þegar það kemur á markað síðar á árinu. Hvert hné mun kosta 57.000 bandaríkjadali, eða nálægt fjórum milljónum króna.

Í grein LA Times er sagt eðlilegt að stjórnvöld útvegi þeim sem fórna sér fyrir landið í stríðsrekstri bestu fáanlegu lausnir og fái aftur til starfa menn sem mikill kostnaður hefur verið lagður í að þjálfa og mennta. - óká


High-Tech Prosthetics Aid War's Wounded

ÚR LOS ANGELES TIMES Blaðið fjallaði síðasta föstudag um stuðning við hermenn sem glatað hafa útlim í stríði.




# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Tímamót í varnarsamstarfinu:

## Skynsamleg afstöðubreyting

Í annað sinn hefur ríkisstjórn Bandaríkjanna tilkynnt um brottför fjögurra orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli og þyrlusveitarinnar. Fyrri ákvörðuninni var skotið á frest. Nú er ákvörðunin endanleg. En það sem máli skiptir er hitt, að ríkisstjórn Íslands bregst öðruvísi við að þessu sinni. Viðbrögðin í gær voru bæði yfirvegaðri og skynsamlegri en fyrir þremur árum. Þá átti að hætta varnarsamstarfinu, ef þoturnar færu, en nú á að halda viðræðum áfram í þeim tilgangi að finna ásættanlega lausn fyrir báða aðila.

Varnarsamstarfið við Bandaríkin á grundvelli Atlantshafssáttmálans hefur verið afar þýðingarmikið í meir en hálfa öld. Við fall Sovétríkjanna urðu grundvallarbreytingar á hernaðarstöðu Norður-Atlantshafsins og nauðsyn varnarviðbúnaðar. Þrátt fyrir þessar breytingar væri afar óskynsamlegt að beina málum í þann farveg að hér yrði enginn varnarviðbúnaður. Þrír stærstu stjórnmálaflokkarnir sýnast í öllum aðalatriðum vera sammála um þetta meginmarkmið og að halda áfram viðræðum við Bandaríkin til þess að freista þess að því verði náð.

Hótunin um að hætta varnarsamstarfinu, ef þoturnar yrðu kallaðar burt, var ekki ýkja vel rökstudd út frá varnarhagsmunum Íslands. Hafi henni verið ætlað að vera krókur á móti bragði í samningaviðræðum sýnist það hafa verið misheppnuð tilraun. Hún var einfaldlega ekki trúverðug. Ferill þessa máls vekur upp spurningar um hvort tekist hafi að byggja upp nægjanlega öfluga og trausta innlenda þekkingu á þessum málum í samræmi við þau markmið sem Geir Hallgrímsson setti þar um á sínum tíma. Efasemdir geta vaknað af þessu tilefni um þá ráðgjöf sem ríkisstjórnin hefur notið á þessu sviði.

Að vísu er það svo, að framkoma ríkisstjórnar Bandaríkjanna hefur í sjálfu sér gefið tilefni til ýktra viðbragða. Fyrri yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda má skoða og meta frá því sjónarhorni. En hvað sem líður fyrri viðbrögðum ríkisstjórnarinnar er skynsamlegt að halda viðræðum áfram. Rökin fyrir fjórum herþotum sem einu ásættanlegu lágmarkslausninni við ríkjandi aðstæður hafa aldrei verið sterk. Aðrir fullnægjandi kostir geta hugsanlega verið í stöðunni. Þó seint sé er rétt að halda áfram viðræðum á þeim grundvelli. Í öllu falli er það meginmál að varnarsamningurinn er gagnkvæmur og Bandaríkjamenn geta ekki einhliða hlaupið frá skuldbindingum sínum samkvæmt honum.

Þó að óraunhæft mat hafi verið lagt á samningsstöðuna hefur allur ferill þessa máls á undanförnum árum gefið þá ímynd að ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi í ríkari mæli látið skammtíma eiginhagsmuni ráða för fremur en langtíma gagnkvæma hagsmuni gagnvart Íslendingum. Deigur stuðningur Bandaríkjastjórnar við Dani vegna Múhameðsteikninganna er af sama toga. Þó að slíkar staðreyndir blasi við breyta þær ekki þeim veruleika að gagnkvæmir hagsmunir eru enn fyrir hendi varðandi varnar- og öryggismál.

Þróunin í samskiptunum við Bandaríkin getur leitt til þess að leggja þurfi ríkari áherslu á samstarf við Evrópuþjóðir á þessu sviði, til dæmis um lofthelgieftirlit. En kjarni málsins er sá að Evrópuþjóðirnar eru ekki í færum til að halda uppi fullnægjandi vörnum einar og óstuddar. Framlag Bandaríkjanna er þeim enn nauðsynlegt. Í næstu framtíð er því ekki að sjá að Íslendingar nái samstarfi innan Evrópu um samstarf í varnar- og öryggismálum er mæti öllum þörfum okkar.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**15. mars**
Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ritar eftirfarandi í vefsíðudagbók sína í gær: „Vara þig fimmtánda mars, sagði spámaðurinn við Júlíus Sesar, sem svaraði: Svo maðurinn er draumvís! Við skeytum ekk' um hann; og höldum áfram. Og síðar segir Sesar hjá Shakespeare í þýðingu Helga Hálfdanarsonar: Fimmtándi mars er kominn. Og spámaðurinn svarar: Já, kominn Sesar; kominn, ekki liðinn. Síðar þennan dag var Sesar myrtur, árið 44 fyrir Krist. Þótt sjálfur Sesar félli fyrir morðingjahendi þennan dag, lauk ekki sögu Rómaveldis, hún hélt áfram. Um héraðsdóm í Baugsmáli í dag ætla ég ekki að ræða. – jafnvel lýsing mín á staðreyndum, getur valdið uppnámi. Þótt Bandaríkjamenn hafi tilkynnt í dag, að þeir ætli ekki að hafa orrustuþotur með fast aðsetur á Keflavíkurflugvelli, heldur varnarsamstarfið áfram."



**Sýnir sig en er aldrei sagt**
Hér er þörf á túlkun táknfræðinga. Hvað er dómsmálaráðherrann að segja? Í síðara tilvikinu er líkingin augljós: Þótt varnirnar féllu, eða hertólin færu, fyrir tilverknað Bandaríkjamanna lauk ekki Íslandssögunni, hún hélt áfram. – En hvað um Baugsummælin. „Þótt sjálfur Sesar félli...", gæti útlagst: Þótt ríkislögreglustjóri félli fyrir Baugsmönnum þennan dag, lauk ekki Íslandssögunni, hún hélt áfram. – Björn Bjarnason dómsmálaráherra sagði 10. október eftir að Hæstiréttur hafði vísað 32 ákæruliðum af 40 frá dómi í Baugsmálinu: „Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu. Lögheimildir eru til þess, að ákæruvaldið taki mið af því, sem fram hefur komið hjá hæstarétti við frekari ákvarðanir um framhald málsins." – Samkvæmt skilningi dómsmálaráðherra var hann ekki að tala um Baugsmálið í þessu tilviki. Á Alþingi áréttaði hann í gær að hann fjallaði ekki um Baugsmálið. Við Fréttablaðið segir hann: „Ég hef ekki tjáð mig um þetta mál í fjölmiðlum og ætla ekki að gera, fyrr en því er lokið."

Ef til vill hefur Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, rétt fyrir sér þegar hann segir á sinni heimasíðu: Miðvikudagurinn 15. mars er líklega einn svartasti dagur Sjálfstæðisflokksins í mörg ár. Allt gekk á móti þeim. Baugur sýknaður, vatnsslagurinn tapast og síðan stóra bomban: Einhliða og ruddaleg ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að fara með herinn er dæmalaust áfall fyrir flokkinn."

johannh@frettabladid.is

## Krónunni kastað?

Í DAG
KRÓNUR OG ÖNNUR MYNT



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

*Ef það er slíkt þjóðráð að taka upp gjaldmiðil nálægs viðskiptavinar, hvers vegna hefur Kanada þá ekki tekið upp Bandaríkjadal og Nýja-Sjáland Ástralíudal? Ástæðan er sú, að þessi ríki vilja hafa þann sveigjanleika í peningamálum, sem fylgir eigin seðlabanka.*

Mér er óskiljanlegt, hvers vegna ágætir forystumenn Framsóknarflokksins gæla við þá hugmynd að taka upp evru. Þeir leiða dreifbýlisflokk, og slíkir flokkar í norðanverðri Evrópu tortryggja Evrópusambandið.

Hvað er síðan átt við með því að taka upp evru? Talsmenn Evrópusambandsins hafa margsinnis sagt, að Ísland geti ekki notað evru án þess að ganga í Evrópusambandið. Íslendingum stendur ekki hið sama til boða og þjóðum, sem standa að Evrópska seðlabankanum. Nú nota sum ríki að vísu Bandaríkjadal í viðskiptum án þess að spyrja leyfis, og önnur tengja gjaldmiðil sinn beint við Bandaríkjadal í föstu hlutfalli. Íslendingar gætu vissulega tekið upp evru af sjálfsdáðum. En þá hefðu þeir engan íhlutunarrétt um gjaldmiðilinn, þar sem þeir ættu ekki aðild að Evrópska seðlabankanum, og misstu auk þess af svonefndum myntsláttuhagnaði, sem seðlabankar hirða. En hvort tveggja er aukaatriði.

Meginkosturinn við að taka upp evru er, að gengisáhætta myndi minnka og viðskiptakostnaður lækka. En þessi kostur virðist mikilvægari en hann er. Viðskipti okkar Íslendinga við þjóðir á evrusvæðinu eru þriðjungur utanríkisviðskipta okkar, enda nota sumir viðskiptaþjóðir okkar, svo sem Bretar, Danir og Svíar, ekki evru, þótt þær séu í Evrópusambandinu. Þetta merkir, að í tveimur þriðju viðskipta okkar við útlönd myndi gengisáhætta ekki minnka né viðskiptakostnaður lækka.

Böggull fylgir einnig skammrifi. Evran er ekki líkleg til að vera traustur gjaldmiðill, þegar til lengdar lætur. Berum saman Bandaríkin og evrusvæðið. Dalur er notaður á öðru svæðinu öllu, evra á hinu. En tvenns konar munur er á þessum myntsvæðum. Í fyrsta lagi eru Bandaríkin eitt ríki með einni tungu og einni menningu, svo að fólki og fyrirtækjum veitist auðvelt að flytjast úr einum stað í annan, þegar nauðsyn krefur. Ef atvinnuleysi er í Arkansas, en uppgangur í Massachusetts, þá flyst fólk á milli. Slík aðlögun er miklu erfiðari í Evrópu. Er eðlilegt, að vextir séu jafnháir í Grikklandi, þegar allt er þar á niðurleið, og á Írlandi, þar sem atvinnulíf er í örum vexti?

Í öðru lagi er bandarískur vinnumarkaður miklu sveigjanlegri en evrópskur, svo að aðlögun að breyttum aðstæðum er þar auðveldari. Þetta merkir, að bandaríski seðlabankinn hefur ekki þurft að taka jafnmikið tillit til aðstæðna úti í atvinnulífinu og hinn evrópski kann síðar meir að þurfa að gera. Hvernig getum við verið viss um, að evra framtíðarinnar muni líkjast frekar þýsku marki en ítalskri líru?

Þegar menn tala um það sem náttúrulögmál, að Ísland noti sama gjaldmiðil og löndin á evrusvæðinu, gleyma þeir ekki aðeins Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Stóra-Bretlandi, heldur líka Svisslandi, en svissneski frankinn er einn traustasti gjaldmiðill heims. Ef það er slíkt þjóðráð að taka upp gjaldmiðil nálægs viðskiptavinar, hvers vegna hefur Kanada þá ekki tekið upp Bandaríkjadal og Nýja-Sjáland Ástralíudal? Ástæðan er sú, að þessi ríki vilja hafa þann sveigjanleika í peningamálum, sem fylgir eigin seðlabanka. Þótt um 80 prósent af utanríkisviðskiptum Kanada sé við Bandaríkin, hafa rannsóknir leitt í ljós, að hagsveiflan í Kanada fylgir ekki hinni bandarísku. Hið sama er að segja um hagsveiflur í Nýja-Sjálandi og Ástralíu (auk þess sem aðeins um 20 prósent viðskipta Nýsjálendinga eru við Ástralíu). Þetta á áreiðanlega enn frekar við Ísland.

Sjálfur var ég fyrir mörgum árum hlynntur því að kasta krónunni og taka upp Bandaríkjadal. Rökin fyrir því voru, að krónan hefði reynst ónýtur gjaldmiðill ólíkt Bandaríkjadal. Þetta hefur breyst. Upp úr 1991 varð krónan að traustum gjaldmiðli. Þess vegna er engin þörf á að kasta henni. Það er ekkert sáluhjálparatriði að halda uppi eigin gjaldmiðli. En sé krónunni kastað, þá verður að koma í stað hennar gjaldmiðill, sem líklegur sé til að vera traustur til langs tíma. Þar veðja ég frekar á Bandaríkjadal en evru.

## ÞAU VORU Í FRÉTTUNUM

### Engin vonbrigði

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, kveðst ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum með sýknudóm yfir sakborningunum sex í málinu, þótt það hafi „ekki verið í samræmi við það sem ákæruvaldið lagði upp með". Hann hefur átta vikur til að velta því fyrir sér hvort hann ætli að áfrýja málinu eða ekki.



### Króni og Evra

Valgerður Sverrisdóttir, viðskipta- og iðnaðarráðherra, sá ekki ástæðu til að brosa yfir steinkastinu sem hún varð fyrir frá Morgunblaðinu, fyrir þær sakir einar að velta upp möguleikanum á að Íslendingar tækju upp evru. Staksteinahöfundi fannst þær tillögur ekki krónu virði.



### Vopnin kvödd

Þrátt fyrir allt vinfengið og persónuleg tengsl íslenskra ráðamanna við stórlaxana í Washington kom allt fyrir ekki. Bandaríkjamenn sendu Geir H. Haarde snubbótta kveðju og tilkynntu honum nánast fyrirvaralaust að þetta væri orðið ágætt, herinn er á förum. „Þetta er ekki áfall," segir Geir – bara vonbrigði, en Steingrímur J. Sigfússon fitnar á fjósbitanum.




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## GRÆNMETIÐ HANS STJÁNA BLÁA

Spínat er vítamínríkt grænmeti, upprunnið í Suðvestur-Asíu. Algengur misskilningur er að líkaminn geti unnið járn úr grænmetinu en svo er ekki.

MATUR 6

## RISAÚTSALA Á LEIKFÖNGUM

Risaútsala Leikbæjar stendur nú yfir í Perlunni. Þar má finna leikföng á allt að 80 prósenta afslætti.

TILBOÐ 3





## ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

**Húfur** sem hlæja veita 20 prósenta aukaafslátt af öllum útsöluvörum. Verslunin selur íslenska hönnun og er staðsett á Laugavegi 70.



**Rússnesk** rauðrófusúpa er á boðstólnum sem súpa vikunnar á Súpubarnum. Þeir sem vilja smakka þá góðu súpu verða að vera snöggir til því senn mun spínatsúpa leysa rauðsófusúpuna af sem súpa vikunnar.

**Mira** Art í Bæjarlind er með kynningartilboð í mars á nýjum vörum. Veittur er 30 prósenta afsláttur af Coffie eik og Grá eik og 20 prósenta afsláttur af Natur eik.

**Tösku** og hanskabúðin verður með árlegt vortilboð í verslun sinni að Skólavörðustíg fram á laugardag. 20 prósenta afsláttur er veittur af vörum í búðinni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 17. mars, 76. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.39 | 13.36 | 19.34 |
| Akureyri | 7.24 | 13.21 | 19.19 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Anna Kristín eldar alltaf heitan mat á kvöldin handa fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Mjög góð leið til samveru

***Anna Kristín Gunnarsdóttir alþingismaður hefur gaman af að elda og borða mat í góðra vina hópi.***

„Mér finnst alltaf máltíðir mjög góð leið til samveru,“ segir Anna Kristín glaðlega og tekur fram að maturinn þurfi ekki endilega að vera tilkomumikill eða flókinn. „Aðalatriðið er að finna sér gott tilefni til að hittast og spjalla og matarboð eru þannig tilefni,“ bætir hún við.

Anna Kristín býr á tveimur stöðum. Hún er frá Sauðárkróki og á þar sitt aðalheimili en er hér syðra að vetrinum eftir að hún var kjörin á þing fyrir þremur árum fyrir Samfylkinguna. „Ég er alltaf heima á sumrin og fer norður um helgar að vetrinum þegar ég mögulega get. Þar á fjölskyldan sínar bestu stundir.

Anna Kristín er gift og fjögurra barna móðir. Af þeim eru tvö í skóla hér syðra, dóttir í tíunda bekk og sonur í Háskólanum. Svo á hún tvær dætur erlendis, aðra í Noregi, hina í Danmörku, báðar í skóla. „Maðurinn minn er fyrir sunnan í vetur og við höfum verið fimm í heimili í vetur hér syðra þar til alveg nýlega að sonur minn og tengdadóttir fluttu á stúdentagarðana þannig að það snarfækkaði hjá okkur.“

Það er sem sagt matargerð á hverjum degi hjá Önnu Kristínu. „Ég reyni að hafa heita máltíð á kvöldin handa okkur öllum en ég er að heiman í hádeginu,“ segir hún og gefur okkur síðan uppskrift að austurlenskum kjúklingarétti sem hún kveðst elda annað slagið. „Kanillinn er kryddið sem gefur þessum rétti sérstæðan keim. Hann má ekki vera of mikill og heldur ekki of lítill. Það er líka skemmtilegt að bera þennan mat á borð því það er svo fjölbreytt og litríkt meðlæti með honum.“ Uppskriftin er á næstu opnu.

*gun@frettabladid.is*

## Þróa nýjar bragðtegundir

SÚKKULAÐIFYRIRTÆKIÐ NESTLÉ LEITAR NÚ LEIÐA TIL ÞESS AÐ ÚTBÚA NÝJAR SÚKKULAÐIBRAGÐTEGUNDIR.

Matarrisinn Nestlé hefur leitað til yfirmatreiðslumannsins Michelin-veitingastaðarins El Bulli á Spáni og fengið hann til þess að reyna að þróa nýjar súkkulaðibragðtegundir. El Bulli hefur einmitt verið þekktur fyrir að fara frumlegar leiðir í notkun á hráefnum. Eitt af því sem meðal annars hefur sést á matseðli veitingastaðarins er parmesan ís samloka. Kokkurinn sem fer fyrir þróunarferlinu heitir Ferran Adria og á hann að hjálpa Nestlé við að hækka sölutölurnar. Meðal þess súkkulaðis sem talið er að fari fljótlega í framleiðslu er súkkulaði með jasmínutebragði.



Ætli henni eigi eftir að finnast súkkulaði með jasmínutrébragði jafn gott? NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES


MARS

Kafbátur mánaðarins

Pizzabátur

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 598

SUBWAY

Gildir í mars 2006 • Gildir ekki í Stjörnumáli • Gildir ekki með öðrum tilboðum

**Nóatún býður** mangóávöxtinn með 55 prósenta afslætti fyrir þessa helgi. Kílóið lækkar úr 339 krónum í 149 krónur. **55%**

SKAUTA HÖLLIN
REYKJAVÍK
Allir á skauta
skautaholl.is

GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN
Opið:
Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Da Capo
Þjóðlagagítar
Poki, Stillitæki, Gítarneglur
Verð Kr.
15.900,-
Verð áður: 20.590,-
Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

Diza ehf er lífsstílsverslun sem selur bútasaumsefni, prjónagarn og fatnað fyrir konur sem vilja skapa sér og sínum huggulegt umhverfi og fallegan fatnað til að njóta þess í.

Diza flytur!

Léttum okkur flutninginn með rýmingarsölu í nokkra daga.

Fullt af bútasaumsefnum, lopa, garni, bókum ofl.ofl.

Ath. opið laugardag 18.mars 10-18


Diza
Ingólfsstræti 6 • www.diza.is
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga

allt atvinna
Alla sunnudaga

**FJARÐARKAUP** – Tilboðin gilda til 18. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Blandað hakk frá Kjöthúsinu | 698 | 966 | 698 | 30 |
| Fjallalamb bestu kaupin | 598 | 698 | 598 | 15 |
| Lambahryggur úr kjötborði | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| FK grill-svínakótilettur | 1.098 | 1.635 | 1.098 | 30 |
| Grillaður kjúklingur | 578 | 789 | 578 | 25 |
| Grænmetisbuff úr kjötborði | 95 | 175 | 95 | 45 |
| Honey nut cheerios 765 g | 248 | 473 | 248 | 45 |
| Okey eldhúsrúllur 3 stk. í pk. | 198 | 298 | 198 | 35 |
| Lotus wc pappír 12 rl. | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Vínber græn og rauð | 259 | 498 | 259 | 50 |
| DDV ping pinnar 6 stk. í pk. | 589 | 698 | 589 | 15 |
| DDV lasagna 500 g | 748 | 814 | 748 | 10 |
| DDV pizzur 250 g 4 tegundir | 489 | 589 | 489 | 15 |

**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 18. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus fersk kjúklingalæri | 349 | 449 | 349 | 20 |
| Bónus ferskir kjúklingaleggir | 349 | 449 | 349 | 20 |
| Bónus ferskir kjúklingavængir | 139 | 179 | 139 | 20 |
| Bónus ýsa með roði | 399 | Nýtt | 399 | |
| Bónus ýsa roðlaus | 499 | Nýtt | 499 | |
| Bónus ýsa roð og beinlaus | 599 | Nýtt | 599 | |
| Lipton íste 500 ml | 49 | Nýtt | 98 | |
| Euroshopper tómatsósa 1 kg | 98 | Nýtt | 98 | |
| Euroshopper steiktur laukur 200 g | 59 | Nýtt | 295 | |
| Euroshopper pylsusinnep 500 ml | 79 | Nýtt | 158 | |

**HAGKAUP** – Tilboðin gilda til 19. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS lambasúpukjöt sagað | 399 | 695 | 399 | 45 |
| Lambalæri ferskt úr kjötborði | 995 | 1.349 | 998 | 25 |
| Holta ferskur kjúklingur heill | 451 | 695 | 451 | 35 |
| Emmess skafís súkkulaði 1 l | 289 | 489 | 289 | 40 |
| Emmess skafís vanillu 1 l | 289 | 489 | 289 | 40 |
| Emmess skafís cappuccino 1 | 289 | 489 | 289 | 40 |
| Mccain pizza crust dellux/matmiklar 905 g | 599 | 639 | 661 | 5 |
| Mccain pizza crust pepperoni matarm. 820 g | 599 | 639 | 730 | 5 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 19. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa grillaður kjúklingur kaldur ca. 800 g | 479 | 799 | 599 | 40 |
| Móa kjúkl. blandaðir bitar | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Goða medisterpylsa reykt | 524 | 748 | 524 | 30 |
| Bautab. svínakótilettur rauðvínslegnar | 1.119 | 1.598 | 1.119 | 30 |
| Kea léttreyktur lambahryggur | 1.135 | 1.621 | 1.135 | 30 |
| Fjörf. spjátrungur ýsubitar 800 | 399 | 559 | 499 | 30 |
| Myllu brallarabrauð 770 g | 99 | 148 | 129 | 35 |
| Borgarnes Parísar lifrarkæfa 165 g | 167 | 239 | 1.012 | 30 |
| Toppur sítr/blát/hreinn/trön.&greip 1,5 l | 99 | 128 | 66 | 25 |
| Elvital sjampó/næring 250 ml | 299 | 369 | 1.196 | 20 |

**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 19. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambafille m/fituröndl | 2.698 | 3.198 | 2.698 | 15 |
| Ungnauta innralæri | 1.998 | 2.698 | 1.998 | 25 |
| Lambalæri úrbeinað fyllt | 1.998 | 2.298 | 1.998 | 15 |
| Grísalundir m/koníaks&gráfíkj. | 2.398 | 2.698 | 2.398 | 10 |
| Móa kjúklingabitar kryddaðir | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Fyrirtaks pizza m/pepp/marg/skinku/kjúkl&beikon 350 g | 399 | 569 | 1.140 | 30 |
| Líf ferskur appelsínusafi | 169 | 219 | 169 | 25 |
| Epli gul | 99 | 138 | 99 | 30 |
| Avocado | 249 | 349 | 249 | 30 |
| Mango | 149 | 339 | 149 | 55 |

**Þín verslun** – Tilboðin gilda til 22. mars

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Kjúklingalæri/leggir, magnpakki | 485 | 692 | 485 | 30 |
| Helgargrís m.sólþ.tómötum og basil | 1.399 | 1.748 | 1.399 | 20 |
| Parísar lifrakæfa 165 g | 183 | 244 | 1.109 | 25 |
| Medisterpylsa reykt | 621 | 828 | 621 | 25 |
| HEINZ tómatsósa TOP DOWN 567 g | 99 | 189 | 175 | 50 |
| Tantra Exotic 250 ml | 129 | 198 | 516 | 35 |
| Sunquick Orange 840 ml | 319 | 484 | 380 | 35 |

# Það nýjasta beint á útsölu í Kringlunni

***Vorfatnaður og aðrar nýjar vörur eru á 20-50 prósenta afslætti á Kringlukasti nú um helgina.***

Útsölustemning verður ríkjandi í Kringlunni um helgina og nýjar vörur seldar á verulega lækkuðu verði að sögn Birtu Flókadóttur markaðsstjóra. „Það er veittur afsláttur á bilinu 20 til 50 prósent í flestum verslunum,“ tekur hún fram. Hún segir Kringlukastið vera orðið fastur liður í verslunarháttum landans, enda bresti það á þrisvar á ári. Nær allir söluaðilar í Kringlunni taki þátt og veiti tilboð, jafnt verslanir sem veitingastaðir. „Þeir sem vilja gera góð kaup á nýjum vörur ættu að heimsækja okkur því það verður góð stemning alla helgina,“ segir Birta og tekur fram að Kringlan verði opin til 19 í kvöld, frá 10 til 18 á morgun og frá 13 til 17 á sunnudag. ■


Fólk í verslunarstuði.

## Búsáhöld á afslætti

Lagerhreinsun stendur yfir í Byko þessa dagana og þess vegna er 35-70 prósenta afsláttur af öllum búsáhöldum.

Bolislawiec kaffi- og matarstellið fæst nú á hálfvirði. Hver sá sem nú er að byrja að búa ætti að hafa efni á að fylla eldhússkápana af postulíni frá Póllandi.



Roasterpottur er á 45 prósenta afslætti og kostar nú 990 krónur.

Öll Bosch-heimilistæki eru á 25 prósenta afslætti og því rétti tíminn fyrir nýjan blandara og hrærivél.

www.velaborg.is S: 414 8600
Bobcat


ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR
Smámokstursvélar
Smágröfur
Skotbómulyftarar
Úrval af aukahlutum
Vélaborg ehf.
Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

# Stærsta sinnar tegundar

RISAÚTSALA LEIKBÆJAR STENDUR NÚ YFIR Í PERLUNNI. ÞAR MÁ FINNA LEIKFÖNG OG FLEIRA Á ALLT AÐ ÁTTATÍU PRÓSENTA AFSLÆTTI.

Leikbær hefur í gegnum tíðina oftast staðið fyrir veglegri útsölu einu sinni á ári. Áður fyrr fór útsalan fram í kjallara Leikbæjar í Faxafeni en það húsnæði þótti of lítið. Fyrir tveimur árum síðan var útsalan síðan í fyrsta skiptið haldin í Perlunni. Að sögn Elíasar Þorvarðarsonar, eiganda Leikbæjar eða bæjarstjóra Leikbæjar eins og hann vill sjálfur kalla sig, hafði útsalan árið 2004 gengið svo vel að allar birgðir hefðu klárast. Vegna þessa hefði ekki reynst mögulegt að halda útsöluna aftur fyrr en nú. Elías segir að á útsölunni megi finna alls kyns vörur og staðhæfir hann að útsalan sé langstærst sinnar tegundar í Evrópu og jafnvel í heiminum. Útsalan stendur yfir í sex daga en henni lýkur á sunnudaginn. Fyrstu tvo dagana segir Elías að yfir 3.000 manns hafi mætt á útsöluna og gerir hann því fastlega ráð fyrir því að fjöldi gesta á útsölunni fari vel yfir tug þúsunda.



Nú stendur yfir risaútsala Leikbæjar í Perlunni. Opið er milli klukkan 12 og 18. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tvö líf eins árs

Á morgun ætlar meðgöngufataverslunin Tvö líf að Holtasmára að halda upp á árs afmæli sitt. Af því tilefni verður veittur fimmtán prósenta afsláttur af öllum meðgöngufatnaði og boðið upp á léttar veitingar. Hönnuður fatalínunnar Noppies Maternity og barnafatalínunnar frá Noppies verður á svæðinu og veitir ráðgjöf. Opið verður frá 11 til 16.




Bíll úr flokki A

Vika í Danmörku

19.800*

kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

*Verð gildir eftir 1. apríl. Miðað við gengi 1. mars 2006

Bókaðu bílinn heima fyrir 1. apríl

- og fáðu 1000 Vildarpunkta

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 31583 03/2006

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is


# Ljós & orka rýmir fyrir nýjum vörum

*Ljós & orka rýmir fyrir nýjum vörum.*

Hægt verður að gera reyfarakaup í raftækjaversluninni Ljósi & orku, Skeifunni 19, fram á laugardag en verslunin rýmir nú fyrir nýjum vörum.

Ljós & orka er með flest til heimilislýsingar, hvort sem eru veggljós, loftljós eða lampar og geta gestir og gangandi keypt lýsingu á heimilið á 30 til 70 prósenta afslætti.

Nýir eigendur tóku nýlega við versluninni og hyggja þeir á að gefa versluninni algera andlitslyftingu. Verslunin verður lokuð frá 19. mars og fram að mánaðamótum, þegar vonast er til að ný og betri verslun líti dagsins ljós.



Hægt er að kaupa ljós og lampa á 30 til 70 prósenta afslætti.





NÚ er rétti tíminn fyrir Cañete teppasett

Páskatilboð á teppasettum og náttborðum



Mariola



Troya



Alba






Wing
Litir: Ljós eig eða wengi



Torro
Litir: Kirsuber



Banderas
Litir: Mahogany



Ade
Litir: Kirsuber eða beyki.

Fjöldi annarra gerða til sýnis í verslun okkar, Faxafeni 5

www.design.is @ 2006

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**Lárpera** eða avókadó er einn orkuríkasti ávöxtur sem völ er á. Um 75% af orku ávaxtarins kemur frá fitu en hún er að mestu einómettuð og því mun hollari en til dæmis mettaðar fitusýrur.




**Sérfræðingar í saltfiski**

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

**Fyrir verslanir:**

**Til suðu:**
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

**Til steikingar:**
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

**Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:**
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is



Piparsósa...
... þegar vindur hvín!




Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu




Fiskur er uppáhalds hráefni Steins Óskars Sigurðssonar kokks á Sjávarkjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Í kokkanám fyrir tilviljun

*Steinn Óskar Sigurðsson er kokkur á Sjávarkjallaranum. Hann er einn fimm kokka sem keppa um titilinn Matreiðslumaður ársins 2006.*

Steinn hefur keppt um titilinn tvisvar sinnum áður. „Ég keppti árið 2003 og svo aftur í fyrra en í bæði skiptin var keppnin haldin á Akureyri þar sem hún er annað hvert ár,“ segir Steinn. Steinn kláraði kokkanámið árið 2001 en hann lærði á Humarhúsinu. „Ég byrjaði reyndar að læra úti í Danmörku og það var eiginlega bara fyrir tilviljun að ég fór í þetta nám. Félagi minn sem ég fór með til Danmerkur var ákveðinn í því að fara að læra kokkinn og ég ákvað bara að prófa líka.“ Steinn hefur unnið á Sjávarkjallaranum síðan hann opnaði í ágúst 2003 og hann hefur mjög gaman af því að elda fiskrétti. „Fiskur er tvímælalaust mitt uppáhalds hráefni og sérstaklega íslenskur skelfiskur. Ferskur fiskur er bara frábært hráefni.“

Steinn segist vera frekar duglegur að elda heima hjá sér. „Ég er ekki svo mikið heima en þegar ég er þar þá er ég mjög duglegur að elda.“ Hann segist ekki fara mikið út að borða hérna á Íslandi. „Ég geri meira af því þegar ég er erlendis. Mér finnst til dæmis mjög gaman að fara út að borða í London því það eru margir staðir þar sem eru í svona fusion-matreiðslu eins og við erum í. Uppáhalds staðirnir mínir eru Zuma og Rocka í London en það er sami eigandi að þeim og þeir eru báðir í svona japönskum stíl.“

Steinn segir fjölbreytnina vera það skemmtilegasta við starfið. „Svo eru samstarfsfélagarnir náttúrulega frábærir og andinn í vinnunni er mjög góður.“

Steinn ætlar að gefa lesendum Fréttablaðsins uppskrift að söltuðum þorskhnökkum sem matreiddir eru á þrjá vegu, það er tempura, steiktir og hráir.



**SALTAÐIR ÞORSKHNAKKAR „3 WAY“ TEMPURA, STEIKTUR, HRÁR**
**(fyrir 4)**
**Þorskhnakkar:**
**800 g þorskhnakkar**
**100 g gróft salt**
**50 g sykur**
**50 g svartur pipar**

Þorskhnakkarnir eru látnir liggja í saltpæklinum í einn sólarhring og útvatnaðir í 6 klukkustundir.

**ÞORSKHNAKKI Í TEMPURA MEÐ TATZIKI-SALATI.**

**Tempuradeig:**
**160 g hveiti**
**300 ml sódavatn**
**3 g ger**
**½ tsk lyftiduft**
**Salt**
**Þurrefnunum blandað saman og sódavatninu hrært saman við.**

**TATZIKI-SALAT**
**½ stk gúrka**
**1 dós hrein jógúrt**
**8 myntulauf (fersk)**
**1 hvítlauksgeiri**

Jógúrt, fínsöxuð mynta og fínsaxaður hvítlaukur blandað saman. Gúrkan skorin í langa, þunna strimla og velt upp úr jógúrtsósunni.

200 g þorskhnakkar skornir í 3 cm langa strimla og þræddir á grillspjót. Þeim síðan dýpt í tempuradeigið og djúpsteikt í u.þ.b. 1 mín. Tatzikisalatið sett í skál og þorsknum stungið ofan í.

**STEIKTUR ÞORSKHNAKKI MEÐ STEINSELJURÓTAR- OG TONKAPIPARPURRE.**
**3 stk steinseljurót**
**2 bolli rjómi**
**1 bolli mjólk**
**2 stk tonkapipar**
**Salt**

Steinseljurótin skræld og skorin í bita og síðan soðin í rjómanum og mjólkinni. Að lokum er hún maukuð í matvinnsluvél og krydduð til með tonkapiparnum og salti.

400 g þorskhnakki skorinn í u.þ.b. 100 g steikur og steiktar í u.þ.b. 2 mín á hvorri hlið.

Gott er að steikja rautt chillí og apríkósur með þorsknum ásamt að toppa með fersku kóríander.

**ÞORSKHNAKKA-TARTAR Í MAKIRÚLLU**
**200 g þorskhnakkar**
**1 msk svört sesamfræ**
**1 msk sesamolía**
**1 stk límóna (börkur og safi)**
**½ stk rautt chillí**
**3 kvistar kóríander**
**2 stk nori-blöð**
**4 stk baby-aspas**
**2 msk wasabi-hrogn**
**2 msk sushi-engifer**

Þorskurinn fínt saxaður ásamt chillíinu og kóríander. Límónusafa og berki, sesamolíunni og sesamfræjunum bætt saman við. Aspasinn soðinn í saltvatni í 1 mínútu og snöggkældur.

Þorskhnakka-tartar þjappað í þunnt lag á nori-blaðið og rúllað upp með aspasinum í miðjunni. Hrognin og engiferið gefið með. Hægt er að bjóða upp á þennan rétt sem aðalrétt eða þrjá litla forrétti.

# BON COURAGE: *Stórlækkað verð og aukið úrval*

Vínframleiðandinn Bon Courage frá Robertson-héraðinu í Suður-Afríku hefur verið mjög sigursæll á vínsýningum um heim allan. Víngerðin hefur meðal annars verið kosin víngerð ársins af kollegum sínum og samkeppnisaðilum í Suður-Afríku. Vínlínan sem hefur verið fáanleg hér á landi um árabil hefur margoft unnið til verðlauna en einnig hafa dýrari vínin átt miklum vinsældum að fagna á meðal dómara. Sum þeirra eru nú fáanleg í Vínbúðunum á afrískum dögum sem standa út marsmánuð. Það eru freyðivínið Cape Classic Brut og eina sætvínið á afrískum dögum, Bon Courage Noble Late Harvest. Í tilefni afrísku daganna eru öll vínin frá Bon Courage á kynningarverði og lækka þau hlutfallslega mest þeirra vína sem eru á boðstólum á afrískum dögum.

Fyrir þá sem vilja meira þá er loksins hafin sala á flaggskipi Bon Courage, vínunum Inkara. Þau hafa undanfarin þrjú ár einungis verið fáanleg á Vínbarnum við Kirkjutorg, ástæðan hefur einfaldlega verið sú að Ísland hefur ekki fengið nema takmarkað magn af þessum gæðavínum. En vegna þeirra vínsælda sem vínin hafa notið á Vínbarnum og fjölda áskorana um að setja þau í sölu í Vínbúðum þá tókst innflutningsaðilanum að fá meira magn en áður.

Um er að ræða vínin Inkara Cabernet Sauvignon og Inkara Shiraz. Unnendur góðra og vandaðra vína ættu ekki að láta þetta tækifæri fram hjá sér fara.

***Kynningarverð á afrískum dögum:***
*Bon Courage Chardonnay og Bon Courage Sauvignon Blanc 990 kr.*
*Bon Courage Cabernet Sauvignon Shiraz, Bon Courage Shiraz og Bon Courage Cabernet Sauvignon 1.090 kr.*





Neysla chillí-pipars gæti dregið úr krabbameini.

# Pipar drepur krabba í blöðruhálskirtli

***Það efni sem gerir piparávexti sterka kallast kapasín. Þetta efni virðist einnig drepa krabbameinsfrumur.***

Frá þessu er greint á vef BBC en samkvæmt breskri rannsókn getur kapasín valdið stýrðum frumudauða hjá krabbameinsfrumum. Þetta gefur vonir um að hægt verði að vinna lyf úr piparávöxtum sem gagnast í baráttunni gegn blöðruhálskrabba.

Rannsóknin, sem framkvæmd var í Cedars-Sinai læknamiðstöðinni, fór þannig fram að tilraunamúsum var erfðabreytt svo þær höfðu mannlegar blöðruhálskirtilsfrumur. Músunum var gefinn piparskammtur sem samsvarar því að 90 kílóa maður tæki 400 mg af kapasíni á dag, eða borðaði 3 til 8 sterka piparávexti. Niðurstaðan varð sú að 80 prósent krabbameinsfruma létust.

Læknar vara þó við óhóflegri neyslu piparávaxta. Aðrar rannsóknir gefa það til kynna að þeir geti valdið magakrabbameini og benda á, máli sínu til stuðnings, háa tíðni magakrabba hjá þjóðum eins og Indverjum og Mexíkóum.



# Austurlenskur kjúklingur

***Fyrir fimm manns. Uppskrift frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.***

1-2 kjúklingar eða um það bil 2 kg kjúklingabitar
3 laukar
2 msk kanill
3 msk karrí
Salt og pipar eftir smekk
3 teningar kjúklingakraftur
2,5 dl matreiðslurjómi
Sósujafnari

Ef keyptir eru heilir kjúklingar eru þeir hlutaðir í sundur. Laukarnir eru saxaðir og kryddið sett út í ásamt 1 lítra af vatni. Suðan er látin koma upp og malla á meðan kjúklingabitarnir eru steiktir. Saltað og/eða pipraði eftir smekk. Bitunum bætt í pottinn og soðið í 30-40 mínútur. Þá eru bitarnir teknir upp úr, matreiðslurjómanum bætt í og sósan bragðbætt með kjúklingakrafti og öðru kryddi ef þörf þykir. Bragðlaukarnir eru góðir til leiðsagnar. Sósan þykkt með sósujafnara.

Borið fram með hrísgrjónum, rúsínum, kókósmjöli, og söxuðum agúrkum, rauðri og grænni papriku, og banönum.






## Miðjarðarhafs matseðill

Grænmetis „Croqeta" og staup af ertusúpu m/beikonkurli.
~
Kremuð Portobello súpa m/„Chantilly di menta"
~
Beikonvafinn nautalund m/marsala sósu, kartöflur „Puentenuevo" og paprikumousse — verð f/fjórrétta 4690.-
eða
Saltfiskur „Donostiarra" á kartöflubeði og m/ paprikuþrennu — verð f/fjórrétta 4390.-
~
Volg jógurtterta með mango og mintu ís

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27
Borðapantanir í síma 562 1988
Madonna síðan 1987 www.madonna.is














Kínakeisari var svo upprifinn af spínati að hann orti ljóð því til dýrðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Grænmetið hans Stjána bláa

*Spínat er upprunnið í Suðvestur-Asíu og hefur lengi verið notað í matreiðslu. Margir telja það góða járnuppsprettu en líkaminn getur ekki nýtt sér járninnihald spínatsins.*

Spínat er einær planta með gulgrænum blómum og getur orðið allt að einn metri á hæð. Plantan er upprunnin í Suðvestur-Asíu og nafn hennar komið af persneska orðinu aspanakh. Fyrstu rituðu heimildirnar um þetta grænmeti eru frá árinu 647 og segja frá því þegar konungur Nepals sendi Kínakeisara spínat sem dæmi um bestu matjurtirnar í ríki sínu. Konungurinn varð svo hrifinn að hann orti ljóð spínatinu til dýrðar.

Márarnir fluttu spínatið til Spánar um 1100. Á næstu öldum dreifðist það víða um Evrópu en var að mestu ræktað í munkaklaustrum. Í matreiðslubók sem dagsett er árið 1390 og tilheyrði Ríkharði öðrum Englandskonungi er að finna spínatsuppskriftir.



Spínat þrífst best í svölu veðurfari og er ræktað víða um heim. Margir telja spínat mjög járnauðugt. Það er rétt þó líkaminn taki lítið magn þess upp. Það stafar meðal annars af háu hlutfalli oxalsýru sem binst járninu og kemur því í veg fyrir járnupptöku í líkamanum. Hins vegar fær líkaminn mikið magn A-, C- og E-vítamína úr spínatinu og fjölda mikilvægra andoxunarefna. Ferskt spínat skal því vel og geyma í opnum poka í kæliskáp.

**SPÍNATBRAUÐ**
**285 ml vatn**
**570 ml þvegið spínat án stilka**
**4 msk + 1 tsk smjör**
**½ msk þurrger**
**1 egg, þeytt**
**1 msk sykur**
**1 tsk salt**
**1/8 tsk nýmalaður svartur pipar**
**Um 860 ml af hveiti**
**1 msk maldon-salt**
**1 msk rifinn parmesanostur**

Hitið ofninn í 190 gráður. Setjið vatn og spínat í lítinn pott. Mýkið spínatið og þrýstið á það með kúptum hluta skeiðarinnar í tæpa mínútu. Sigtið spínatið, þrýstið vel á það og geymið vökvann. Hellið vökvanum í skál ásamt 4 msk af smjöri og látið vökvann kólna svo hann fari niður í um 50 gráður. Blandið gerinu saman við og leysið það upp. Bætið þeyttu eggi, sykri, salti og pipar saman við. Fínsaxið spínatið og bætið út í gervökvann. Bætið hveitinu út í, hrærið vandlega og hnoðið síðan deigið í bolta. Olíupenslið skál, setjið deigið í hana og snúið því einu sinni við. Setjið plastfilmu yfir skálina og geymið hana á hlýjum stað í um klukkustund.

Hnoðið þá deigið vandlega á hveitistráðu borði. Skiptið því í sex kúlulaga hluta og setjið á smurða plötu. Stráið salti og osti yfir kúlurnar. Breiðið yfir plötuna og látið deigið hefast í um klukkustund á hlýjum stað. Bakið síðan í um þrjátíu mínútur eða þar til deigið er orðið gullið.

**SPÍNATÍDÝFA**
**4-500 g spínat, saxað gróft**
**1 msk smjör**
**1 msk olía**
**2 laukar, saxaðir**
**4 hvítlauksgeirar, saxaðir**
**1 tsk túrmerik**
**1 tsk kúmín**
**¼ - ½ tsk cayennepipar**
**½ tsk karríduft**
**¼ tsk kanill**
**1 dós hrein jógúrt**
**½ dós sýrður rjómi (18%)**
**Salt**

Smjörið og olían hituð á pönnu og laukurinn og hvítlaukurinn látinn malla í því í nokkrar mínútur án þess að brúnast. Allt kryddið sett á pönnuna og látið krauma með í 1-2 mínútur til viðbótar. Þá er spínatið sett út í og látið malla í fáeinar mínútur. Sett í skál. Jógúrt og sýrður rjómi hrært saman og blandað saman við spínatið. Saltað og borið fram til dæmis með pítubrauði, nan eða öðru austurlensku brauði, gjarna sem meðlæti.
*(Uppskrift fengin úr Matarást.)*

mariathora@frettabladid.is



## Til hnífs og skeiðar
GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Ofursalat

Læknir í Vesturheimi hefur tilgreint fjórtán fæðutegundir sem hann telur líklegastar til að halda mannslíkamsvélinni gangandi vel og lengi. Eins og gjarnan á við um góð vísindi þá koma niðurstöðurnar ekkert sérlega mikið á óvart, því á listanum eru: Lax, jógúrt, valhnetur, bláber, spínat, brokkál, tómatar, appelsínur, sojavörur, baunir, grænt og svart te, hafrar, grasker og kalkúnakjöt. Hér er hugmynd að ofursalati þar sem girnilegheitin vantar svo sannarlega ekki þó að hollustan sé í fyrirrúmi.

**2 stk. þykkar laxasneiðar (for-steiktar eða soðnar)**
**300 g ferskt spínat**
**100 g bláber**
**50 g valhnetur**



**Salatsósa:**
**1/2 dl ólífuolía**
**Safi úr 1/2 sítrónu**
**2 tsk. hunangs–dijon sinnep**
**1 tsk. fljótandi hunang**
**Salt/pipar eftir smekk**

Hægt er að nota afganga frá fyrri laxamáltíð, en það er algerlega verjandi að kaupa laxasneiðar gagngert fyrir þetta salat. Beinhreinsið kaldan laxinn og brjótið í flögur. Setjið spínat í botninn á fallegri skál og dreifið laxi, bláberjum og valhnetum yfir. Notið hvaða salatsósu sem er en hunangsósan virkar vel. Njótið og .. ka-búmm!! ...Da,da,ra,da...þvílíkur kraftur!



Það verður bakað og bakað í Herning.

## Bakarar keppa

TVEGGJA MANNA ÍSLENSKT LIÐ MUN TAKA ÞÁTT Í NORÐURLANDAKEPPNI BAKARA SEM HALDIN VERÐUR Í HERNING Í DANMÖRKU NÚ Á SUNNUDAGINN.

Tveir vaskir bakarar, þeir Þorvaldur Borgar Hauksson og Daníel Kjartan Ármannsson eru á förum til Danmerkur á vegum Landssambands bakarameistara. Þeir ætla sér með samstilltum vinnubrögðum að veita öðrum norrænum bökurum harða keppni í Herning á Jótlandi næsta sunnudag. Keppnin felst í því að leysa af hendi nokkur verðug verkefni innan tilskilins tíma. Á listanum eru að minnsta kosti matbrauð, smábrauð, vínarbrauð, terta og skrautstykki. Þorvaldur Borgar starfar í bakaríi Jóa Fel en Daníel Kjartan hjá Oddi bakara. Ásamt þeim fer einn dómari fyrir Íslands hönd til Herning. Sá heitir Jóhannes Felixson en það skal tekið fram að hann fær ekki að dæma íslenska liðið.



## FAGNAR FERMINGUNNI Á SPÁNI

*Kristbjörg Lúðvíksdóttir* SJÁ BLS. 13



## VIÐ HÁTÍÐLEG TÆKIFÆRI

*Kransakökugerð* SJÁ BLS. 6

[ SÉRBLAÐ UM VEISLUMAT – FÖSTUDAGUR 17. MARS 2006 ]

# fermingar



MYND/GUNNAR SVERRISSON

## EFNISYFIRLIT

KJÚKLINGALASAGNA
*Maturinn í veisluna* BLS. 2

FINNST RJÓMI VONDUR
*Daniel Riviere* BLS. 4



RÚSSNESK RAUÐRÓFUSÚPA
*Súpur* BLS. 4

GOTT OG GÓMSÆTT
*Kökuhlaðborð* BLS. 10

LÁTLAUSARA EN ÁÐUR
*Skreytingar í ferminguna*
BLS. 12



GRÆNT Á BORÐUM
*Litríkir grænmetisréttir*
BLS. 14

FERMINGARDAGURINN MINN
Gestabók • Myndir • Skeyti
Framleitt af Múlalundi vinnustofu SÍBS




FÆST Í ÖLLUM HELSTU BLÓMA- OG BÓKAVERSLUNUM LANDSINS
MÚLALUNDUR
VINNUSTOFA SÍBS • Hátúni 10c • Pósthólf 5137 • 125 Reykjavík



# Maturinn í veisluna

Umsjón og eldamennska Halla Bára Gestsdóttir
Myndir Gunnar Sverrisson

Þegar fermingarveislan er undirbúin ætti að taka mið af því að veislumaturinn sé þægilegur í undirbúningi og hann sé að mestu hægt að útbúa daginn áður. Hér eru hugmyndir að einföldum og bragðgóðum réttum sem taka sig vel út á hlaðborði, börnum á fermingaraldri þykir góður og aðeins öðruvísi og allir réttirnir passa saman sem góð máltíð.



### KJÚKLINGALASAGNA
Í meðalstórt eldfast mót

*1 grillaður kjúklingur*
*2-3 tsk mexíkóskt krydd, kryddblanda í poka, t.d. fajhita seasoning mix*
*1 dós refried beans, maukaðar baunir*
*1 dl vatn*
*1 tsk salt*
*1 tsk cúmín*
*2-3 msk jalapeno, smátt saxaður, má sleppa*
*1 krukka mild salsa sósa*
*1 krukka ostasósa*
*1 poki rifinn ostur*
*8 tortilla-kökur*
*2 dl sýrður rjómi*
*100 g rjómaostur*
*½ poki rifinn ostur, sem fer yfir að lokum*

Skerið kjötið niður af grillaða kjúklingnum í frekar smáa bita. Hrærið saman baunamauki, cúmín og vatn. Smakkið til með salti. Setjið jalapeno út í. Raðið tortilla-kökum í botninn á eldföstu móti þannig að þeki botninn. Smyrjið baunamauki yfir kökurnar, stráið kjúklingakjöti yfir, þá kryddblöndunni, salsasósu og dreifið osti yfir að lokum. Endurtakið nema í stað salsasósu fer ostasósa. Ljúkið ferlinu með því að hafa tortilla-kökur efst. Hrærið saman sýrðum rjóma og rjómaosti í potti á lágum hita. Hellið yfir efstu tortilla-kökuna. Stráið osti yfir að lokum. Bakið í ofni við 200 gráður í 30 mín. Berið fram heitt.

### MATARMIKIL ÍDÝFA MEÐ NAUTAHAKKI OG OSTI
Í meðalstórt eldfast mót

*500 g nautahakk*
*2-3 msk mexíkósk kryddblanda í poka, t.d. burrito seasoning mix*
*blaðlaukur, smátt skorinn*
*½ græn paprika, smátt skorin*
*½ rauð paprika, smátt skorin*
*1 rautt chili, ferskt, smátt skorið*
*400 g tómatsósa, úr dós*
*400 g ostasósa, úr dós eða krukku*
*2 dl vatn*
*1 msk Worcester-sósa*
*200 g rifinn ostur*
*½-1 tsk cayenne-pipar*
*½ tsk paprikukrydd*
*100 g rifinn ostur, yfir að lokum*



Brúnið nautahakkið og smakkið til með kryddblöndunni. Þegar það er næstum tilbúið blandið þá saman við lauk, papriku og chillí og mýkið aðeins. Hrærið tómatsósunni saman við, vatni, ostasósunni og Worcester-sósunni. Smakkið til með cayennepipar og paprikukryddi. Hrærið rifna ostinum saman við. Hellið blöndunni í eldfast mót og stráið rifnum osti yfir. Bakið við 200 gráður þar til osturinn er bráðinn. Berið fram með tortillum sem skornar eru í 8 bita og nachos-flögum.

### SNITTUR MEÐ ÞISTILHJARTAMAUKI
Um 30 stk.

*2 bagettur, sneiddar*
*ólífuolía*
*1 dós niðursoðin þistilhjörtu*
*3 msk majones*
*1 dl parmesanostur, fínrifinn*
*2 hvítlauksrif*
*½ tsk salt*
*100 g ostur, rifinn*



Penslið brauðsneiðarnar á báðum hliðum með olíunni. Brúnið brauðið undir heitu grilli í ofni á báðum hliðum. Setjið þistilhjörtu, majónes, parmesanost, hvítlauksrif, ost og salt í matvinnsluvél og maukið vel. Skiptið maukinu niður á brauðsneiðarnar. Bakið ofarlega í ofni við 225 gráður í 5-10 mín.

### FÍLÓÞRÍHYRNINGAR MEÐ SPÍNATI OG FETAOSTI
Um 28 stk.

*3 msk ólífuolía*
*1 blauðlaukur, fínt skorinn*
*200 g frosið spínat, saxað niður*
*hnefafylli steinselja, fersk, söxuð*
*85 g fetaostur*
*85 g rifinn ostur, cheddar*
*1 egg*
*salt og svartur pipar*
*14 fílódeigsblöð*

Mýkið laukinn í olíu á pönnu. Setjið spínat og steinselju saman við og látið steikjast aðeins. Takið af hitanum. Hrærið saman ostana og eggið, smakkið til með salti og pipar. Leggið fílódeigsblöðin slétt niður. Vinnið með eitt blað í einu. Penslið blað á báðum hliðum með olíu. Brjótið það saman. Skerið í tvennt svo úr verði tvær lengjur. Setjið rúmlega matskeið af spínatblöndunni neðst, vinstra megin á lengjuna. Brjótið endann yfir til hægri svo úr verði þríhyrningur. Veltið áfram á þennan hátt upp lengjuna. Penslið þríhyrninginn með olíu. Raðið á bökunarplötu og bakið við 200 gráður í um 15-20 mín. eða þar til fílódeigið er stökkt að utan og gullið að lit. Ef undirbúið daginn áður þarf að leggja rakt stykki yfir þríhyrningana og setja poka eða filmu yfir svo ekkert loft komist að, geyma á köldum stað.



### MEXÍKÓSKT PASTASALAT
Í meðalstóra skál

*220 g smátt pasta*
*2 tsk ólífuolía*
*½ tsk cúmín*
*400 g svartar baunir, black beans, niðursoðnar*
*1 dós maískorn*
*1 rauð paprika, skorin smátt*
*1 blaðlaukur, smátt skorinn*
*150 g svartar ólífur, smátt skornar*
*¾ b majónes, léttmajónes*
*½ b sýrður rjómi*
*¼ b salsasósa*
*2 msk kóríander, ferskt*

Sjóðið pastað skv. leiðbeiningum. Látið renna vel af því og skolið upp úr köldu vatni. Hellið olíunni yfir



það og blandið vel. Salatið er lagskipt. Pastað fer neðst í skálina, þá baunirnar, maískornin, laukurinn, paprikan, ólífurnar. Hrærið saman léttmajónes, sýrðum rjóma og salsasósu. Hellið sósunni varlega yfir efsta lag salatsins og stráið fersku kóríander yfir. Kælið í 2 tíma áður en borið fram en mælt með því að kæla salatið yfir nótt. Gott sem salat með mat sem og tortillum og Nachos-flögum.




## FERMINGARVEISLAN ER FYRIR BARNIÐ

Í stórum fermingarveislum þar sem margmenni er saman komið er ekki óalgengt að fermingarbarnið loki að sér inni í herbergi með vinum sínum og eigi rólega stund þar, fjarri amstri veisluhalda.

Fermingarveislan snýst fyrst og fremst um barnið og því mikilvægt að hafa það með í ráðum þegar kemur að því að veislan er skipulögð. Spyrjið barnið hvað það vilji helst gera. Látið ykkur detta í hug einhverjar uppákomur. Hægt er að fara í samkvæmisleiki, fá ömmu eða fermingarbarnið til að lesa upp úr Biblíunni, láta barnið ganga um með gestabókina til að skrifa í og að launum fá gestirnir lítið ritningarvers. Fáið fyndna frændann til að halda skemmtilega ræðu.

Framkvæma má ótal hluti til að gera veisluna skemmtilega og eftirminnilega bæði fyrir gesti og ekki síst fermingarbarnið.



Fyrir fermingarveisluna er öllu tjaldað til svo að veislan verði sem glæsilegust. Oft virðist þó gleymast að veislan snýst um fermingarbarnið en ekki kökur og skreytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# GEFÐU FREKAR **FRAMTÍÐARBÓK** KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

**Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans.**
**Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.**

KB BANKI

www.kbunglingar.is



Daniel fermist í Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Finnst rjómi vondur

Daniel Riviere ætlast ekki til að fá dýrar fermingargjafir en vill kökur í veisluna sem hann getur borðað.

Daniel Riviere Villamizar, nemandi í Stórvogaskóla, fermist þann 8. apríl í Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd. Fermingarárgangurinn er ekki stór því aðeins ellefu unglingar munu fermast með honum þennan dag. Daniel og móðir hans eru í þann mund að hefja fermingarundirbúninginn enda að mörgu að huga. „Við vorum að velja fermingarfötin. Mig langaði mest í hvít jakkaföt og svarta skyrtu. Ég veit um einn strák sem fermdist í þannig fötum og það fannst mér mjög flott,“ segir Daniel. Fermingarfötin sem urðu fyrir valinu að lokum eru hefðbundnari en þau hvítu. Jakkafötin eru svört, hvít skyrta með og blátt bindi.

Spurður hvaðan fötin eru keypt er hann ekki alveg viss um nafnið á búðinni en nefnir þó Retró eða 17.

Í fermingarveislunni sjálfa koma 70 gestir en hún verður haldin í heimahúsum. Daniel fær að ráða þó nokkru varðandi veisluna til dæmis um veitingar. „Það verða kökur þarna sem ég get borðað, ég vil ekki borða rjóma því mér finnst hann vondur. Það verða líka heitir réttir en mér finnst þeir ekkert svo góðir heldur,“ segir Daniel og bætir því við að mörgum öðrum finnist þannig matur góður og því verði hann líka á boðstólnum. „Ég er meiri súkkulaðikökumaður.“

Fermingarfræðslan hefur staðið yfir í allan vetur í Kálfatjarnarkirkju og á döfinni hjá fermingarbörnunum er að skrifa lokaritgerð um einkunnarorðin sín sem þau munu svo flytja á fermingardaginn sjálfan. „Ég man mín reyndar ekki alveg í augnablikinu,“ segir Daniel og hlær.

En hvað skyldi hann mest langa til að fá í fermingargjöf? „Mig langar mikið í fartölvu en þær eru svo dýrar. Ég fæ bara það sem ég fæ og ég verð örugglega mjög ánægður með það,“ segir Daniel hæverskur. Hann bætir því þó við að ef hann fengi peninga þá myndi hann leggja þá fyrir því hann langar til þess að fara til Noregs að hitta skyldmenni í lok sumars. „Kannski að ég reyni að fara akkúrat þegar skólinn er byrjaður í haust,“ segir hann glottandi.

Daniel segist að öðru leyti ekki hafa leitt hugann mikið að fermingargjöfunum en hann segist engu að síður hlakka mikið til fermingardagsins sjálfs.

# Súpur á fermingarborðið

Fátt er eins ljúffengt og góð súpa. Þær geta verið hollar, bragðmiklar og auðveldar í eldun ef farið er rétt að.



Örlygur Ólafsson, eigandi Súpubarsins og einn mesti súpuspekingur landsins, segir að auðvitað megi nota súpur í fermingar og í önnur veisluhöld. Örlygur segir að í flestum tilfellum sé auðvelt að stækka súpuuppskriftir. „Þegar þú ert að taka upp uppskrift, til dæmis fyrir fjóra, þá máttu alltaf gera ráð fyrir að minnka grænmeti um 10-15 prósent. Annars verða súpurnar bara of þykkar og leiðinlegar,“ segir Örlygur. Hann bætir jafnframt við að fólk verði að fara eftir eigin bragðlaukum og ekki treysta of mikið á sjálfar uppskriftirnar. „Sérstaklega þarf að fara varlega í kraftana. Umfram allt gildir að fara sér hægt og prófa sig áfram.“

Örlygur segir að lítið mál sé að geyma súpur í kæli og hita þær síðan upp á veisludaginn. „Oftast verða þær jafnvel betri daginn eftir.“ Örlygur bendr hins vegar fólki á að setja rjóma eða mjólk í súpurnar áður en þær eru hitaðar upp til þess að bera þær fram. „Ekki skál láta rjóma eða mjólk liggja í súpunni, þá getur súpan súrnað.“



### HUMARHÚSIÐ – TAÍLENSK FISKISÚPA

*1 l fisksoð*
*1 l kókosmjólk*
*1 knippi Galan Gal*
*1 lime*
*2 stk. lemmon gras*
*Rauður chili 1 stk.*
*Kafir lime lauf fersk 4 stk.*
*Fish sauce 1/2 matsk.*

Allt hráefnið er soðið saman.

Að síðustu er bætt út í súpuna humri, vorlauki og kóríander eða notað til skreytinga.

### ÓSUSHI – KJÚKLINGA OG GRÆNMETIS NÚÐLUSÚPA (UM 4 SKAMMTAR)

*500 gr. kjúklingakjöt*
*fínt saxað napa kínakál*
*fínt saxað spínat*
*gulrótar júlíanne*
*4 vorlaukar í fínum sneiðum*
*daikon í júlíanne*
*tofu*
*180 gr. shirataki núðlur*
*1 l sjóðandi vatn*
*1 tsk hon dashi*

Hægt er að útbúa einhverja góða japanska dip sósu sem væri borin fram með súpunni, gestirnir geta síðan dýft grænmetinu og kjúklingnum í dippið á meðan þeir gæða sér á súpunni.

T.d:
*Hihaizu dipsósa*
*125 ml. Tosa soya*
*125 ml. Hrísgróna edik*
*1 tsk mirin*
*hrært vel saman.*

Geymist heillengi í kæli

Blandað með chili, daikon og vorlauk áður en þetta er notað.

Tosa soja er sæt soja sem er löguð með því að sjóða saman japanska soja, bonito flögur, sake og mirin. Sigtað og kælt.

### SÚPUBARINN – RÚSSNESK RAUÐRÓFUSÚPA (FYRIR 12 MANNS)

*15 meðalstórar rauðrófur*
*6 gulrætur*
*6 laukar*
*1,5 lítrar af hvítkáli (mælt í millilítramáli)*
*4,5 lítrar af grænmetissoði*
*3-4 lárviðarlauf*
*4 tsk svartur pipar*
*3 tsk salt*
*4 msk ferskur sítrónusafi*
*Sýrður rjómi*
*Steinselja*

Rauðrófur flysjaðar og skornar í grófa teninga og það sama gert við gulræturnar. Laukur er grófskorinn og byrjað á því að steikja laukinn í mildri ólífuolíu. Rauðrófunum og gulrótunum bætt við og velt um í örstutta stund. Best er að vera búinn að hita kraftinn áður og bæta honum svo út í. Lárviðarlaufunum bætt út í og og látið malla við vægan hita í svona hálftíma. Lárviðarlaufin tekin úr og súpan maukuð alveg. Súpan hituð aftur en ekki þó að suðu. Þá er hún bragðbætt, sítrónusafi, salti og pipar bætt út í. Meðfram þessari eldamennsku skal hvítkálið soðið í hálfum lítra af vatni og salta örlítið. Sjóða það



í um það bil korter til tuttugu mínútur. Smakka þarf reglulega til þess að athuga hvort kálið sé ekki of hart en ekki má mauka það. Eftir það má bæta hvítkálinu saman við, sigta vatnið í burtu. Síðan er þetta allt hrært saman og skammtað hóflega á diskana því þetta er matarmikil súpa.

Súpan er skreytt með vænni teskeið af sýrðum rjóma og steinselju stráð yfir á fallegan hátt. Súpan er þá tilbúin til þess að bera fram.




# Sushi í bland við sætabrauð

Á veisluborðum í tilefni ferminga má finna margskyns kræsingar og ekki úr vegi að blanda nýjungum saman við hið klassíska sætabrauð.

### SUSHI FYRIR SEX MANNS

- Tveir pakkar sushi hrísgrjón
- Tveir pakkar nori blöð, það er grænn þari.
- Wasabi. Hægt er að fá tilbúið wasabi í túpu eða duftformi sem blandað er saman við vatn
- Sojasósa
- Sushi engifer. Fæst í krukku.
- Í sushiið er svo valið það sjávarfang og grænmeti sem hugurinn girnist. Sem dæmi mætti velja túnfisk, lúðu, lax, risarækju, annaðhvort hráa eða þræða hana upp á teina og sjóða í smá stund. Grænmetið gæti verið púrrulaukur, agúrka, lárpera, gulrætur eða hvað sem bragðlaukarnir kjósa.
- Að lokum þarf sushimottur svo hægt sé að rúlla herlegheitunum upp.
- Japanskt hrísgrjónaedik
- 1 lítri hrísgrjónaedik
- 700 grömm sykur
- 225 grömm salt



Sushi-réttir á veisluborðið eru góð tilbreytingin og vekja mikla kátínu veislugesta.
GETTYIMAGES/NORDICPHOTOS

Hrísgrjónaediki, sykri og salti er blandað saman og látið liggja í minnst fjórar klukkustundir. Nóg er að nota rúmlega 300 millilítra af blöndunni fyrir einn pakka af hrísgrjónum. Blöndunni er blandað saman við hrísgrjónin þegar þau hafa kólnað. Passið að hrísgrjónin verði ekki of blaut.

Þegar hrísgrjónin eru tilbúin og búið er að blanda hrísgrjónaedikinu saman við er ekkert annað eftir en að raða hrísgrjónum á nori blöðin ásamt meðlætinu og rúlla blöðunum upp. Einnig er hægt að búa til sushi bita sem eru þá ekki með þaranum. Þetta er svo borið fram með engifer, sojasósu og wasabi. Wasabi er blandað í sojasósuna og munið að fara varlega í smökkuninni þar sem Wasabiið er mjög sterkt. Bitunum er svo dýft í sósuna og gott er að fá sér engifer á milli til að hreinsa bragðlaukana.

*Uppskrift fengin af www.kokkar.is.*

Svefn & heilsa ★★★★★



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI

**SVEFN & HEILSA EF ÞÚ VILT LÁTA ÞÉR LÍÐA VEL**



**Stórt páskaegg fylgir öllum dýnum fyrir páska**










# ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ

**FERMINGARGJAFIR Í ÚRVALI**

Sængurverasett

Pakkatilboð á hlífðardýnu, laki, og pífu

Munið gjafakortin



**Pocket Boxspring**
90x200 kr. 24.900.- stgr.
120x200 kr. 29.900.- stgr.
140x200 kr. 34.900.- stgr.

**Beauty Sleep**
90x200 kr. 34.900.- stgr.
97x200 kr. 39.900.- stgr.
120x200 kr. 49.900.- stgr.
135x200 kr. 54.900.- stgr.
153x200 kr. 59.900.- stgr.

**Healthy Sleep**
90x200 kr. 44.900.- stgr.
97x200 kr. 49.900.- stgr.
120x200 kr. 59.900.- stgr.
135x200 kr. 64.900.- stgr.
153x200 kr. 69.900.- stgr.

**Royalty**
97x203 kr. 69.900.- stgr.
120x200 kr. 79.900.- stgr.
137x203 kr. 89.900.- stgr.
153x203 kr. 109.900.- stgr.

Verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.






BIFLEX með IQ-CARE heilsudýnu 90x200 cm.
Verð kr. 99.950 stgr.

## Góðar dýnur í sumarbústaðinn

★ GÆÐI
★ GÓÐ VERÐ
★ ÞJÓNUSTA
★ ÚRVAL
★ ÞEKKING







Svefn & heilsa ★★★★★

Gerum tilboð fyrir hótel og gistiheimili.

**Verið velkomin**
**www.svefn.is**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Slakað á í veislunni

Í stórri fermingarveislu þarf að huga að mörgum atriðum stórum sem smáum. Til þess að geta notið veislunnar til fulls er ekki úr vegi að fá sér gott aðstoðarfólk.

Veislan er auðvitað fyrir fermingarbarnið en foreldrarnir eiga að geta notið hennar líka án þess að þurfa að standa í eldhúsinu liðlangan daginn eða sjá um að nóg sé á borðum og í glösum. Leitið til vina eða vinnufélaga, eldri systkina eða nágranna. Biðjið saumaklúbbinn um aðstoð eða fáið börn vinafólks til að aðstoða. Seinna má svo launa greiðann í sömu mynt.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






Hafliði með sýnishorn af kransakökum sem hann segir einfalt að búa til. „Þetta er auðvitað eins og hver önnur bygging. Það þarf allt að vera rétt. Þú raðar ekki einhverju saman sem passar ekki saman!" segir hann og leggur áherslu á að hver og einn geti síðan skreytt kökurnar að vild. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Við hátíðleg tækifæri

Kransakakan hefur skapað sér hefð á fermingarveisluborði, hvort sem um kaffi- eða matarveislu er að ræða.

Kranskakakan á sér um hundrað ára sögu hér á landi og eins og vænta má barst sá siður hingað frá Danmörku að bera hana fram við hátíðleg tækifæri. Það er ekki eins flókið að búa til kransakökur og ætla mætti, einkum ef degið í þær er keypt tilbúið í bakaríum eins og algengt er. Sumir nota sérstök form til að móta hringina en Hafliði Ragnarsson bakari og konditor í Mosfellsbakaríi hefur kvarða við hendina og mælir deigbútinn sem fer í hvern hring. Hann lét okkur í té uppskrift að kransaköku og sýndi handbrögðin við gerð hennar.

Hægt er líka að kaupa hálfunninn kransakökumassa og bæta í hann sykri og eggjahvítum.

**KRANSAKAKA**
Hlutföllin eru

*1 kg massi*
*500 g sykur*
*5 eggjahvítur*

Eggjahvítunum og sykrinum er hnoðað saman við massann. Gott er að velgja það aðeins áður þannig að sykurinn bráðni. Nauðsynlegt er að laga massann minnst degi áður en kakan er mótuð, pakka honum inn og geyma í kæli þar til hafist er handa. Því kaldara og stífara sem degið er því auðveldara er að forma það. 18 hringja kaka er áætluð fyrir 40 manns.



Ein fullgerð frá Hafliða í Mosfellsbakaríi.



1 Byrjað er á að vigta deigið upp í jafn þungar kúlur (td. 150 g) til að allar rúllurnar verði jafn þykkar.



2 Fyrsti hringurinn er tólf cm að lengd og síðan bætast alltaf tveir cm við hvern hring.



3 Þrýst er á rúlluna þannig að hún fletjist út að nokkru leyti, en sé aðeins þynnri öðrum megin.



4 Rúllan er skafin upp af borðinu.



5 Mótaðir eru hringir úr lengjunni.



6 Hringirnir eru lagðir á pappírsklædda plötu og passað að þeir sitji vel, halli ekki og séu sléttir að ofan því annars getur farið illa þegar byrjað er að byggja.



7 Baksturinn tekur 7-10 mínútur í 200-220 g heitum ofni. Hringirnir eiga að vera stökkir að utan en mjúkir að innan. Síðan eru þeir kældir.



8 Glassúr búinn til úr eggjahvítu og flórsykri sem sprautað er á hringina bæði til skrauts og til að líma þá saman. Einnig er hægt að líma hringina saman með bræddu súkkulaði.



9 Efnið og áhöldin sem notuð voru við sýnikennsluna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FERMINGA

## ACER 5672




| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.66GHz Intel Core Duo T2300<br>Með 667MHz FSB og 2MB flýtiminni |
| Minni | 1GB Dual DDR2 533MHz<br>Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| Harðdiskur | 80GB 5400RPM SATA<br>5400RPM SATA harðdiskur |
| Skrifari | 8xDVD±RW Slot DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon X1400<br>Sjálfstætt minni, PCI-E 16X, TV-út |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Stýrikerfi | Windows XP Home - SP2<br>Á íslensku eða ensku |
| Annað | Vefmyndavél og kortalesari<br>Hvoru tveggja innbyggt í tölvu |

### ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL

**INTEL CORE DUO**
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Super multi 8xDVD DL geislaskrifari með Slot Load rauf sem þú stingur diskum beint inn í

**128MB ATI X1400**
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortið með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

## VERÐ 159.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

## ACER 3025WLMi




2.0GHz Mobile AMD Sempron 3300+ örgjörvi með HT • 512MB DUAL DDR minni • 80GB Ultra ATA100 harðdiskur • 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI Radeon X700 PCI-E 16X skjákort • Gigabit netkort • Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 119.900**

## ACER FERRARI 4002




1.6GHz AMD Turion64 ML-30 örgjörvi með 1MB flýtiminni og HT • 512MB DDR333 minni • 80GB Ultra 5400RPM harðdiskur • Slot 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI X700 PCI-E 16X skjákort • Gigabit netkort • Innbyggt Bluetooth • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 139.900**

## ACER 3613LMi




1.5GHz Intel Celeron M 370 Centrino 1MB • 256MB DDR minni • 40GB harðdiskur • 8xDVD skrifari • 15" XGA skjár • 64MB GMA900 skjákort • Þráðlaust net • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 79.900**

## ACER 3005WLMi




2.0GHz Mobile AMD Sempron 3300+ • 512MB DDR minni • 80GB harðdiskur • 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár • 128MB Mirage™2 skjákort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 99.900**

## ACER 1642WLMi




1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 • 512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur • 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite • 128MB Intel GMA900 PCI-E 16X skjákort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 104.900**

## ACER 1694WLMib




2.0GHz Intel Pentium M Dothan760 • 1GB DDR2 minni • 100GB harðdiskur • 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite • 256MB ATI X700 skjákort • Bluetooth • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 169.900**

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

# R TILBOÐ

0% VEXTIR
FYRSTA GREIÐSLA 1. MAÍ

# ACE 3700+




| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 3700+ Athlon64 - 939<br>1MB flýtiminni, 2000FSB+HT |
| Móðurborð | MSI K8N NEO4 FI - SATA2<br>PCI-Express 16x, 10xUSB2, FireWire |
| Minni | 1GB DUAL DDR 400MHz Corsair<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | 250GB WD SE 16MB - SATA II<br>SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| Skjákort | 256MB GeForce6 NX6600GT<br>MSI PCI-E 16x, 1GHz DDR3, Zero Noise |
| Skjár | 17" LCD Acer 1716S flatskjár<br>500:1 í skerpu og 12ms viðbragðstími |
| Skrifari | 16x DVD± DL skrifari16x<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | 5.1 Altec Lansing hljóðkerfi<br>5 öflugir hátalarar og bassabox |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Gigabit netkort |
| Stýrikerfi | Windows XP Home - SP2<br>Á íslensku eða ensku |

## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**64 BITA 3700+**
Öflugur 64-bita 3700+ AMD Athlon örgjörvi með 1MB í cache 2000FSB og Hyper Transport

**6600GT ZERO NOISE**
Ótrúlega öflugt viftulaust skjákort og þar með 100% hljóðlaust með Zero Noise MSI Heatpipe tækni

**SATA II – 16MB**
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

**17" LCD SKJÁR**
Ótrúlega nettur skjár með 500:1 í skerpustig og 12ms hraða fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

**5.1 HLJÓÐKERFI**
Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugu bassaboxi

**SPECIAL EDITION**
ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, Logitech mús, lyklaborði og SE músarmottu

VL15
* Samtals kr. 155.169
9.993

# VERÐ 149.900

## ACE AMD TILBOÐ 6



VL15
* Samtals kr. 134.466
8.660

3500+ AMD Athlon64 örgjörvi með 2000FSB og HT
1GB DUAL DDR minni • 250GB WD SE SATA2 harðdiskur 16MB
17" LCD skjár • 256MB GeForce7 NX7300GS PCI-E 16X skjákort
16xDVD±/DL skrifari • 7.1 Dolby Digital hljóðkort • Gigabit netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

## ACE AMD TILBOÐ 8



VL18
* Samtals kr. 186.223
9.994

AMD DualCore 4200+ X2, 2x512K flýtiminni, 2000FSB og HT
1GB DUAL DDR minni • 250GB WD SE SATA2 harðdiskur 16MB
17" Gamers skjár • 256MB GeForce6 6600GT viftulaust skjákort
16xDVD±/DL skrifari • 7.1 Dolby Digital hljóðkort • Gigabit netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 179.900**

## ACE AMD TILBOÐ 2



2800+ AMD Sempron 64-BIT HT
256MB DDR minni • 80GB harðdiskur
Combo geisladrif • 17" LCD skjár
64MB S3 Unichrome skjákort • Netkort
2 hátalarar • Windows XP Home

**VERÐ 74.900**

## ACE AMD TILBOÐ 3



VL15
* Samtals kr. 93.060
5.993

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 160GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
128MB GeForce 6100 skjákort • Netkort
2 hátalarar • Windows XP Home

**VERÐ 89.900**

## ACE AMD TILBOÐ 4



VL15
* Samtals kr. 103.411
6.660

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 250GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
128MB GeForce 6100 skjákort • Netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 99.900**

## ACE P4 TILBOÐ 4



VL15
* Samtals kr. 134.466
8.660

3.0GHz Intel P4 630 EM64T SpeedStep
1GB DDR2 minni • 250GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
256MB GeForce NX7300 skjákort • Netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 129.900**

MasterCard VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730
**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400
**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400

# Gómsætt og glæsilegt

Tertur og kökur eru sívinsælar í fermingarveislum.

Eftir að síðdegiskaffitímar með sætu bakkelsi urðu sjaldgæfari á heimilum er fólki meira nýnæmi á kökum en áður var. Oft eru veislur einu tilefnin sem tertur og kökur sjást á borðum. Þær renna því yfirleitt ljúflega niður hjá veislugestum, bæði þeim yngri og eldri. Kökuboð hafa þann kost að mest öll veisluföng þarf bókstaflega að útbúa fyrirfram. Fyllingar í tertur er til dæmis nauðsynlegt að setja á daginn áður og þá er ekkert eftir nema að leggja á þær lokahönd, einkum ef ávextir eru notaðir til skreytingar. Hér koma nokkrar uppskriftir að tertum og kökum sem góð reynsla er komin á og eiga ekki að geta klikkað.



### SANS RIVAL TERTA

*500 gr möndlumassi*
*4-5 eggjahvítur*

Rífið möndlumassann gróft. Stífþeytið hvíturnar og blandið þeim varlega út í. Skiptið deiginu í þrennt og breiðið hvern hluta fyrir sig á plötur með smurðum og mjölbornum bökunarpappír. Kökurnar eiga að vera um 20 cm á kant. Bakið í miðjum ofni í 15-20 mínútur á 175 gráðum. Kælið.

**Núgat:**
*1 1/2 dl sykur*
*3/4 dl möndluflögur*

Bræðið sykurinn með möndlunum í og látið verða ljósbrúnan á pönnu. Hrærið í. Hellið á olíuborna eða smurða plötu og látið kólna. Steytið síðan núgatið með mortéli eða kefli.

**Smjörkrem**
*2 dl vatn*
*2 matsk. smjör*
*2 matsk. hveiti*
*2 eggjarauður*
*250 gr smjör*
*1 dl flórsykur*
*1 tesk vanilla*

Sjóðið vatnið með smjörinu. Hrærið hveitinu smátt og smátt í og hrærið þar til jafningurinn losnar við botn og sleif. Dragið pottinn af eldinum og hrærið eggjarauðurnar í, aðra í senn. Látið kremið kólna.

Hrærið smjörið létt með flórsykrinum. Setjið soðna kremið í smátt og smátt og þeytið vel á meðan. Bragðbætið með núggati og vanillu.

Leggið botnana saman með kreminu og smyrjið því ofan á og á hliðarnar.

**Til skrauts**
*100-150 gr marsipan*
*matarlitur*
1/2 poki (35 gr) möndluspænir

Litið marsipanið í þeim lit sem hæfa þykir og fletjið það út. Skerið það í ræmur og skreytið kökuna eftir smekk.

Ristið möndluspænina létt í ofninum og stráið yfir.

Þessi kaka heldur sér vel og upplagt er að baka hana nokkrum dögum fyrir veislu.



### SACHER SÚKKULAÐITERTA

Uppskrift frá Ingibjörgu í Veisluþjónustu Mensu.

*170 g smjör*
*130 g sykur*
*6 stór egg*
*1 tsk. vanillusykur*
*170 g dökkt súkkulaði*
*70 g brauðmylsna*
*150 g apríkósumauk*
*250 g hjúpsúkkulaði*
*1/2 dl rjómi*
*smjör og hrísmjöl til að bera í formið.*

Súkkulaðið er brætt í skál yfir vatnsbaði. Kælt smávegis. Smjörið er hrært með helmingnum af sykrinum og vanillunni og súkkulaðið hrært út í. Því næst er eggjarauðunum bætt í, einni í einu.

Eggjahvíturnar eru stífþeyttar með afganginum af sykrinum og blandað varlega saman við. Að síðustu fer brauðmylsnan út í.

Deigið er sett í smurt kökuform 24-30 cm í þvermál og bakað í 35-40 mínútur frekar neðarlega í ofni sem stilltur er á 170 gráður. Kakan er látin kólna. Tekin úr forminu og smurð með apríkósumaukinu sem áður hefur verið hitað í potti og sigtað.

Þá er hjúpurinn og rjóminn hitaður varlega í góðum potti og smurt á kökuna og hún skreytt.

Kakan er borin fram með þeyttum rjóma.

### KLEINUR

Uppskrift frá Inger húsfreyju á Indriðastöðum í Borgarfirði.

*1,5 kg hveiti*
*375 g sykur*
*10 tsk. lyftiduft*
*2-3 egg*
*1/2 l mjólk*
*1/2 l súrmjólk*
*100 g smjörlíki brætt*
*kúmen eftir smekk*

Þetta er allt hnoðað létt saman og flatt út í stórar kökur sem skornar eru í tígla, með gati í miðju og kleinunum snúið eftir fornum hefðum sem flestir þekkja. Þær eru síðan steiktar upp úr heitri olíu.

### FLATKÖKUR

*1 kg rúgmjöl*
*2 bollar hveiti*



*1 tsk. salt*
*1 msk. sykur*
*12 dl sjóðandi vatn*

Rúgmjöli, salti og sykri blandað saman. Vætt í með vatninu og hræran látin standa í u.þ.b. 2 tíma undir dúk. Síðan er degið hnoðað upp með hveiti og skipt í hæfilega bita sem flattir eru út og kökurnar bakaðar á eldavélarhellu.

Smurðar með íslensku smjöri og hangikjöti.

### KÓKOSMJÖLSTERTA

*4 eggjahvítur*
*200 g sykur*
*200 g kókosmjöl*

Eggjahvíturnar og sykurinn stífþeytt, kókosmjölinu bætt varlega út í. Bakað í einu formi í hálftíma á 175 gráðu heitum ofni.

**Krem**
*4 eggjarauður*
*60 g flórsykur*
*50 g smjör*
*100 g suðusúkkulaði*

Eggjarauðurnar og flórsykurinn eru þeytt á meðan smjörið og suðusúkkulaðið er látið bráðna í potti á vægum hita. Það er síðan sett út í eggjahræruna smátt og smátt og kremið þeytt á meðan. Sett á kökuna þegar hún hefur kólnað.

*8 dl rjómi þeyttur*
*jarðarber og bláber til skrauts.*





Í Völusteini færð þú allt sem viðkemur fermingu. Serviéttur, sálmabók og gestabók, sem við sjáum svo um að láta gylla á, ásamt fermingastyttu, áletruðu kerti og öllu öðru sem þarf til að gera þína veislu sem glæsilegasta.
Hjá okkur færðu sérþekkingu og þjónustu varðandi allt sem þú þarft fyrir ferminguna.

VÖLUSTEINN
fyrir fíma fingur
Bæjarlind 14 - 16 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is




Fanney vill helst vera í pilsi og hvítum bol við.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hefur engar áhyggjur

Fanney fermist í Árbæjarkirkju þann 30. apríl. Hún hefur hvorki valið sér föt né ákveðið hvað hún vill í fermingargjöf.

Fanney Jóhannesdóttir hefur ekki miklar áhyggjur af fermingunni sinni en hún er í 8. bekk í Ingunnarskóla og mun fermast í Árbæjarkirkju þann 30. apríl.

Fanney hefur ekki valið sér fötin og veit ekki hvernig hún ætlar að hafa hárið. „Ég er búin að fara einu sinni í búðir og fann ekki neitt. Ég ætla að fara aftur um næstu helgi með frænku minni sem er tveimur árum eldri,“ segir Fanney sem kveðst helst vilja vera í hvítum bol og pilsi í öðrum lit. Hún ætlar að láta greiða sér á Kompaníinu og fer í prufugreiðslu sama dag og fermingarmyndatakan verður. Foreldrar Fanneyjar fá að ráða öllu varðandi veisluna sjálfa og þegar hún er innt eftir því hvort hún ætli að biðja um eitthvað sérstakt í fermingargjöf kveðst hún einfaldlega ekki hafa hugsað neitt út í það.



FERMINGAR GJAFA VEISLA
PHILIPS
3GB
JUKEBOX
HÆGT AÐ NOTA SEM DIKTAFÓN!
Philips HDD085
JUKEBOX með 3GB hörðum disk sem tekur allt að 1500 MP3/WMA lög, stórum LCD skjá með baklýsingu, SuperScroll og SuperPlay - auðvelt að finna og spila lög, tónjafnara, diktafóni og USB 2.0 tengingu. Uppfæranlegur. Aðeins 78 grömm.
MP3 SPILARI
TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ 24.995
PHILIPS
MP3 SPILARI
Philips SA157
Flottur og einfaldur 512mb MP3 SPILARI með tónjafnara, heyrnartólum, hálsól, USB tengingu og hugbúnaði. Aðeins 25 grömm!
Fæst einnig með 1GB minni á kr. 14.995
TILBOÐ 10.995
FULLT VERÐ 12.995
OLYMPUS
Olympus FE115
Digital MYNDAVÉL með 5 milljóna punkta upplausn, 2.8x Optical Zoom og 4x Digital, 6.2 - 17.4mm linsu, 1,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku,USB og 28mb minni. Tekur xD kort.
5 MEGAPIXEL
TILBOÐ 11.995
FULLT VERÐ 14.995
CASIO
EXILIM ZOOM
SUPER LIFE BATTERY
ÖRÞUNN
Casio EXZ600
Örsmá Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, 2,7" LCD skjá, 3x Opitcal Zoom og 4x Digital Zoom, 6.2 - 18.6mm linsu, Anti Shake DSP hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3Mb minni og rauf fyrir SD kort. Super Life rafhlaða endist í 550 myndir.
550 MYNDA RAFHLAÐA ENGINN GERIR BETUR
6 MEGAPIXEL
VERÐ 29.995
FRÁBÆRT VERÐ
MÁ HENGJA Á VEGG
Philips MCM240
2x10w Míkró SAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og FM útvarpi með 40 stöðvaminnum, 2 way Bass Reflex hátölurum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control og Surround, Aux inn, heyrnartólstengi og fjarstýringu.
PHILIPS SPILAR MP3 DISKA
TILBOÐ 17.995
FULLT VERÐ 19.995
Philips MCM390
2x30w Míkró SAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi, útvarpi með stöðvaminnum, Incredible Surround og Dynamic Bass Boost, 2 way hátölurum, og fjarstýringu.
PHILIPS SPILAR MP3 DISKA
VERÐ 19.995
FRÁBÆRT VERÐ
DVD VIDEO
Spilar DVD, DVD+R/RW og (S)VCD
Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
Philips MCD510
2x50w MÍKRÓSAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital og DTS út, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, Component, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal tengi, útgangi fyrir subwoofer, Aux, heyrnartólstengi, segulbandi, vönduðum viðarhátölurum og fjarstýringu.
PHILIPS SPILAR MP3 DISKA
TILBOÐ 29.995
FULLT VERÐ 39.995
Philips MCM11
2x150w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum, D klassa stafrænum magnara, 2x150w, 2 way viðarhátölurum, klukku, vekjara og fjarstýringu.
PHILIPS SPILAR MP3 DISKA
VERÐ 39.995
FRÁBÆRT VERÐ
CASIO
SOUND TECHNOLOGY CASIO
MEÐ ÁSLÁTTARNÆMI
Casio CTK800
61 nótna HLJÓMBORÐ með áslóttarnæmi, 32 nótna pólifóníu, 500 hljóðum og 120 rythmum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá með baklýsingu, tengi fyrir USB, míkrafón og pedala.
TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ 24.995
PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
15 TOMMUR
Philips 15PF4121
15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, 500:1 skerpu, Crystal Clear og Progressive Scan, Anti Reflection sem minnkar glampa, 8w Nicam Stereo með Dolby Virtual Surround, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-I tengi (styður VGA, SVGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.
VERÐ 54.995
FRÁBÆRT VERÐ
DVD VIDEO STEREÓPAKKI
NAD C521BEE – Titanium
Vandaður GEISLASPILARI með 20 laga minni, Burr Brown Sigma Delta 20-bit DA converter, Repeat/Random mode, Coaxial output og fjarstýringu. Spilar CDR/CDRW diska.
NAD C320BEE – Titanium
2x90w (2x50w RMS) MAGNARI með 7 Line in, gulltengjum, Pre Out og Main In og fjarstýringu.
DALI Concept 6
Hágæða danskir 150w GÓLFHÁTALARAR.
NAD
DALI
TILBOÐ 79.995
FULLT VERÐ 109.995
HUGVERKAsmiðja
PHILIPS DVD VIDEO HEIMABÍÓ
SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD
SPILAR CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG
Philips HTS3300
Nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnara, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, 4x Video Upsampling, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.
TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ 29.995
Heimilistæki
www.ht.is
SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT
HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# Með fiðrildum og blómum

Servíettur eru nauðsynlegar á fermingarveisluborðum. Hægt er að fá þær í öllum regnbogans litum en appelsínugulur er vinsæll þetta árið.

Servíettur setja skemmtilegan svip á veisluborðið, hvort sem þær eru uppábrotnar eða einfaldlega hafðar sléttar. Þær verða vissulega að vera í stíl við annað borðskraut en þurfa þó alls ekki að vera alveg eins. Skærir og vorlegir litir eru vinsælir enda er fermingardagurinn gleðilegur og skemmtilegur. Appelsínugulur er áberandi þetta árið og hentar vel bæði strákum og stelpum. Einnig eru mynstur svo sem fiðrildi, hjörtu og blóm alltaf vinsæl.

Hér má sjá servíettur úr þremur verslunum í borginni.





Duka. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

FESTINA
Since 1902



- Leðuról
- Stálkassi
- Skeiðklukka
- Dagatal
- 50 m vatnsvarið

**Fermingartilboð**
*kr. 15.700*

- Leðuról
- Stálkassi
- Dagatal
- 50 m vatnsvarið

**Fermingartilboð**
*kr. 12.900*

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI

# Látlausara en áður

Borðskreytingar í fermingum eru yfirleitt vorlegar og litirnir sterkir.

Litir og blóm í fermingarskreytingum haldast í hendur við árstímann, sem er vorið. Skreytingarnar eru svipaðar frá ári til árs og lítið um tískuliti í þessum efnum. „Frekar er þetta spurning um hvaða blóm eru á þessum tíma,“ segir Agnes Lind Heiðarsdóttir, eigandi Ráðhúsblóma í Bankastræti 4. Skreytingarnar eiga að minna á að vorið sé að springa út. „Ég nota til dæmis mjög mikið laukblómin og blóm í þessum vorlitum. Á þessum tíma er fólk alveg tilbúið í að fara í hressandi liti,“ segir Agnes.

Ekki er sama af hvoru kyni fermingarbarnið er. „Stelpur eru alltaf meira fyrir bleikt og rautt en strákar fyrir appelsínugult og límónugrænt, þó auðvitað sé allur gangur á þessu.“



Það er blómabarnastemning yfir þessari skreytingu og meira fjör í gangi. Hún er gerð úr blönduðum vorblómum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Með blómskreytingunum eru oft kerti og síðan blómvendir í vasa. „Á tímabili voru fermingarskreytingar nánast eins og í brúðkaupum en nú er allt orðið látlausara,“ segir Agnes að lokum.

Blómaskreytingarnar á myndunum eru frá Ráðhúsblómum og henta bæði fyrir stráka og stelpur.



Þessi skreyting er ljúfari og mildari. Sumarleg blómin minna á baldursbrár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

FERMING 2006



| Strákar | |
|---|---|
| jakkaföt | 15.990 |
| skyrta | 4.990 |
| bindi | frá: 2.990 |
| skór | frá: 5.990 |

| Stelpur | | | |
|---|---|---|---|
| kjólar | frá: 4.990 | ermar | frá: 2.990 |
| buxur | frá: 3.990 | pils | frá: 4.990 |
| jakkar | frá: 9.990 | skór | frá: 4.990 |
| bolir | frá: 2.990 | stígvél | frá: 4.990 |

retro
Smáralind s.512 1744 - Kringlunni s.512 1742



Kristbjörg Lúðvíksdóttir fermingarbarn er á leið til Mallorca í tilefni fermingar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Fer til Mallorca í tilefni fermingar

Kristbjörg Lúðvíksdóttir fermist þann 13. apríl næstkomandi. Í stað þess að halda stóra fermingarveislu ætlar hún með foreldrum sínum til Mallorca.

Kristbjörg Lúðvíksdóttir er eitt af þeim fjölmörgu fermingarbörnum sem staðfesta skírnarheitið á þessu ári. Fermingardagurinn hennar er þann 13. apríl, á Skírdegi.

Kristbjörg segir fermingarfræðsluna hafa gengið vel og hún sé farin að hlakka mikið til dagsins. „Ég fermist í Fella og Hólakirkju og við erum svona tólf sem fermumst saman,“ segir Kristbjörg.

Fermingarveislan hjá Kristbjörgu verður ekki með hefðbundnu sniði enda mun hún halda upp á hluta fermingarinnar á Spáni. „Ég, mamma og pabbi ætlum að fara til Mallorca í tvær vikur,“ segir Kristbjörg glaðbeitt og segist ekki svekkt yfir því að fá ekki stóra veislu. „Mig langaði frekar að fara til útlanda og spurði bara hvort ég mætti það. Við höldum litla fermingarveislu hér heima fyrir þá nánustu en mig langaði frekar að gera þetta svona en hafa risastóra veislu.“





FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000





# Grænt á borðum

Grænmetisréttir er hollir og góðir réttir sem fara vel í maga og eru sérstaklega litríkir og fallegir á borði.

Á veitingastaðnum Á næstu grösum er rekin veisluþjónusta þar sem veislan er sniðin að þörfum hvers og eins, og eru þar útbúnar tapasveislur, brunch borð og hlaðborð. Við fengum matreiðslumeistara staðarins til að matreiða fyrir okkur nokkra góða grænmetisrétti sem gætu verið skemmtilegir í fermingarveisluna. Grænmeti er skemmtilegur valkostur á veisluborðið, enda bæði hollt og fallegt og er bæði hægt að bjóða eingöngu upp á grænmetisrétti eða blanda þeim saman við kjötrétti.

### FENNEL OG APPELSÍNUSALAT

*1 stk. fennel*
*2 stk. appelsínur*
*100 g ólífur*
*½ búnt klettasalat*
*2 msk. ólífuolía*
*Salt og pipar*

• Fennelið er skorið mjög fínt, helst með mandólíni.
• Skorið utan af appelsínunum, appelsínulaufin skorin úr og blandað saman við fennelin.
• Blandið öllu saman og látið standa í a.m.k. 8 tíma fyrir framreiðslu.



Sæmundur og Dóra á veitingastaðnum Á næstu grösum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

• Þetta er fallegt og ferskt salat sem hentar vel á smáréttahlaðborð.

### KÚRBÍTS OG TÓMATTERRINE

*2 stk. kúrbítur*
*4 stk. tómatar*
*50g spínat*
*100g pestó*



• Klæðið brauðform með plastfilmu.
• Kúrbíturinn og tómatarnir eru sneiddir eins þunnt og unnt er, mjög gott að nota mandólín.
• Raðið til skiptis kúrbítnum, tómötunum og spínatinu í formið og smyrjið pestóinu á milli laga. Endið á kúrbíts sneiðum og leggið plastfilmuna yfir. Setjið annað form ofan á og eitthvað þungt ofan í það. Látið pressast yfir nótt eða a.m.k. 8 tíma.
•Gott að bera fram með þessu meira pestó og brauð.

### SÆT KARTÖFLUMÚS Á SELJURÓTARSNEIÐ

*1 stk. seljurót (meðal stór)*
*2 stk. sætar kartöflur (400 g)*
*3 greinar mynta*
*2 greinar kóríander*
*Salt, pipar*
*Ólífuolía*
*1 pakki hörkex*

• Skrælið seljurótina og skerið í 1 cm sneiðar, penslið með olíu og kryddið og bakið í ofni við 170°c í 15 mín.



• Skrælið sætu kartöflurnar og skerið niður og bakið við 170°c í 15 -20 mín eða þar til þær eru mjúkar. Smellið þeim í matvinnsluvél ásamt myntugreinum og kóríanderinu og kryddið.
• Sprautið sætkartöflumaukinu huggulega á seljurótarsneiðarnar. Berið fram heitt og skreytið með hörkexi.
• Þetta er snyrtilegur réttur sem gengur vel sem smáréttur eða sem meðlæti með öðru, t.a.m. þungum kjötréttum.





# Heitar og kaldar

Veisluborðið er ekki fullkomið nema nóg sé þar af sósum. Telja margir matinn ekki vera svip hjá sjón nema hægt sé að drekkja honum í almennilegri sósu.

Á hlaðborði þurfa sósurnar að vera af ýmsu tagi, rétt eins og maturinn sem þar er í boði. Gott er að hafa bæði heitar og kaldar sósur, og er ágæt regla að hafa eina sósu af hvorri sort sem gengur með flestum mat. Hefðbundin sveppasósa passar vel með flestu kjöti, bæði heitu og köldu og góð kokkteilsósa klikkar aldrei. Við þessar hefðbundnu sósur er gott að bjóða upp á sósur sem eru afgerandi og bragðsterkar, eins og austurlenskar sósur.



### BERNAISESÓSA

Ef Bernaise sósan ef höfð þykk, getur hún gengið sem ídýfa með soðnum aspas. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

*4 eggjarauður*
*400 gr smjör (brætt)*
*2-3 msk. Bernaise-bragðefni*
*1-2msk. estragon*
*1tsk. nautakraftur*
*1 sítrónubátur*
*salt og pipar*

Smjörið er brætt. Þeytið eggjarauðurnar og bernaise-bragðefnið saman yfir heitu vatnsbaði. Smjörið er sett varlega út í og pískað vel saman. Bragðbætt með estragoni, kjötkrafti, sítrónusafa, salti og pipar.

### HNETUSÓSA „SATAY“ AÐ ASÍSKUM HÆTTI

*2 bollar af kjúklingasoði*
*3 matskeiðar „Crunchy Peanut“ Hnetusmjör (Peter Pan)*
*1/2 msk. af salti*
*1/2 msk. af sykri*
*1 msk. af grófu maukuðu chili*
*Maísmjöl eftir smekk*

Kjúklingasoð og hnetusmjör er hrært saman í potti við miðlungshita. Síðan er salti, sykri og chili blandað út í og þykkt með maísmjöli eftir smekk. Hnetusósan bragðast mjög vel út á kjúkling og fisk en einnig stendur hún prýðilega með tofú kjöti og grænmeti.

### SÚRSÆT SÓSA



Súrsæta sósan er sígild með austurlenskum mat. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

*3 litlar dósir af tómatkrafti*
*2 bollar af ananassafa*
*2 bollar af sykri*
*3 bollar af vatni*
*1 gróft skorinn laukur*
*Maísmjöl eftir smekk*

Allt innihald er hrært saman við miðlungshita og svo þykkt upp að vild með maísmjöli. Súrsæt sósa er einkar ljúffeng með djúpsteiktum mat, sérstaklega þó rækjum.

Gott er að bera fram hrísgrjón með þessum sósum þar sem þau blandast þeim vel og auka enn á bragðgæðin.

### TZATZIKI – GRÍSK SÓSA

Sérstaklega góð með lambakjöti.

*450 ml. hrein jógúrt*
*1 gúrka, afhýðuð og skorin niður í litla bita*
*Maldon salt á hnífsoddi*
*4 stór hvítlaukslauf, söxuð*
*1 msk. ólífuolía*
*2 tsk. rauðvínsedik*
*5 til 6 myntulauf, söxuð*

Festu hreint viskustykki með teygju yfir stóra skál, og hafðu smá slaka á stykkinu. Helltu jógúrtinni í miðjuna á viskustykkinu, og settu inn í ísskáp í 2 klukkutíma, þannig að vökvinn renni úr jógúrtinni.

Settu gúrkuna á hreint viskustykki og kreistu það til að fjarlægja sem mestan vökva. Hentu vökvanum.

Blandaðu jógúrtinni, gúrkunni, saltinu, hvítlauknum, ólífuolíunni, edikinu og myntublöðunum vel saman.

Sósan geymist vel í loftþéttum umbúðum í ísskáp í eina viku.



Gríska tzatziki sósan með grilluðu lambakjöti. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### SVEPPASÓSA

*450 gr niðursneiddir sveppir*
*4 1/2 bolli vatn*
*2 msk. hveiti*
*1 bolli af sýrðum rjóma*
*1/2 tsk. salt*
*Pipar á hnífsoddi*

Settu 4 bolla af vatni, ásamt sveppunum í pott og láttu suðuna koma upp. Leyfðu vatninu að sjóða í 10 mínútur, eða þar til sveppirnir eru orðnir mjúkir. Blandaðu hveiti og sýrðum rjóma saman í skál, með 1/2 bolla af köldu vatni, og þeyttu vel þar til allt hefur blandast vel saman. Bættu blöndunni út í pottinn, og blandaðu vel saman. Láttu sósuna malla í 5 mínútur og hrærðu vel í pottinum á meðan. Kryddaðu eftir smekk með salti og pipar.

### KOKKTEILSÓSA

*200 gr. sýrður rjómi*
*100 gr. majónes*
*Tómatsósa*
*3 msk tómatsósa*
*1/2-1 tsk sinnep*

Blandaðu sýrða rjómanum og majónesinu vel saman. Bættu tómatsósunni út í og sinnepinu. Notaðu sætt eða sterkt sinnep, eftir smekk.

# SPRENGITILBOÐ

## Allt að 50% afsláttur í eina viku



**Smákistlar 995 kr**

## Frábærar fermingar gjafir



**Sófaborð, leður** 87x56x56
Verð 14.500.-
**Nú 7.250.-**

**Opnanlegir kollar** 30x30
Verð 3.900.-
**Nú 1.950.-**



**Stærð 100 cm x 45cm**
Verð 9.500.-
**Nú 6.500.-**



**Stærð 80 cm x 45 cm**
Verð 6.500.-
**Nú 4.500.-**



**Kommóða 46x91**
Verð 19.900.-
**Nú 9.900.-**



**Leðurkommóða 45x83**
Verð 15.500.-
**Nú 9.900.-**



**1928**
**VERSLUN • VÖRUHÚS**



**Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480**

**Opið Mán. - fös. 10-18 • Lau: 11-17 • Sun: 13-15**


Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það. Leggðu 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans og þú færð 5.000 kr. til viðbótar.
Þú gætir líka unnið:
• iBook fartölvu
• iPod nano
Hafðu samband og við ráðleggjum þér hvernig fermingar-peningarnir þínir eru best geymdir.
Þú gætir unnið iBook fartölvu eða iPod nano
„Maður fermist nú ekki á hverjum degi, eins gott að gera þetta almennilega.“
GOTT FÓLK McCANN

...þegar þér hentar

## FULLT STARF OG HLUTASTÖRF

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.Við óskum eftir starfsfólki í stöður vaktstjóra og þurfa umsækjendur að vera 20 ára. Einnig eru lausar stöður almennra starfsmanna og þurfa umsækjendur að vera 18 ára á árinu. Hjá okkur er andinn góður, félagslíf er virkt og taka starfsmenn verslana vel á móti nýliðum. Við bjóðum upp á margskonar vaktir, sem geta hentað með skóla, eða annari vinnu. Um er að ræða dagvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir. Umsækjendum er bent á að hægt er að sækja um beint í verslunum okkar eða þá að senda inn umsókn á netinu.

Umsóknum er hægt að skila á vefnum
**www.10-11.is**



# Athugið!

**Starfsfólk Ölgerðarinnar leggur land undir fót.**
Vegna árshátíðar erlendis verður lokað hjá Ölgerðinni í dag föstudaginn 17. mars. Lokað er í Reykjavík og hjá umboðsmönnum um land allt. Við mætum til starfa hressari sem aldrei fyrr á mánudaginn.

Með kveðju
Starfsfólk Ölgerðarinnar.



**Vegna stóraukina verkefna Vantar starfsfólk**

*Meindýravarnir Suðurlands ehf*
Upplýsingar í síma 893 9121
Meindýravarnir.is
Ráðtak sf.



# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
Unnar Smári Ingimundarson, viðskiptafr. og lögg. fast.sali.

## Unnarstígur



Frum

Mjög fallegt og reisulegt 281 fm einbýli auk 19 fm bílskúr á þessum gróna og eftirsótta stað í „gamla" vesturbænum. Eignin er tvær hæðir og kjallari og skiptist m.a. í þrjár stórar og bjartar samliggj. stofur með mikilli lofthæð og fallegum bogadregnum glugga, rúmgott eldhús með fallegum innréttingum og nýlegum tækjum, 5 rúmgóð herbergi og og baðherbergi auk snyrtingar. Um 40 fm geymslurými í kj. Húsið var tekið í gegn að utan fyrir u.þ.b. 15 árum og þá skipt um gler og glugga að mestu leyti. **Nánari uppl. á skrifstofu.**



EIGNAMIÐLUN
sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21

Raðhús eða parhús óskast í Hvassaleiti, Álftamýri eða Fossvogi. Aukaíbúð eða möguleiki á íbúð væri kostur. Rúmur afhendingartími.

Nánari upplýsingar veitir Þorleifur hjá Eignamiðlun, 588 9090.

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is


TILKYNNINGAR

# Kynningarfundur vegna Kötlu

Fundur verður haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli laugardaginn 18. mars n.k. kl. 10:00 fyrir íbúa og húseigendur í nágrenni Mýrdalsjökuls. Á fundinum verður kynnt hættumat vegna jökulflóða, skipulag almannavarna og viðbrögð almennings vegna hugsanlegs eldgoss.

*Sumarhúsaeigendur eru sérstaklega hvattir til að mæta.*

**Almannavarnarnefnd Rangárvallasýslu**

# Breyting á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi

Bæjarstjórn Álftaness hefur samþykkt að auglýsa, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, tillögu að breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi.

Deiliskipulagsbreyting þessi er nánari útfærsla á gildandi deiliskipulagi og tekur fyrst og fremst til nánari útfærslu á suðurhluta svæðisins og aðlögunar að miðsvæðisskipulagi. Deiliskipulagsmörk til suðurs falla að mörkum deiliskipulags miðsvæðis og verslunarlóð sunnan leikskóla er felld út úr skipulagi.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.alftanes.is, **frá og með 17. mars 2005 til 13. apríl 2006.**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til **28. apríl 2006.** Athugasemdir skulu vera skriflegar og þeim skilað til skipulagsfulltrúa Álftaness, Bjarnastöðum. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Bjarni S. Einarsson,
skipulagsfulltrúi


# Nýbygging - Kynningarfundur

Höfði-fasteignasala boðar til kynningafundar laugardaginn 18. mars kl. 13:00-14:00 í sal eldri borgara að Flatahrauni 3. Að honum loknum gefst kostur á að skoða húsið að Flatahrauni 1 frá 14:00-15:00. Skrifstofa Höfða Bæjarhrauni 22 verður síðan opin í framhaldinu frá kl. 15:00-17:00. Þar gefst kostur á að ræða nánar við sölumenn og tryggja sér íbúð.

## Flatahraun 1 - Hafnarfirði



10 íbúðir 2ja herbergja. Verð frá 17.900.000,-
28 íbúðir 3ja herbergja. Verð frá 23.500.0000,-
9 íbúðir 4ra herbergja. Verð frá 28.500.000,-

Húsið er fimm hæðir og er fimmta hæðin töluvert inndregin. Í húsinu verða 47 íbúðir mismunandi að stærð frá 57m² – 145m². Bílastæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðunum. Allar íbúðirnar eru með þvottahúsi inn í íbúðinni. Tveir inngangar eru í húsinu og tvær lyftur. Helmingur íbúðanna er með sérinngangi af svölum. Íbúðirnar verða tilbúnar í september 2006 og verða afhentar fullbúnar án gólfefna. Þó verður baðherbergið flísalagt í hólf og gólf og þvottahúsgólfið flísalagt. Vandaðar eldhúsinnréttingar frá HTH og bað- og blöndunartæki frá sturta.is. Bílastæði malbikuð og lóð frágengin. Traustir byggingaverktakar – Leiguliðar ehf.

Óskað er eftir tilboðum í íbúðirnar sex sem verða á efstu hæð.
Einstakar útsýnisíbúðir með stórum svölum og heitum potti.

www.hofdi.is

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 22
s. 565 8000

# Handahófskenndur löggæsluskattur

**UMRÆÐAN**
LÖGGÆSLU-
SKATTUR



**TRYGGVI HARÐARSON**
BÆJARSTJÓRI Á SEYÐISFIRÐI

Innheimta sérstaks löggæslukostnaðar virðist vera afar handahófskennd og ráðast af duttlungum einstakra sýslumannsembætta hvernig á er haldið. Bæði er að sú innheimta byggir á afar hæpnum lagalegum grunni auk þess að vera í himinhrópandi ósamræmi við jafnræðisregluna og góða stjórnsýslu. Þannig virðist innheimta sérstaks löggæslukostnaðar vera fyrst og fremst landsbyggðarskattur sem leggst þyngst á minnstu sveitarfélögin og litlu félagsheimilin sem ennþá eru starfrækt á landsbyggðinni.

Ég hef haldið því fram að slík innheimta megi ekki ráðast af lögreglustyrk einstakra lögreglustöðva eða vaktafyrirkomulagi. Þá er verið að hegna þeim fjárhagslega sem búa við lakari löggæslu að hálfu ríkisins en almennt gerist. Þannig getur veikt lögregluumdæmi orðið fyrir aukakostnaði ef það telur sig þurfa á fjórum lögregluþjónum að halda við tiltekinn viðburð meðan sterkt lögregluumdæmi getur hæglega sent 40 manna lögreglulið á vettvang án þess að telja sig verða fyrir aukakostnaði. Sama gildir um vaktafyrirkomulag. Þar sem litlar eða engar lögregluvaktir eru til staðar hálfu og heilu sólarhringana má sannarlega segja að tilfallandi þörf fyrir löggæslu kalli á aukakostnað. Það er síðan notað til að níðast á smærri stöðunum og láta þá greiða fyrir löggæslu sem engum dytti í hug að rukka fyrir á hinum stærri stöðum.

### Listahátíð ungs fólks á Austurlandi

Tilefni þess að Seyðisfjarðarkaupstaður hefur vísað slíkri handahófskenndri innheimtu löggæslu til umboðsmanns Alþingis er sú að sýslumaðurinn hefur undanfarin ári krafist greiðslu fyrir sérstakan löggæslukostnað á dansleik sem bærinn hefur staðið fyrir við lok Listahátíðar ungs fólks á Austurlandi, LungA. Allir sem til þekkja vita að LungA er einstaklega vel heppnað fyrirbrigði þar sem um 80 ungmenni víða að koma og taka þátt í listasmiðjum sem vara tæpa viku. Nú í vetur varð LungA þess heiðurs aðnjótandi að hljóta menningarverðlaunin Eyrarrósina úr hendi forsetafrúarinnar fyrir framúrskarandi menningarframtak á landsbyggðinni. Umræddan dansleik sækja að vísu miklu fleiri en þátttakendur á LungA eða nokkur hundruð ungmenni víðs vegar að. Bærinn hefur lagt metnað sinn í að standa sem best að öllu eftirliti og ráðið á annan tug manna til að fylgjast með og vera ungmennunum innan handa ef með þarf. Engu að síður krefur Sýslumaðurinn á Seyðisfirði félagsheimilið á staðnum til að greiða sérstakan löggæsluskatt. Því var mótmælt og vísað til dómsmálaráðherra sem hefur úrskurðað að skattheimta sýslumanns sé honum þóknanleg. Slíku óréttlæti vilja bæjaryfirvöld á Seyðisfirði ekki una og hafa því leitað með málið til umboðsmanns Alþingis í þeirri von að réttlætið nái fram að ganga.

### Álfaborgarséns átakanlegt dæmi

Átakanlegt dæmi um hvernig umræddum löggæsluskatti er beitt má finna á Borgarfirði-Eystri. Þetta friðsæla byggðarlag með um 150 íbúa býr að jafnaði við enga reglubundna löggæslu af hálfu ríkisins. Einu sinni á sumri gera þeir sér hins vegar glaðan dag og standa fyrir bæjarhátíð sem gengur undir nafninu Álfaborgarséns og er til mikillar fyrirmyndar. Væntanlega má telja að þörf sé fyrir að hafa tvo til fjóra lögreglumenn á staðnum af því tilefni, þessa einu helgi ársins. Þá eru hátíðarhaldarar krafðir til að greiða sérstakan löggæsluskatt og þá væntanlega í krafti þess að nánast alla aðra daga ársins eru engar lögregluvaktir á staðnum og því um viðbótarkostnað að ræða. Þar með er slægleg löggæsla orðin forsenda þess að krefja hina smáu um að greiða sérstakan löggæslukostnað meðan skemmtanahaldar sem standa fyrir atburðum, þar sem jafnvel tugir þúsunda gesta taka þátt, þurfa ekki að greiða krónu í sérstakan löggæslukostnað ef þeir eru haldnir á réttum stað. Þetta er því lýsandi dæmi um hvernig sérstakur löggæsluskattur er landsbyggðarskattur og beinist sérstaklega að smæstu samfélögunum.

Á höfuðborgarsvæðinu eru iðulega haldnar samkomur, s.s. tónleikar sem þúsundir manna sækja og kalla á umfangsmikla löggæslu, jafnt við umferðarstjórn, almennt eftirlit og sérstakt eiturlyfjaeftirlit. Fyrir slíkt þurfa skemmtanahaldarar ekki að greiða krónu í sérstakan löggæslukostnað svo ekki sé minnst á Menningarnótt í Reykjavík sem tugir þúsunda koma saman til að skemmta sér og öðrum. Þannig er ekkert rökrænt samhengi milli þess hvort og hvenær er innheimtur sérstakur löggæsluskattur.

### Frekari mismunun boðuð

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði hefur nú boðað enn frekari mismunun varðandi hvernig sérstökum löggæsluskatti skuli beitt. Það er, að nýti kaffi- og veitingahús sér heimildir til að hafa opið lengur en til 23.30 virka daga vikunnar verði þeim gert að greiða sérstaklega fyrir löggæslu eftir þann tíma. Þannig virðist sem vaktafyrirkomulag einstakra löggæsluumdæma eigi að ráða því hvernig sérstökum löggæsluskatti er beitt. Þarna tel ég reyndar sýslumanninn vera kominn langt út fyrir þann lagaramma sem Alþingi hefur sett löggæslunni í landinu. Svo virðist að selja eigi út löggæslu á landsbyggðinni. Vera kann að einstök sýslumannsembætti séu fjársvelt af ríkinu en það réttlætir ekki ólöglega og siðlausa öflun sértekna.

Skemmtanaskattur virðist undir sömu sökina seldur og löggæsluskatturinn, þ.e. það er undir duttlungum einstakra sýslumanna komið hvernig staðið er að innheimtu hans. Sumstaðar virðist vera að opinn bar eftir 23.30 sé túlkað sem skemmtun, sama hvort hann er á skemmtistað, kaffihúsi, krá eða hóteli. (Ég sem hélt að krár væru staðir þar sem fólk kæmi til að drekkja sorgum sínum en ekki skemmta sér.)

Sá annmarki er hins vegar á reglugerð um skemmtanahald að hún á sér enga lagastoð lengur. Lögin sem hún byggði á eru fallin úr gildi. Hringlandahátturinn í þessum málum hefur verið alger og veit ég að hinir vísari sýslumenn landsins, sem eru orðnir þreyttir á ástandinu, vilja færa það til betri vegar.

### Hringlandaháttur dómsmálaráðuneytisins

Það er afar mikilvægt að almenningur hafi tiltrú á dómsmálayfirvöldum. Nokkuð virðist skorta upp á að því sé þannig farið. Endalausar uppákomur eru til þess fallnar að draga úr trausti almennings til lögreglu og dómsmálayfirvalda. Því er mikilvægt að stjórnsýslan og lög séu skýr og sanngjörn.

Ég hef hér minnst á hvernig hringlandaháttur virðist ríkja um innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar og skemmtanaskatts. Við því er að bæta að árið 1988 setti Alþingi lög um lögreglusamþykktir sveitarfélaga og skyldi reglugerð sett í kjölfarið hið fyrsta sem kæmi í stað einstaka lögreglusamþykkta nema sveitarfélögin teldu brýnt að setja sína eigin lögreglusamþykkt. Nú 18 árum síðar bólar ekkert á boðaðri reglugerð. Þannig er ljóst að víða er pottur brotinn í þessum málum og tími til kominn að skýra þau í stað þess að einstaka sýslumenn túlki lög og reglur út og suður sem eru auk þess meira og minna fallnar úr gildi og/eða úreltar. ■

ENNEMM / SÍA / NM20415



Merrild, prinsessan á bauninni




*Íslendingar kjósa Merrild!*

# Lýðheilsa á kostnað láglaunaðra

UMRÆÐAN
LÝÐHEILSA



GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

*Ef reyklausir alþingismenn hafa virkilega áhyggjur af kostnaði vegna reykingafólks þá væri þeim nær að bjóða sjúkratryggingakerfið upp til einkavæðingar, gera það einstaklingsmiðað og þannig gera reykingamenn fjárhagslega ábyrga fyrir því sem upp kemur sem afleiðing reykinganna.*



Lýðheilsustöð er opinber stofnun sem hefur góða heilsu hins íslenska lýðs efst á verkefnalistanum. Reykingar skipa þar vitaskuld veigamikinn sess. Aðgengi að tölum um reykingar á vef Lýðheilsustöðvar er gott. Mörg falleg línurit sýna hvernig karlar og konur og ungir sem gamlir skiptast í reykingamenn og reyklausa. Þegar örlítið dýpra er kafað sést einnig að álögur ríkisins á tóbak eru, þegar allt kemur til alls, fyrst og fremst álögur á lágtekjufólk og ómenntaða. Þegar málið er skoðað er þetta einnig augljós og rökrétt afleiðing afskipta ríkisins af reykingum og tóbaksverði.

**Afneitun þeirra sem hæst góla**

Þetta hafa vinstrimenn og lýðheilsupostular lítinn áhuga á að leggja áherslu á. Stjórnmálamenn sem gjarnan tala fyrir hönd þeirra tekjulægstu eru yfirleitt þeir sem vilja senda tóbaks- og áfengisverð til skýjanna. Þeir neita að viðurkenna að slík aðgerð kemur verst niður á þeim sem minnstar hafa tekjurnar. Fólk hættir ekki að reykja þegar búið er að auka enn fjárhagsáhyggjur þess. Það að hætta að reykja getur verið erfið og taugatrekkjandi athöfn sem krefst þess að aðrar áhyggjur vegi ekki of mikið. Þess vegna eru það yfirleitt þeir með hærri tekjurnar sem eru reyklausir eða eiga auðveldar með að hætta að reykja, og þeir tekjuháu eru jafnframt sá hópur sem síður finnur fyrir hækkunum á einstaka vörum í innkaupakörfunni, þar með töldum sígarettum.

Reykleysi hinna vel menntuðu og tekjuháu er einnig hugsanlegt að skýra með mörgum öðrum þáttum. Þægilega skrifstofuumhverfið er oftar en ekki reyklaust. Að þurfa að yfirgefa vinnustaðinn og fara út til að reykja getur haft letjandi áhrif á nikótínfíknina. Hinir menntuðu og tekjuháu telja sig einnig vera upplýstan hóp sem vill passa upp á heilsu sína og hefur einnig efni á því. Líkamsræktarkort sem eru notuð eftir stuttan 8 tíma vinnudag, dýr námskeið keypt til að venja sig af sígarettunni og mikill frítími til ráðstöfunar til að kvarta og kveina yfir fávisku reykingamannsins. Allt þetta vinnur að því að lækka hlutfall reykingamanna í hópi hinna menntuðu og þeirra sem telja sig upplýsta og vel lesna.

**Ofsóknin er verri en sá ofsótti**

Uppistaðan í hópi reykingamanna, láglaunafólk, á erfiðara með að fylgja þessu nútímalega lífsmunstri eftir. Hins vegar er ekki í tísku að nefna neikvæð áhrif lýðheilsumarkmiða sem er framfylgt í gegnum opinbera gjaldtöku. Veski hinna láglaunuðu eru þau sem tæmast fyrst þegar alþingismenn í þægilegri skrifstofuvinnu smyrja prósentuhækkunum ofan á sígarettupakkann. Í ofanálag hefur verið bent á margar heilsuspillandi hliðarverkanir hækkandi tóbaksverðs. Reykingamenn reykja sígarettur þá ákafar og allt að stubbinum til að ná sem mestu út úr þeim. Ef fjárhaginn kreppir eru sígarettur, dýrar eða ódýrar, yfirleitt það seinasta sem reykingamaðurinn fórnar af innkaupalistanum. Hátt sígarettuverð ýtir einnig undir smygl og aðra svartamarkaðsstarfsemi, og henni fylgir gjarnan smygl á ýmsu öðru auk ofbeldis og lögleysu.

Nornaveiðar á íslenskum reykingamönnum hafa aldrei staðið hærra. Nútímalegar opinberar stofnanir gera kannanir og með aðstoð fréttamanna blása upp niðurstöður þeirra til að sýna að þrír af hverjum fjórum Íslendingum vilji ekki segja veitingahúsaeigendum að gera stað sinn reyklausan heldur siga ríkisvaldinu á þá með löggjöf, boðum og bönnum. Lágtekjufólki er refsað fjárhagslega fyrir tískubylgju meðal fólks í þægilegum skrifstofustörfum og í stað þess að hvetja til heilbrigðara lífernis er boðið upp á refsingar fyrir hið óheilbrigða.

**Hvað með ábyrgð einstaklingsins?**

Reykingar eru val, lífsstíll, ávani, ánægja í daglegu amstri eða félagsleg athöfn, allt eftir því um hvern er rætt. En fyrst og fremst eru þær einkamál einstaklingsins. Ef reyklausir alþingismenn hafa virkilega áhyggjur af kostnaði vegna reykingafólks þá væri þeim nær að bjóða sjúkratryggingakerfið upp til einkavæðingar, gera það einstaklingsmiðað og þannig gera reykingamenn fjárhagslega ábyrga fyrir því sem upp kemur sem afleiðing reykinganna. En í millitíðinni hljótum við samt að staldra við og endurskoða áhrif þess að refsa lágtekjufólki fyrir fíkn sína eða félagslega nautn, nú eða leysa heilsuvandamál annarra hópa með notkun skattkerfisins. Mætti ég leggja til aukaskatt á íþróttaútbúnað, t.d. vegna hárrar tíðni hnémeiðsla meðal skíða- og fótboltaiðkenda? Nú eða aukaskatt á tölvubúnað vegna úlnliðsmeiðsla sökum óvarfærinnar músanotkunar á vinnustöðum hátekjufólksins?

# Félagsstarf í stjórnmálaflokki

UMRÆÐAN
FRAMHALDS-
AÐALFUNDUR



ANNA KRISTINSDÓTTIR
BORGARFULLTRÚI

*Þegar kosning hefur farið fram í samræmi við allar reglur er einfaldlega ekki hægt að ógilda fyrri kosningu hvort heldur atkvæði hafa eða hafa ekki verið talin.*

Mér hefur alltaf þótt gaman að sækja fundi um þau þjóðfélagsmál sem eru í umræðunni á hverjum tíma. Þannig hef ég sótt ótal fundi hjá framsóknarmönnum í Reykjavík í gegnum tíðina. Hef meira að segja sótt fundi í önnur kjördæmi til að fá málin beint í æð. Ekki síður hjá hagsmunasamtökum eða félagasamtökum. Það skiptir miklu máli að heyra raddir þeirra sem til þekkja og skiptast síðan á skoðunum við félaga sína um málin. Ekki eru menn alltaf á sömu skoðun, það er eðlilegt og án þess væri samfélagið orðið nokkuð litlaust og með sovéskt yfirbragð.

Félagsstarf í stjórnmálaflokkum hefur mikla þýðingu þegar horft er á þá stöðu sem stjórnmálaflokkarnir sjálfir hafa í lýðræðislegu samfélagi. Þannig eru fulltrúar stjórnmálaflokka, hvort sem þeir sitja á Alþingi eða í sveitarstjórnum, fulltrúar lýðræðisins. Þeir eru þar í umboði kjósenda og fara með það vald sem þeim er falið samkvæmt lögum og reglum.

Þetta er mikilvæg forsenda alls lýðræðis og þannig eiga flokksfélög í stjórnmálaflokkum að vera í fararbroddi þegar rætt er um lýðræðisleg vinnubrögð. Þar á að fara fram umræða um þau mál sem að samfélaginu snúa og við sem í félögunum störfum eigum að fara vandlega eftir þeim reglum og fundarsköpum sem sett hafa verið.

Því urðu það mér mikil vonbrigði þegar framhaldsaðalfundur kjördæmissambands framsóknarmanna í Reykjavík suður sem haldinn var 2. mars sl. tók upp á því að ógilda löglega kosningu til stjórnar sem fram hafði farið á aðalfundi sem fram fór 3. nóvember og lét stjórnin í framhaldinu kjósa upp á nýtt.

Slíkt er einfaldlega ekki hægt. Þegar kosning hefur farið fram í samræmi við allar reglur er einfaldlega ekki hægt að ógilda fyrri kosningu hvort heldur atkvæði hafa eða hafa ekki verið talin. Engar formlega athugasemdir eða kærur höfðu komið fram fyrir framhaldsaðalfundinn um gildi fyrri atkvæðagreiðslu. Þegar fundarstjóri var ekki tilbúinn að ógilda fyrri kosninguna, þar sem hann sá engin rök fyrir slíku, var einfaldlega lýst á hann vantrausti,við svo búið gekk hann af fundi, og nýr fundarstjóri kosinn. Var svo fyrri kosning ógilt eins og ekkert hefði í skorist og kosið að nýju.

Það er einfaldlega ekki hægt að vinna með þessum hætti. Á það að verða venjan að séu menn ósáttir við mögulega niðurstöðu úr kosningum þá hleypa menn bara fundinum upp og sjá svo til þess að nægjanlega vel sé smalað á framhaldsfund og ógilda þá fyrri kosningu og kjósa upp á nýtt.

Þetta eru vinnubrögð sem er ekki hægt að lifa við í lýðræðislegu félagsstarfi og það í stjórnmálaflokki. Ekki er annað fært en leita úrskurðar hvort gjörningur sem þessi standist þær reglur sem við almennt og Framsóknarflokkurinn hefur sett sér að vinna eftir.

Lýðræðið er of dýrmætt til þess að horft sé á án aðgerða þegar svona lagað gerist.

Grein þessi var send til birtingar á hrifla.is, málgagni framsóknarmanna í Reykjavík. Greinin fékkst ekki birt samkvæmt nýrri ritstjórnarstefnu sem sett hefur verið á innsent efni á síðunni.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*




# „Þarna kemur Lúðvík Hermannsson“!

UMRÆÐAN
FAÐERNISMÁL



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er nú mál er varðar faðerni Lúðvíks Gissurarsonar hæstaréttarlögmanns en Lúðvík telur sig vera son Hermanns Jónassonar. Hefur Lúðvík farið fram á það fyrir Héraðsdómi, að tekið verði DNA-sýni úr Hermanni til þess að ganga úr skugga um það, að hann sé sonur Hermanns. Vegna máls þessa kemur mér eftirfarandi í hug:

Þegar ég var í Menntaskólanum í Reykjavík á árunum 1949-1953 kynntist ég Sigurði heitnum Péturssyni, sem síðar kvæntist Sigríði Eysteinsdóttur, dóttur Eysteins Jónssonar, ráðherra. Einhverju sinni hittumst við Sigurður í Austurstræti og tókum tal saman. Þá komu tveir menn gangandi í áttina til okkar á sinn hvorri gangstétt götunnar. Það voru þeir Hermann Jónasson og Lúðvík Gissurarson. Þá segir Sigurður Pétursson: Þarna kemur Lúðvík Hermannsson. Sérðu ekki hvað þeir Hermann eru líkir. Ég leit á þá og sá samstundis að þeir voru nauðalíkir. Þetta var í fyrsta sinn, að ég heyrði, að Lúðvík væri sonur Hermanns Jónassonar. Síðar átti ég oft eftir að heyra það enda var það altalað, að Lúðvík væri sonur Hermanns. ■

**Ekkert blað í morgun?**

**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

# Fermingargjafir

## í úrvali í Smáralind og Kringlu



TILBOÐ
29.990 kr
Verð áður 39.990,-

### Olympus myndavél
**8 megapixel**
- 3x optical / 5x digital zoom
- Linsa: 8.0 - 24mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár (215.000 pixlar)
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- 19 Scene prógrömm
- Auto flass og red eye reduction
- USB tenging
- 21,3mb innbyggt minni, tekur xD kort



11.990 kr

### Olympus myndavél
**5 megapixel**
- 2.8x optical / 4x digital zoom
- Linsa: 6.2 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 106mm)
- 1,5" LCD skjár
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka, 5 scene modes
- Auto flass, red eye reduction og tímarofi
- USB tenging
- 28MB innra minni og tekur xD kort



7.990 kr

### United MP3 spilari
**512 MB**
• LCD Skjár með baklýsingu • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög • USB 2.0 Tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja



12.990 kr

### United MP3 spilari
**1 GB**
• LCD Skjár með baklýsingu • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög • USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja



TILBOÐ
4.990 kr
Verð áður 7.990,-

### United MP3 spilari
**256 MB**
• FM útvarp, diktafónn • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja



TILBOÐ
7.990 kr
Verð áður 11.990,-

### United MP3 spilari
**512 MB**
• FM útvarp, diktafónn • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög • USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja



54.990 kr

### JVC digital tökuvél
- 20GB harður diskur (allt að 25 tíma upptaka)
- 1/6" Upptökuflaga með 800.000 pixela upplausn
- 2,5" LCD skjár
- Tekur SecureDigital kort
- 25x Optical / 800x digital zoom
- Innbyggð kyrrmyndavél (640x480)
- Tekur hljóð upp í dolby digital
- Power producer, power director
- Express og power DVD klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Ljós að framan, titringsdeyfir
- USB 2.0
- Fylgihlutir : Fjarstýring, spennubreytir, rafhlaða, hugbúnaður (PC/MAC) og kaplar
- Stærð í cm (bxhxd): 6.7x7x10.9



TILBOÐ
24.990 kr
Verð áður 29.990,-

### Olympus myndavél
**7 megapixel**
- 3x optical / 5x digital zoom
- Linsa: 6.5 - 19.5mm (35mm samb.: 37 - 111mm)
- 2,5" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- 23 scene programmes
- Auto flass og red eye reduction
- USB tenging
- 19,1mb innbyggt minni, tekur xD kort



14.990 kr

### JVC míkrósamstæða
- 10w RMS magnari með bass boost • RDS útvarp með stöðvaminnum
- Geislaspilari með MP3 • Spilar CD-R/RW • Klukka • Auto reverse segulband
- Fjarstýring



18.990 kr

### United 21" sjónvarp
- 21" flatur black matrix myndlampi
- Textavarp
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 59x45x49

### JVC heimabíókerfi
- 205w (5x33 og 1x40) dolby digital/DTS magnari
- 5 litlir umhverfishátalarar og bassabox
- Fjölkerfa DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, DivX, VCD/SVCD, MP3 og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II
- NTSC afspilun á PAL sjónvarp
- RDS útvarp með FM og 30 stöðvaminnum
- SCART með RGB
- Fjarstýring

TILBOÐ
24.990 kr
Verð áður 29.990,-



### United 21" sjónvarp með DVD
- 21" black matrix myndlampi
- Stereo hljóðkerfi
- Textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi
- Fjarstýring
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD, VCD og SVCD
- Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3
- Stærð í cm (bxhxd): 50x50,5x47,5



TILBOÐ
24.990 kr
Verð áður 29.990,-

Gildir til 23. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**NAPÓLEON BONAPARTE (1769–1821) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Saga er samþykkt röð lyga.“*

***Franski keisarinn Napóleon stimplaði sig heldur betur inn í sögubækurnar á valdatíma sínum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 17. MARS 1901

## *Van Gogh öðlast viðurkenningu*

Þennan dag árið 1901 var opnuð sýning á verkum Vincent van Gogh í Bernheim-Jeune galleríinu í París. Sjötíu og ein mynd var til sýnis og var hinn listhneigði heimur agndofa yfir herlegheitunum. Sýningin markar upprás frægðarsólar van Goghs en frá henni hélt sólin áfram að rísa og er hann nú talinn í röðum fremstu málara allra tíma.

Því miður kom viðurkenningin ellefu árum eftir að málarinn fyrirfór sér með skotvopni. Hann lauk þar með langri og erfiðri þrautagöngu vegna veikinda sinna á sál sem urðu þess valdandi að hann þurfti að dveljast langdvölum á sjúkrahúsum og hælum fyrir vitfirringa. Utan þeirra lenti hann líka í vandræðum vegna sjúkdómsins og hótaði meðal annars Paul Gauguin, vini sínum og kollega, með rakvélarblaði en sá sig um hönd og skar hluta af sínu eigin eyra af í staðinn.

Á meðan hann lifði hélt van Gogh nokkrar sýningar við nokkuð dræmar undirtektir. Hann seldi bara eitt málverk á meðan hann lifði. Eftir hann liggur þó fjöldinn allur af málverkum sem listasöfn og einkasafnarar hafa keppst við að sanka að sér í gegnum árin.



SJÁLFSMYND VAN GOGHS

### MERKISATBURÐIR

**1610** Tugir manna verða úti í stórhríð á landinu öllu.

**1757** Þrjú skip frá Vestmannaeyjum farast undan Eyjafjöllum og 42 menn með þeim.

**1905** Eleanor Roosevelt giftist fjarskyldum frænda sínum, Franklin D. Roosevelt, sem varð síðar forseti Bandaríkjanna.

**1917** Tíminn, málgagn Framsóknarflokksins, er gefinn út í fyrsta sinn.

**1949** Fyrsti Porsche-bíllinn er kynntur á bílasýningu sem haldin er í borginni Genf í Sviss.

**1988** Fyrsta íslenska barnið sem getið er með glasafrjóvgun fæðist en það var tólf marka drengur.

**2001** Kosið var um framtíð flugvallarins í Vatnsmýri.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sólon Lárusson**

járnsmiður og fyrrverandi kennari,

lést á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 9. mars. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag 17. mars kl. 13.00.

**Ragnar, Gísli Grétar, Nella, Einar og Theodór Sólonsbörn og fjölskyldur.**

†

*Elskulegur eiginma ur minn, fa ir okkar, tengdafa ir og afi,*

**Sigur ur Zophan asson**

Borgarhei i 16, Hverager i,

anda ist 6. mars sl. Sj krah si Su urlands.
Jar arf rin hefur fari fram kyrr ey a sk hins l tna.

**Gu finna Hannesd ttir, b rn, tengdab rn og barnab rn.**



†

*Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Smári Hlíðar Baldvinsson**

Borg, Reykhólahreppi,

sem lést aðfaranótt 10. mars, verður jarðsunginn frá Reykhólakirkju laugardaginn 18. mars kl. 14.00.

**Margrét H. Brynjólfsdóttir og fjölskylda.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns og föður okkar,*

**Guðmundar Guðmundssonar**

Hlíf II, Ísafirði.

Guð blessi ykkur öll.

Fyrir hönd annarra vandamanna,

**Rebekka Jónsdóttir og börn.**

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR: ÞRÍTUG Í BERLÍN

# Hlustar á hörpuslátt og syngur Sex Pistols í karókí

Guðrún Eva Mínervudóttir er einn af ástsælustu rithöfundum þjóðarinnar. Fyrir átta árum kom fyrsta skáldsagan hennar út og því kemur kannski einhverjum á óvart að hún heldur upp á þrítugsafmælið sitt í dag. Þegar Fréttablaðið náði á hana var hún í Berlín þar sem hún hefur dvalið undanfarið.

„Ég er aðallega að láta mig dreyma um plottið í næstu skáldsögu,“ segir Guðrún Eva þegar blaðamaður krefur hana skýringa á flakkinu. Hún ætlar að dvelja í Berlín þangað til í maí þegar hún flytur sig í næstu heimsborg, París. „Ég ætla rétt að vona að þar sé nóg af karókíbörum,“ segir Guðrún. Hún er nefnilega búin að finna sér nýtt áhugamál „sem er að syngja Sex Pistols-lög á örlitlum karókíbar hér í nágrenninu.“

Berlín verður því sögusviðið á þrítugasta afmælisdegi Guðrúnar Evu. Hún neitar staðfastlega að veisluhöld séu á dagskránni enda geri hún lítið af því að halda upp á afmælin sín með þeim hætti. „Mér finnst mest gaman að fara út að borða á afmælisdaginn með einni manneskju. Tveggja manna partí eru alltaf skemmtilegust,“ segir hún. Guðrún Eva ætlar þó að bregða út af venjunni í dag því Gunnhildur vinkona hennar sem býr líka í Berlín er að spila á tónleikum í kvöld. „Hún er sko hörpuleikari og ég geri ráð fyrir að sitja stillt og prúð á fremsta bekk og hlusta á nokkur nútímatónverk.“

Aðspurð segist Guðrún Eva ekki vera afmælisbarn. „Mér líður oftast frekar undarlega á afmælisdaginn minn, eins og ég sé að bíða eftir að eitthvað magnað gerist innra með mér, Svo gerist aldrei neitt,“ segir hún og bætir við spekingslega að hugljómanir kunni ekkert að lesa í dagatöl.

Þrítugskrísan margumtalaða lætur ekkert á sér kræla hjá Guðrúnu Evu enda er henni búið að líða eins og þrítugri síðan hún varð tuttugu og sex ára og orðin vön tilfinningunni. „Þá fannst mér ég allt í einu vera orðin háskalega fullorðin og myndi örugglega aldrei dansa aftur eða syngja Sex Pistols-lög á karókíbörum,“ segir hún. En með nýja áhugamálinu er öldin önnur og nú, þegar fjögurra ára reynsla er komin á þrítugsaldurinn, finnst Guðrúnu Evu hann alls ekki vera svo slæmur. „Þetta er miklu betra en að vera tvítugur bambi, dettandi á rassinn í öðru hverju skrefi.

Sumir segja líka að árin eftir tvítugt séu lærdómsaldurinn og árin eftir þrítugt séu framkvæmdaaldurinn,“ segir Guðrún Eva, sem vonar að með Guðs blessun eigi hún eftir að framkvæma ýmislegt á næstu árum. „Það er gaman að framkvæma. En samt ekki vit í öðru en að halda áfram að læra.“ Og með áframhaldandi lærdómi á hún vonandi eftir að ná þeim hæðum sem hana langar eftir önnur þrjátíu ár. „Þá langar mig að vera tvöfalt vitrari en ég er núna; silfurhærð dama með glit í auga.“ ■



**GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR** Gengur um götur Berlínar í dag þar sem hún ætlar að halda upp á afmælið með því að fara á tónleika þar sem Gunnhildur vinkona hennar leikur nútímatónverk á hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Brynjólfsson**

Aflagranda 40, áður til heimilis að Faxabraut í Keflavík,

andaðist á Kanaríeyjum þriðjudaginn 14. mars síðastliðinn. Útför auglýst síðar.

**Berta G. Rafnsdóttir**
**Kristinn T. Haraldsson**
**Margrét B. Haraldsdóttir**
**Haraldur Dean Nelson**
**Jón Ragnar Ástþórsson**
**Særún Rósa Ástþórsdóttir**
**Berglind Harpa Ástþórsdóttir**
**Sigurður Freyr Ástþórsson**
**og langafabörn.**
**Eggert N. Bjarnason**
**Jónína Þrastardóttir**
**Ástþór B. Sigurðsson**
**Guðrún Hulda Gunnarsdóttir**
**Þórunn Katla Tómasdóttir**
**Jóhann Þór Helgason**

### ANDLÁT

**Kjartan Rósinkrans Stefánsson,** rafvirkjameistari, lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 14. mars.

**Pétur Sævar Hallgrímsson,** Kirkjubraut 22, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 13. mars.

**Elísabet Pétursdóttir,** áður Langholtsvegi 150, síðast til heimilis á Dalbraut 27, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 13. mars.

**Gísli Haukssteinn Guðjónsson** lést á Landspítala Fossvogi sunnudaginn 12. mars.

### JARÐARFARIR

13.00 **Böðvar G. Baldursson,** Smárarima 74, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Sólon Lárusson** járnsmiður og kennari verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.30 **Sesar Þór Viðarsson,** Brakanda II, Hörgárbyggð, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Ögmundur Helgason,** Tómasarhaga 12, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Neskirkju, Reykjavík.

14.00 **Guðrún Guðmundsdóttir,** Kirkjubraut 58, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

15.00 **Guðbjörg Friðriksdóttir** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Vilhjálmur Árnason,** hæstaréttarlögmaður, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

15.00 **Kristján Þórðarson** loftskeytamaður, Miðvangi 1, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

# NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

# LAGERSALA SENU

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

FRISSI FRÍSKI

FRISSI FRÍSKI OG EGILS KRISTALL FRÍTT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA UM HELGINA!

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

## FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbúprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

KVEF?




Lyf & heilsa
Við hlustum!
Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð · Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

## STUÐ MILLI STRÍÐA Áfram stelpur

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR VILL JAFNRÉTTI KYNJANNA



Karlmaður tók viðtal við tvo ábúðarfulla karla í fyrstu fréttum sjónvarpsins í gærkvöldi. Rætt var um ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að kalla þotur og þyrlur bandaríska hersins af landi brott. Næsta frétt var um dómsuppkvaðningu í Baugsmálinu, í þeirri frétt voru karlar sömuleiðis í flestum hlutverkum. Árið er 2006 og enn eru karlmenn miklu sýnilegri á sjónvarpsskjám og í fjölmiðlum en konur. Sú staðreynd endurspeglar valdastöðu kynjanna í þjóðfélaginu segja fréttamenn iðulega. Og vissulega er rétt að miklu fleiri karlar en konur sitja á þingi, karlar eru sömuleiðis atkvæðameiri en konur í viðskiptalífi. Hvort tveggja þykir mér reyndar alveg óþolandi, ég skil ekki að nú árið 2006 séu ekki fleiri konur en raun ber vitni sem taka þátt í stjórnmálum. Og hvers vegna eru konur ekki meira áberandi í viðskiptalífinu? Konur eru víða í ábyrgðarstöðum í atvinnulífinu og því algjörlega ljóst að konur eiga að vera meira áberandi í fjölmiðlum en þær eru núna. Við fjölmiðlamenn getum svo sannarlega tekið okkur á og gert konum hærra undir höfði í fjölmiðlum.

Ekki vegna þess að þær eru konur heldur vegna þess að þær eru í lykilhlutverkum víða í þjóðfélaginu og við hljótum að vilja endurspegla það.

Einnig þykir mér reyndar að hlutur fjölmiðlakvenna á sjónvarpsskjám mætti vera meiri. Kvenna á öllum aldri nóta bene. Konur sæta enn allt öðrum útlitskröfum en karlar þegar kemur að sjónvarpi. Enn virðist það gerast að útlitið ráði í tilfelli sumra kvenna þegar þær eru ráðnar á skjáinn en sama virðist ekki gilda fyrir karlmenn. Sjálfsagt þykir einnig að rustalegir karlar sinni þáttagerð en konur þurfa að hafa útlitið með sér.

Í jafnréttisbaráttu skipta fyrirmyndir miklu máli, verði konur meira áberandi í fjölmiðlum þá hlýtur það að styrkja stelpur í þeirri trú að þeim séu allir vegir færir. ■

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





**WEDDING PRESENT** Breska hljómsveitin, sem var stofnuð 1985, þykir ákaflega öflug á tónleikum.

# Wedding Present til Íslands í apríl

Breska hljómsveitin Wedding Present heldur tónleika á Grand Rokk þann 27. apríl næstkomandi.

Wedding Present var stofnuð í Leeds á Englandi árið 1985 og frumburður þeirra, nefndur í höfuðið á knattspyrnugoðinu sáluga George Best, kom út tveimur árum síðar.

Hljómsveitin skapaði sér nafn á næstu árum sem ein vinsælasta framsækna rokksveit Englands með plötum á borð við Bizzaro og Seamonsters. Var sú síðarnefnda unnin með hinum goðsagnakennda upptökustjóra Steve Albini.

Vinsældir Wedding Present náðu sennilega hámarki árið 1992 þegar sveitin ákvað að gefa út smáskífu á fyrsta mánudegi hvers mánaðar á árinu. Smáskífurnar fundu sér allar leið inn á breska vinsældalistann og jafnaði Wedding Present þar með met Elvis Presley sem 35 árum áður hafði einnig komið tólf smáskífum inn á listann sama árið.

Wedding Present tók sér frí frá störfum árið 1997 en sneri aftur á síðasta ári með plötuna Take Fountain og hefur í kjölfarið farið í tónleikaferð um allan heim við mjög góðar undirtektir.

Forsala á tónleikana, sem Sheptone Records og 12 Tónar standa fyrir, hefst 3. apríl í 12 Tónum.

# Paradísarmissir Malicks

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Bandaríski leikstjórinn Terence Malick verður seint sagður afkastamikill, Nýi heimurinn er hans fyrsta mynd í sjö ár en þar áður liðu hvorki meira né minna en tuttugu ár á milli mynda.

Í Nýja heiminum segir Malick söguna af ástum enska landkönnuðarins John Smith (Farrell) og indíánaprinsessunnar Pókahontas (Kilcher) og beinir kastljósinu frekar að örlögum hennar. Árið 1607 nema breskir sæfarar land þar sem nú er Virginíu-fylki í Bandaríkjunum og stofna þar nýlendu. Í fyrstu er sambúð þeirra við við frumbyggjana á svæðinu vinsamleg, en þegar kastast í kekki á milli þeirra er John Smith höfuðsmaður gerður út af örkinni til að friðmælast við innfædda. Hann er tekinn í gíslingu og kynnist þá samfélagi frumbyggjanna og Pókahontas og úr verður klassísk harmræn ástarsaga.

Frá fyrstu mínútu fer ekki á milli mála hver er við stjórnvölinn og myndin öll ber sterk höfundareinkenni Malicks; ofurhæg og ljóðræn frásögn helst í hendur við sterkt náttúrustef og myndatöku þar sem hver einasti rammi virðist vera úthugsaður. Gullfalleg tónlist James Horner magnar svo seiðinn enn frekar upp.

Malick stillir upp sláandi andstæðum í samfélögum Evrópubúanna og frumbyggjanna. Hinir innfæddu lifa í samlyndi, sakleysi og allsnægtum ósnortrar náttúru á meðan Bretarnar deila innbyrðis sem út á við og svelta heilu hungri í skítugum bælum, girtir af og undir Guðs orði í virki sínu. Það er hins vegar aðeins tímaspursmál þar til fleiri Evrópumenn koma með þekktum hörmungum fyrir innfædda. Þótt yfirborið sé oft lygnt í myndum Malicks krauma tilfinningarnar iðulega undir niðri og það þarf að rýna í hið ósagða, tilfinningalíf elskendanna eru yfirleitt gefið í skyn með látbragði og svipbrigðum, sem leikararnir skila með prýði.

Ólíkt afköstunum er orðstír Malicks mikill og hann á ekki í vandræðum með því að fylla minnstu aukahlutverk með þekktum nöfnum. Colin Farrell er stórfínn í hlutverki Johns Smith og Christopher Plummer og David Thewlis eru traustir að vanda þótt í litlum hlutverkum séu. Þá kemur Christian Bale til sögunnar í síðasta þriðjungi myndarinnar og stendur fyrir sínu eins og alltaf. Senuþjófurinn er þó tvímælalaust hin sextán ára gamla Q'Orianka Kilcher sem er hreint út sagt frábær í hlutverki Pókahontas og ber myndina á herðum sér.

Terrence Malick er sannarlega ekki allra, nokkrir sem voru á sömu sýningu og ég virtust að minnsta kosti hafa fengið nóg af hægaganginum og strunsuðu út um miðbik myndarinnar. Þeir sem á annað borð kunna að meta handbragð hans ættu hins vegar ekki að verða sviknir af Nýja heiminum.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**NÝI HEIMURINN (THE NEW WORLD)**

LEIKSTJÓRI: TERRENCE MALICK

**Aðalhlutverk:** Q'Orianka Kilcher, Colin Farrell, Christian Bale, David Thewlis og Christopher Plummer. Gullfalleg mynd sem ber skýr höfundareinkenni leikstjórans. Q'Orianka Kilcher er frábær í hlutverki Pókahontas og ber myndina á herðum sér.







**Kl. 12.10**
*Rakel Pétursdóttir sagnfræðingur fjallar um landslagsmyndir á yfirlitssýningu Snorra Arinbjarnar og Gunnlaugs Blöndals í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Erindið er hluti af fræðsluröðinni Þankar um myndlist - spurt og spjallað og er öllum opið.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Mannúð og fræðsla*



Á sunnudaginn verða málefni geðfatlaðra rædd á málþingi sem haldið verður í Laugarneskirkju. Guðbjörg Sveinsdóttir, forstöðukona hjá Vin, er ein af aðstandendum málþingsins en hún segist finna fyrir jákvæðri hugarfarsbreytingu í garð geðfatlaðra hér á landi þótt ýmislegt megi betur fara.

„Eins og allir vita sem eitthvað fylgjast með eru kjör og aðstæður geðfatlaðra mjög slæm, þó ýmislegt hafi breyst til batnaðar undanfarið. Til dæmis eru um níutíu prósent geðfatlaðra með undir 150.000 krónum í tekjur á mánuði,“ segir Guðbjörg. Hún segir að skóinn kreppi einnig að þegar kemur að eftirfylgni, fræðslu og úrræðum fyrir geðfatlaða. „Það er gríðarlega mikið af fólki sem ekki hefur fengið neina samfellu í sína meðferð,“ útskýrir Guðbjörg og bendir enn fremur á að geðfatlaðir eigi ekkert val um þjónustu. „Forgangsröðin ætti að miða að meiri mannúð og persónulegri tengslum sem ekki fást með lyfjum eða inni á stofnunum,“ segir Guðbjörg.

Á undanförum árum hefur umræða um geðfötlun og geðsjúkdóma aukist mjög og margt breyst utan spítalanna með tilkomu samtaka eins og Hugarafls og Geðhjálpar. Guðbjörg segir tengsl vanta milli þeirra fjölmörgu hópa sem vinni að hagsmunamálum geðfatlaðra. „Hér er heldur engin stefna í geðheilbrigðismálum,“ útskýrir Guðbjörg og áréttar að meira fjármagn þurfi í menntun og fræðslu.

Málþingið hefst kl. 12:30 í safnaðarheimili Laugarneskirkju og er öllum opið.

# Sótt í íslenskan sagnaarf

**Annette Lassen er einn af aðstandendum Vigdísarþings sem haldið verður nú um helgina en þar verður rætt um íslenskar bókmenntir í samhengi við erlenda þjóðernisvakningu á 19. öld.**



ANNETTE LASSEN, DOKTOR Í DÖNSKU VIÐ HÍ Skrifaði doktorsritgerð um íslenskan sagnaarf og danska þjóerniskennd. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Þingið ber heitið „Hið norræna og það þjóðlega“ og er haldið í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Þetta er í fyrsta skipti sem stofnunin stendur fyrir Vigdísarþingi en ætlað er að halda slík þing um ýmis fræði sem frú Vigdís hefur sýnt mikinn áhuga í gegnum tíðina, svo sem bókmenntir, tungumál, tungumálakennslu og samræður ólíkra menningarheima.

Annette Lassen er doktor í dönsku við Háskóla Íslands og kennir meðal annars námskeið um mótun þjóðernis út frá íslenskum miðaldaritum. „Ég skrifaði doktorsritgerðina mína um íslenskar miðaldabókmenntir, hvernig þær voru notaðar á 19. öld í Danmörku meðal annars til þess að styrkja þjóðarandann. Á þessum tíma var sótt í íslenskan sagnaarf, einkum goðsögurnar, til þess að efla þjóðernisvitund í Danmörku,“ Annette nefnir söguna um dauða Baldur hvíta sem dæmi en sú saga kemur oft fyrir í heimildum og sýnir vel hvernig norrænar þjóðir, Englendingar og Þjóðverjar nýttu sér íslenskan sagnaarf til þess að efla eigin þjóðernisvitund.



FRÚ VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR Fyrsta Vigdísarþingið verður haldið um helgina.

### Þjóðerniskennd var jákvæð

„Á 19. öld var þjóðernishyggjan eða hugmyndin um þjóðernið ekki jafn vandræðaleg og erfið og hún er í dag,“ áréttar Annette. „Þetta voru erfiðir tímar bæði í Danmörku, sem var búin að missa vald yfir Noregi, og fyrir Svíþjóð sem búin var að missa Finnland. Þessar bókmenntir áttu að byggja upp andann og efla samstöðu norrænna manna. Það átti að vinna upp það andlega til þess að bæta upp veraldlegan missi,“ segir Annette. Í erindi sínu vísar Annette meðal annars til skrifa danska fræðimannsins N.F.S Grundtvig sem skrifaði mikið um þjóðernishyggju og „danskhed“ sem Annette segir hafa verið mjög jákvæða hugmynd um þjóðareðli á sínum tíma.

### Þjóðerni er mótað

„Þetta er mjög spennandi efni,“ segir Annette, því íslenski sagnaarfurinn brúi bil milli ólíkra bókmennta. „Þetta er athyglisverð tenging milli norrænna bókmennta og þýskra og enskra.“ Enn fremur undirstrika rannsóknir á þessu sviði hvernig þjóðernishyggja er ekki fasti. „Við getum dregið þann lærdóm af þessum skrifum hvernig þjóðerni er mótað. Þjóðerni er hugmynd sem er háð tíma og aðstæðum,“ segir Annette.

Frú Vigdís Finnbogadóttir setur þingið kl. 9 í dag í sal Norræna hússins og munu fjölmargir virtir fræðimenn frá sex löndum flytja erindi og taka þátt í umræðum. Meðal frummælenda eru Andrew Wawn, prófessor frá háskólanum í Leeds sem hefur skrifað um víkingahugtakið og rakið uppruna þess til Viktoríutímans á Englandi, sem og danski fræðimaðurinn Flemming Lundgreen-Nielsen sem fjalla mun um Ragnarök í samhengi við danska ljóðagerð.

Málþingið stendur bæði föstudag og laugardag. Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis.

kristrun@frettabladid.is

# Stórtónleikar skólahljómsveitanna

Á morgun verður blásið til tónlistarveislu í Háskólabíó þar sem fimmtíu ára afmæli skólahljómsveita Reykjavíkur verður fagnað með stórtónleikum. Á fjórða hundrað nemendur skólahljómsveitanna fjögurra sem starfa nú í borgarinni munu koma fram og flytja fjölbreytta tónlist af hjartans list. Í hljómsveitunum eru nemendur á aldrinum 8-18 ára sem spila á blásturs- og slagverkshljóðfæri en á tónleikunum á morgun verða leikin hress lög á borð við Marsbúa cha-cha-cha, Final Countdown og We Will Rock You.

Vilborg Jónsdóttir er hljómsveitarstjóri Skólahljómsveitar Austurbæjar og munu nemendur hennar stíga á stokk á morgun. „Í okkar hljómsveit eru um hundrað nemendur,“ segir Vilborg. „Flestir eru byrjendur en líka nokkrir lengra komnir.“ Tónleikarnir verða aldursskiptir en þegar yngstu nemendurnir úr hljómsveitunum fjórum koma á svið verður hægt að telja þar um eitt hundrað tónlistarmenn úr öllum hverfum.

Skólahljómsveitir eru starfræktar víða um land og starfa í nánu samstarfi við grunnskólana en tilgangur þeirra er meðal annars að stuðla að aukinni tónlistariðkun og jafna fjárhagsleg tækifæri foreldra til þess að mennta börn sín í tónlist. Gunnar Thoroddsen, fyrrverandi borgarstjóri, átti frumkvæði að stofnun skólahljómsveitanna í Reykjavík á sjötta áratug síðustu aldar og tóku þær fyrstu, Lúðrasveit Austurbæjar og Lúðrasveit Vesturbæjar, til starfa skólaárið 1955-56.

Tónlistarmennirnir hafa æft af kappi undanfarna daga og hefur að sögn myndast óskaplega góð stemning í hópnum en þetta er í fyrsta skipti sem þessar fjórar hljómsveitir troða upp saman. Búast má við fjörugum tónleikum í Háskólabíói en þeir hefjast kl. 14.00 á morgun.



HRESSIR HLJÓÐFÆRALEIKARAR

# Fermingar tilboð




## HP Pavilion fartölva

Vörunúmer: EK912EA
- Örgjörvi: Intel Pentium M 760, 2GHz, 533MHz
- Skjár: 14” WXGA 1280x768
- Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
- Harður diskur: 100GB 4200rpm EIDE
- Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Skjákort: Intel Graphics Media Accelerator 900, allt að 128MB
- Fjarstýring: HP Mobile Remote og HP Quick Play media player
- Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netrkort)
- Bluetooth · Mótald: 56K Mótald
- Tengi: PCCARD I/II, VGA, lás, Firewire, 3xUSB 2.0
- Mic in, 2xLine out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
- Remote Controle infrarautt tengi.
- Rafhlaða: 6-Cell Lithium-Ion rafhlaða
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskum límmiðum
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
- Þyngd: 2.42kg · Ummál: 334 x 230 x 33 mm
- Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1 **159.900.-**



ÓTRÚLEGT VERÐ

## HP Pavilion fartölva

Vörunúmer: et037ea
- Örgjörvi: AMD Turion 64 Mobile Processor ML-32
- Skjár: 15.4" WXGA 1280x768 High Definition BrigtView
- Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
- Harður diskur: 80GB 4200rpm EIDE
- Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari, dual layer)
- Skjástýring: ATI RADEON XPRESS 200M IGP, allt að 128MB
- Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netrkort)
- Mótald: 56K Mótald
- Tengi: PCCARD I/II, VGA, lás, 2xUSB 2.0, ExpressCard 34/54
- Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
- Remote Controle infrarautt tengi.
- Rafhlaða: 6-Cell Lithium-Ion rafhlaða
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskt límmiðum
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
- Þyngd: 2.98kg
- Ummál(BDH): 263,9 x 357,8 x 44 mm
- Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

Office1 **129.900.-**

ÓTRÚLEGT VERÐ



Office1 **139.900.-**

## HP Pavilion borðtölva og 17”skjár

Vörunúmer: ep062aa/en623aa

**Tölva**

HP Pavilion T3345.uk turn
Ummál (BxDxH): 182mm x 434 mm x 381 mm
Þyngd: 14 kg
Örgjörvi: AMD Athlon64 3700+
Vinnsluminni: 1 GB DDR SDRAM
Harður diskur: 300 GB - Ultra DMA 7200 rpm
Geislaskrifari: DVDñRW (+R dual layer) LightScribe
Geisladrif: DVD-ROM
Skjákort:GeForce 6200se TC-256MB
Hljóðstýring: 5.1 channel surround
9 í 1 minniskortalesari
Tengi: 1 x PCI-Express (laust), 3 x PCI, 6 x USB 2.0 (2 að framan), 2 x Firewire
(1 að framan), 1 x Parallel
Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home Edition
Ábyrgð: 2 ára ábyrgð

**Skjár**

Stærð: 17" Pavilion vs17e TFT flatur skjár
Upplausn: 1280x1024 60Hz
Sjónarhorn: 140ølárétt, 130ølóðrétt
Punktastærð: 0.264mm
Birta í nits: allt að 300 nits
Skerpa: allt að 500:1
Viðbragðstími: 8ms (rise + fall)
Innbyggðir hátalarar
Anti-Glare/Anti-Static
Plug and play
Tengi: 15pin mini D-Sub VGA
Ábyrgð: 1 árs fyrirtækjaábyrgð og 2 ára neytendaábyrgð
Þyngd: 4.7 kg



ÓTRÚLEGT VERÐ



ÓTRÚLEGT VERÐ

Office1

**Ferðatöskusett**
Mjög góðar og vandaðar ferðatöskur frá Outback. Þrjár ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.
**Aðeins 9.990.-**
Þriggja tösku sett.

Office1

**Skrifborðstóll Eco**
Vandaðir skrifborðsstólar sem fást með svörtu, bláu eða rauðu áklæði. Stillanlegir á 3 vegu.
**Aðeins 14.990.-**

**Afgreiðslutímar**

*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

*Office 1 Akureyri og Ísafirði*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

*Egilsstöðum*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14

*Vestmannaeyjum*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

# Office1 Superstore



BJÖRN HLYNUR HARALDSSON OG INGVAR E. SIGURÐSSON LEIKA Í PÉTRI GAUT

# Krossgötur Péturs Gauts

Á morgun verður málþing helgað leikritunu Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen sem er sýnt í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir. Norska sendiráðið á Íslandi hefur milligöngu um málþingið og þekktur norskur leikstjóri, Terje Mærli, mun m.a. halda erindi þar sem hann fjallar um Pétur Gaut í samhengi við önnur verk Ibsens.

Á þessu ári er hundrað ára ártíð Ibsens og er skáldsins minnst með leiksýningum, hátíðarhöldum og hvers kyns uppákomum víða um heim, en málþingið á morgun er hluti af hátíðarhöldum Þjóðleikhússins.

Málþingið fer fram á nýjasta sviði leikhússins, í Kassanum við Lindargötu, og hefst kl. 15.00.

Erindi sitt flytur Terje á norsku en að því loknu verða pallborðsumræður á íslensku með þátttöku Baltasars Kormáks, leikstjóra verksins, Karls Ágústs Úlfssonar þýðanda, Björns Hlyns Haraldssonar, sem fer með hlutverk Péturs Gauts, og Gretars Reynissonar, höfundar leikmyndar, en Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins, stýrir umræðunum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

14 15 16 **17** 18 19 20

### Föstudagur

**TÓNLEIKAR**

- 20.00 **Guðrún Gunnarsdóttir** og **Friðrik Ómar** halda tónleika í **Salnum**. Vinsæl dægurlög í útsetningum Ólafs Gauks, m.a. lög Ellýjar og Vilhjálms Vilhjálms. Miðaverð 2.500 kr.
- 22.00 **Inge Mandos-Friedland Zimt** og **Kol isha** flytja dagskrá með söngvum og hljóðfæramúsík gyðinga í **Rauða húsinu** á Eyrarbakka.

**LEIKLIST**

- 20.00 **Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð** frumsýnir leikritið **Íslenski fjölskyldusirkusinn** í Verinu við Loftkastalann.

**OPNANIR**

- 17.00 **Kristinn Már Pálmason** opnar myndlistarsýningu í **Gallery Turpentine**, Ingólfsstræti 5.

**SKEMMTANIR**

- 00.00 **Dj Gulli** í **Ósóma** þeytir skífum frá miðnætti á **Bar 11.**
- 22.00 **Hljómsveit Rúnars Þórs** heldur uppi dúndrandi stemningu í **Vélsmiðjunni** á Akureyri.

**FYRIRLESTRAR**

- 12.10 **Rakel Pétursdóttir** sagnfræðingur fjallar um landslagsmyndir á yfirlitssýningu **Snorra Arinbjarnar** og **Gunnlaugs Blöndal** í **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg.

**SAMKOMUR**

- 13.00 Ráðstefna um málefni tvítyngdra, **Móðurmál er máttur**, verður haldin í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

**SÍÐUSTU FORVÖÐ**

- Síðasta sýningarhelgi á verkum **Sigrúnar Björgvins** í **Boganum** í **Gerðubergi**. Sigrún sýnir verk úr þæfðri ull.

**MÁLÞING**

- **Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur** í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands heldur **Vigdísarþing** þar sem rætt verður um íslenskar fornbókmenntir í samhengi við þjóðerniskennd á Norðurlöndum, í Skotlandi og Þýskalandi á 19. öld. Málþingið hefst í **Norræna húsinu**. Aðgangur er ókeypis og allir eru innilega velkomnir.

hvar@frettabladid.is


ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning fim. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

GLITNIR

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ




**Stóra svið**

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 18/3 kl 14 UPPS. Su 19/3 kl. 14 UPPS.
Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS.
Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14
Lau 8/4 kl. 14 Su 9/4 kl. 14
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14

**CARMEN**
Lau 18/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-**
Su 19/3 kl. 20 Græn kort
Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20

**WOYZECK**
Fi 23/3 kl. 20 Á LEIÐ TIL LONDON

**KALLI Á ÞAKINU**
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur Lau 15/4 kl. 14
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20

**Nýja svið / Litla svið**

**BELGÍSKA KONGÓ**
Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Fi 23/3 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fö 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 25/3 kl. 20 UPPS.
Fi 30/3 kl. 20 Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING
Lau 1/4 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

**HUNGUR**
Í kvöld kl. 20 Fi 23/3 kl. 20
Fö 24/3 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

**NAGLINN**
Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Su 19/3 kl. 20 UPPS.
Lau 25/3 kl. 20

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
Í kvöld kl. 20 Su 26/3 kl. 20

**FORÐIST OKKUR**
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

**KERTALJÓSATÓNLEIKAR**
**HARÐAR TORFA**
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgaleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 2/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 3/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Aukasýningar í mars:** sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 örfá sæti laus.
**Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
7. sýn. fös. 17/3, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. lau. 25/3 nokkur sæti laus.
**Aðeins þessar 3 sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt - 50. sýning**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 **uppselt**, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**, sun. 26/3 **uppselt**, fim. 30/3 örfá sæti laus, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Í kvöld fös. 17/3 **uppselt**, lau. 18/3 **uppselt**, þri. 21/3 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, mið. 26/4 nokkur sæti laus, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 örfá sæti laus, lau. 29/4 örfá sæti laus. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

KROSSGÖTUR - Málþing um Pétur Gaut
**Lau. 18/3 kl. 15:00**. Framsöguerindi flytur **Terje Mærli leikstjóri.** Pallborðsumræður. Þátttakendur: Baltasar Kormákur, Björn Hlynur Haraldsson, Karl Ágúst Úlfsson, Gretar Reynisson. Stjórnandi: Melkorka Tekla Ólafsdóttir. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

IÐNÓ

*Leikfélagið Snúður og Snælda* sýnir leikritið

**GLÆPIR OG GÓÐVERK**
**Byggð á verki Antons Delmer,**
**“Don´t utter a note”**
**Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson**
**leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir**

**Sýningar í IÐNÓ**

**11. sýning sun. 19. mars** kl. 14.00
**12. sýning mið. 22. mars** kl. 14.00
**13. sýning mið. 26. mars** kl. 14.00
Sýningar eru miðvikudaga og sunnudaga kl. 14.00

**Ath. sýningum fer fækkandi**

**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700**
**og við innganginn**
**www.midi.is**
**Miðaverð kr. 1.200**




**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Í BEINNI**
eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

6. sýning Föstud. 10.mar. kl.20:00
7. sýning Föstud. 17.mar. kl.20:00
8. sýning Laugard. 25.mar. kl.20:00
9. sýning Laugard. 01.apr. kl.20:00

*Leikritið gerist í lokaþætti spjallþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggnst baksviðs. Þetta er bráðfyndið leikrit sem óhætt er að mæla með.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1800,-**
**www.leikmos.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
SÍÐUSTU SÝNINGAR Á HIMNARÍKI
Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
Síðasta sýning.
VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is


HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA
ATH. SÝNINGUM AÐ LJÚKA
föstudagur 17.03 UPPSELT
laugardagur 18.03 UPPSELT 70. sýning
föstudagur 24.03 UPPSELT
laugardagur 25.03 laus sæti
laugardagur 01.04 laus sæti
föstudagur 07.04 laus sæti Síðasta sýn
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.


Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100


á tjá og tundri
SÍÐUSTU SÝNINGAR
Þri. 21.03 kl. 19:00 laus sæti


AÐEINS 2 SÝNINGAR EFTIR
18/3 OG 25/3
Carmen
SÖNGLEIKUR BYGGÐUR Á ÓPERU EFTIR BIZET
„Veisla fyrir augað"
S.S/Fréttablaðið
KB BANKI
BORGARLEIKHÚSIÐ


Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
17. mars. Fá borð laus
5331100
BROADWAY
Aðeins þessar sýningar


KRINGLUKRÁIN
Karma
ásamt Labba úr Mánum
í kvöld
Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
Borðapantanir í síma 568 0878
www.kringlukrain.is


Sjónþing Gerðubergs
STEiNUNN
Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður
laugardaginn 18. mars kl. 13:30 - 16:00
Stjórnandi: Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við LHÍ
Spyrlar: Gunnar Hilmarsson, hönnuður
Páll Hjaltason, arkitekt
Yfirlitssýning á verkum Steinunnar stendur til 30. apríl
Sýninguna má sjá á www.siminn.is/steinunn
Laugardagur 18.mars kl.10:30 - 13:00
Aðgangur ókeypis!
Heillandi heimur: Goð, börn og valkyrjur
Fyrirlesarar á barnabókaráðstefnunni eru: Sölvi Sveinsson, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Sólveig Ebba Ólafsdóttir og Helgi Már Friðgeirsson
Söngur og sund sunnudaginn 19. mars kl.13
Raggi Bjarna syngur sjómannalög
Ort í ull - Sigrún Björgvinsdóttir
í Boganum • Síðasta sýningarhelgi
www.gerduberg.is
Síminn


LAUGARDAGSKVÖLD
NASA 18. MARS
GLAM ROCK & 80'S FESTIVAL ALDARINNAR
Í FYRSTA SKIPTI Í REYKJAVÍK – GLAM ROCK HLJÓMSVEITIN
DRIFSKAFT
SEM SLÓ EFTIRMINNILEGA Í GEGN Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Í FYRRA
HINN HEIMSFRÆGI 80'S PLÖTUSNÚÐUR
DJ TRANCID
ALLA LEIÐ FRÁ CHICAGO
STUÐBOLTAR ÍSLANDS
Í SVÖRTUM FÖTUM
HITA UPP
THULE
Léttöl
Tryggið ykkur miða í tíma – Forsala á NASA
fimmtudag og föstudag milli 13:00 og 16:00




Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

***Ókind:** Hvar í Hvergilandi, **Placebo:** Meds, **Graham Coxon:** Love Travels at Illegal Speeds, **Ampop:** Made for Market, **Cara Dillon:** After the Morning, **Moby:** Live-The Hotel Tour DVD og **Bob Dylan:** Freewheeling.*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Upptökur klárast á árinu

Önnur plata Orgelkvartettsins Apparat er í vinnslu en óvíst er hvort hún nái að koma út á þessu ári.

„Við erum að semja lög og æfa og ætlum að halda því ferli áfram í ár. Stefnan er að klára að taka hana upp á árinu. Það gerist allt mjög hægt hjá Apparat," segir Jóhann Jóhannsson, einn fimm meðlima sveitarinnar.

Eina plata Apparats til þessa, sem var samnefnd sveitinni, kom út í lok ársins 2002 og fékk mjög góðar viðtökur. Hún kemur út á nýjan leik í Evrópu og í Japan í byrjun maí en hún hefur lengi vel verið með öllu ófáanleg.

Platan var á sínum tíma gefin út í útlöndum af Thule en í þetta skipti munu meðlimir sveitarinnar sjálfir gefa hana út, þar sem þeir eiga nú útgáfuréttinn af henni. Ekki er langt síðan hún kom út á nýjan leik hjá 12 Tónum hér á landi.

Til að fylgja plötunni eftir ætlar Apparat í tónleikaferð um Frakkland, Holland, Belgíu og hugsanlega Þýskaland. Hingað til hafa tónleikar sveitarinnar um Evrópu fallið vel í kramið og má búast við því að svipað verði uppi á teningnum í næstu tónleikaferð þessarar áhugaverðu hljómsveitar.



**APPARAT** Orgelkvartettinn er að taka upp sína aðra plötu, sem kemur líklega út á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### > Plata vikunnar

**Blindfold: Blindfold**



*„Fyrsta sólóplata Birgis Hilmarssonar úr Ampop stendur vel fyrir sínu þar sem draumkennd fegurðin skín í gegn víðast hvar."*

### > Popptextinn

*„Við skulum lesa allar slæmu fréttirnar af fræga fólkinu í blöðunum við skulum vona að eitthvað pínlegt hendi það sem verði brátt á allra vörum því sá sem sér stjörnuhrap má óska sér"*

Ókind hefur óbeit á fræga fólkinu í „Verst klædda stjarna ársins" af plötunni Hvar í Hvergilandi.

## X-LISTINN

TOPP TÍU LISTI X-INS 977

| | |
|---|---|
| 1. | **FRÆ** FREÐINN FÁVITI |
| 2. | **SYSTEM OF A DOWN** LONELY DAY |
| 3. | **BULLET FOR MY VALENTINE** ALL THESE THINGS I HATE |
| 4. | **FUTURE FUTURE** CODE CIVIL |
| 5. | **THE DARKNESS** IS IT JUST ME? |
| 6. | **AMPOP** CLOWN |
| 7. | **THE STROKES** HEART IN A CAGE |
| 8. | **10 YEARS** WASTELAND |
| 9. | **DEAD SEA APPLE** BEARER OF BAD NEWS |
| 10. | **THE WHITE STRIPES** WALKING WITH A GHOST |



**FRÆ** Hljómsveitin Fræ er á toppnum með lagið Freðinn fáviti.

FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS



**LUKE VIBERT** Breski danstónlistarmaðurinn þeytir skífum á Nasa í kvöld.

## Luke Vibert á Nasa

Danstónlistarmaðurinn Luke Vibert þeytir skífum á Nasa í kvöld á vegum Rafrænnar Reykjavíkur. Einnig koma fram Dr. Mister & Mr. Handsome, Biggi Veira, Gorbatsjov, Xylic og Vj Biogen.

Vibert er einn af þeim stærstu í and-popp danstónlistinni, sem er langt frá því að hljóma eins og Ibiza-tónlist. Er hann oft nefndur í sömu andrá og Aphex Twin og Squarepusher sem er kannski ekki skrítið þar sem þeir eru allir frá Cornwall-skaga á Englandi.

Nasa verður opnað klukkan 23.30 í kvöld og kostar 1.000 krónur í forsölu hjá 12 Tónum og í Smekkleysubúðinni. 1.500 kostar inn við hurð. ■




# Á milli ástar og haturs

**Graham Coxon, fyrrum gítarleikari hljómsveitarinnar Blur, gaf á dögunum út sína sjöttu sólóplötu, Love Travels at Illegal Speeds. Freyr Bjarnason leit yfir feril kappans.**



**GRAHAM COXON** Fyrrum gítarleikari Blur er að gefa út sína sjöttu sólóplötu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Graham Coxon, sem varð 37 ára síðastliðinn sunnudag, hætti í Blur árið 2002 og voru endalokin frekar snubbótt. Einhverjar erjur höfðu verið á milli hans og söngvarans Damon Albarn og á endanum var það umboðsmaður sveitarinnar sem tilkynnti Coxon að hann væri hættur, þegar upptökur voru nýhafnar á plötunni Think Tank. Spilaði hann aðeins í laginu Battery In Your Leg á þeirri plötu, sem hafði að geyma þrettán lög.

**Persónuleg vandamál**

Coxon hafði átt við persónuleg vandamál að stríða í nokkurn tíma. Þurfti hann tvívegis að fara í meðferð vegna áfengis- og þunglyndisvandamála sem tóku sinn toll hvað varðaði samskipti hans við hina meðlimi Blur.

Coxon hefur síðan einbeitt sér að sólóferli sínum, sem hófst reyndar á meðan hann var enn í Blur. Árið 1998 stofnaði hann sitt eigið hljómplötufyrirtæki, Transcopic, og gaf út sína fyrstu sólóplötu, The Sky Is Too High, sem náði 31. sæti á breska vinsældalistanum. Síðasta plata hans, Happiness in Magazines, er vinsælasta plata Coxons til þessa en hún náði 19. sætinu á breska listanum.

**Mitt á milli ástar og haturs**

Coxon er að vonum hæstánægður með nýju plötuna og segir hana hljóma eins og ferð mitt á milli ástar og haturs.

Hann segist aldrei hafa verið hamingjusamari sem tónlistarmaður en þegar hann er einn á báti. „Að semja lög er hluti af lífinu. Það er eins og það vanti eitthvað í lífið ef þú getur ekki búið til lög og texta," segir Coxon. „Á þessum tímapunkti í lífi mínu er ég mjög ánægður með að vera minn eigin herra, semja lög heima hjá mér og aðeins fara út úr húsi þegar mig langar til," segir hann og bætir við að sólóferillinn gefi honum aukinn tíma til að styrkja sambandið við fimm ára dóttur sína. „Það er auðvelt að semja lög sem hlustendur halda að séu um ástarsambönd en eru í raun byggð á samtölum við hana," segir Coxon.

Hann segist einnig hafa hætt að drekka og það hafi breytt lífi hans til hins betra. „Það gefur mér meiri tíma til að einbeita mér að tónlistinni. Ég get unnið að hlutunum í ró og næði án þess að þurfa að fara á barinn. Hugurinn er tærari og ég er hraustari en áður. Það er talað um að ef þú sigrist á fíkn gerist lítil kraftaverk og það er bara alveg satt," segir hann.

**Vantar húmor í Blunt**

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Love Travels at Illegal Speeds, hefur fengið góðar viðtökur. Coxon segist vera ánægður með viðbrögðin en hefur ekki áhuga á álíka vinsældum og James Blunt hefur náð með frumburði sínum, Back to Bedlam. „Það er enginn húmor í tónlistinni hans og það virðist heldur ekki vera mikil dýpt í henni," segir hann um Blunt. „Þessi tónlist er eins og eitthvað sem þú skrifar á kort ef þú ert að senda einhverjum blóm. Hann er ekkert sérstaklega reiður og kannski of pottþéttur. Platan mín fjallar um ljótleikann í manninum, sérstaklega körlum."

Coxon ætlar að fylgja nýju plötunni eftir með tónleikaferð um Bretland sem hefst í Newcastle á mánudaginn. Einnig mun hann hita upp fyrir Kaiser Chiefs á tónleikaferð hennar um Bretland í apríl.

## Sólóplata í vinnslu

Shirley Manson, söngkona Garbage, er byrjuð að vinna að sinni fyrstu sólóplötu. Trommarinn Butch Vig ætlar á sama tíma að snúa sér á nýjan leik að upptökustjórn en hann er eflaust þekktastur fyrir að stjórna upptökum á meistarastykki Nirvana, Nevermind. Auk þess ætla aðrir meðlimir sveitarinnar að vinna að kvikmyndatónlist.

Garbage er þó ekki hætt störfum. „Við höfðum kannski átt að gefa út fréttatilkynningu um þetta en við erum bara í pásu. Það er búið að vera brjálað að gera síðastliðinn áratug," sagði Manson.

Hún hefur þegar samið lag með kvikmyndatónskáldinu David Arnold, sem aðstoðaði einmitt Garbage við titillag Bond-myndarinnar The World Is Not Enough árið 1999. Ekki hefur enn verið ákveðið hvenær sólóplatan kemur út. ■



**GARBAGE** Hljómsveitin Garbage er komin í pásu á meðan meðlimir einbeita sér að öðrum verkefnum.

# Valensi til aðstoðar

Nick Valensi, annar gítarleikari New York-sveitarinnar The Strokes, spilar sem gestur í laginu Better, sem verður á fyrstu plötu bandarísku söngkonunnar Reginu Spector.

Platan nefnist Begin to Hope og kemur út 12. júní. Spector hitaði upp fyrir The Strokes á tónleikaferð vegna síðustu plötu sveitarinnar, Room on Fire, og fékk í kjölfarið Valensi til að aðstoða sig á nýju plötunni. Spector ætlar í tónleikaferð um Bandaríkin til að fylgja plötunni eftir.



**THE STROKES** Gítarleikari The Strokes aðstoðar Reginu Spector á nýju plötunni hennar.

# Rivulets með þrenna tónleika

Bandaríski tónlistarmaðurinn Nathan Amundson, sem kallar sig Rivulets, er væntanlegur hingað til lands í næstu viku og mun þá leika á þrennum tónleikum.

Þetta er fjórða heimsókn Nathans hingað til lands á fimm árum. Í þeirri fyrstu tók hann upp stuttskífuna Thank You Reykjavík í hljóðveri Rásar 2 og haustið 2002 spilaði hann á óopinberum lokatónleikum plötubúðarinnar Hljómalindar á Grand Rokki ásamt Hudson Wayne, Drekka og Jessicu Bailiff. Þóttu þeir tónleikar sérstaklega vel heppnaðir þar sem frammistaða Rivulets var án efa hápunktur kvöldins.

Tónleikarnir á Íslandi verða haldnir dagana 24. til 26. mars. Þeir fyrstu verða á föstudeginum í Smekkleysu, þeir næstu daginn eftir í Kaffi Hljómalind og þeir síðustu á Grand Rokk. Eftir það heldur Amundson tónleika í Bandaríkjunum með hljómsveitinni Low.

Sú sveit átti einmitt stóran þátt í að koma Amundson á kortið á sínum tíma eftir að hann flutti til heimabæjar hennar, Duluth, eftir að hafa búið lengi í Alaska. Forsprakki Low, Alan Sparhawk, tók til að mynda upp fyrstu tvær plötur Amundson.



**RIVULETS** Bandaríski tónlistarmaðurinn Nathan Amundson er á leiðinni hingað til lands í fjórða sinn.



ÚLPA

## SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

**Úlpa: Attempted Flight by Winged Men**
„Þetta er ágæt plata sem þó nær ekki að halda athyglinni allan tímann. Gítarinn á góða spretti á köflum en því miður dugar það ekki til.“ FB

**Placebo: Meds**
„Nafn Placebo er gæðastimpill sem tryggir hlustendum góða og metnaðarfullar rokkplötur. Það er eins með þessa fimmtu breiðskífu. Formúlan er þó aðeins farin að þynnast.“ BÖS

**William Orbit: Hello Waveforms**
„Fyrsta breiðskífa upptökustjórans goðsagnakennda í sex ár. Stenst allar gæðakröfur og ætti að höfða til allra á einhvern hátt.“ BÖS

**Arab Strab: The Last Romance**
„Sjötta breiðskífa Arab Strab er ekki slæm en heldur ekki góð. Sama tegund af kaffi og síðast, á sama kaffihúsi og menn eru í sömu sætunum að segja sömu brandarana.“ BÖS

**Jack Johnson: Curious George**
„Fylgifiskur hinnar geysivinsælu In Between Dreams er nánast nákvæmlega eins og búast mátti við. Jack Johnson semur þó í þetta skiptið fyrir kvikmynd en það setur engan svip á plötuna.“ BÖS

**I Am The Avalanche: I Am The Avalanche**
„Frumraun bandarísku emórokksveitarinnar I Am The Avalanche er eins óspennandi og hugsast getur. Hér er verið að vinna eftir formúlu sem er löngu orðin úrelt.“ BÖS

**Mary J. Blige: The Breakthrough**
„Sjöunda breiðskífa Mary J. Blige er í hæsta gæðaflokki þegar kemur að útvarpsvænni R&B tónlist. Ef henni hefur enn ekki verið úthlutað hásæti senunnar er kominn tími til að krýna drottninguna.“ BÖS

**Siggi Ármann: Music for the Addicted**
„Þessi önnur plata Sigga Ármanns er bæði lágstemmd og tilfinningarík og í raun fyrirtaksplástur á brothætt sálarlíf. Munið bara: innri fegurðin skiptir mestu máli.“ FB

**Stórsveit Nix Noltes: Orkideur Hawaii**
„Stórsveit Nix Noltes á mikla athygli og ennþá meiri tónleikaaðsókn skilda fyrir þessa hressandi tónlist sem hefur þann þó neikvæða fylgikvilla að henta ótrúlega illa til hlustunar í heyrnartólum.“ BG

**Freyr Bjarnason, Birgir Örn Steinarsson, Borghildur Gunnarsdóttir.**

AMPOP




CD 1.799,-

MY DELUSIONS • AMPOP
EIN ALLRA VINSÆLASTA PLATA ÁRSINS 2006 OG TITILLAG PLÖTUNNAR HLAUT BÆÐI ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN OG HLUSTENDAVERÐLAUN XFM Á DÖGUNUM FYRIR BESTA LAG ÁRSINS 2005.




CD 1.599,-

MADE FOR MARKET • AMPOP
LOKSINS ER ÖNNUR PLATA AMPOP FÁANLEG Á NÝ. MADE FOR MARKET KOM UPPHAFLEGA ÚT ÁRIÐ 2002 EN HEFUR VERIÐ ÓFÁANLEG HÉR Á LANDI Í LANGAN TÍMA.



CD 1.799,-

...COMBINES SPARSE ELECTRONICA WITH A WARMER MELODICISM AND ADOPTS A WISTFULLY MELANCHOLY TONE
-WIRE MAGAZINE

GÓÐ PLATA...DRAUMKENND FEGURÐIN SKÍN VÍÐA Í GEGN OG FESTIR BIRGI Í SESSI SEM ÖFLUGAN SÓLÓTÓNLISTARMANN.
-FREYR BJARNASON FBL

BLINDFOLD • BLINDFOLD
FYRSTA SÓLÓPLATA BIRGIS HILMARSSONAR, SÖNGVARA OG GÍTARLEIKARA AMPOP, ER KOMIN ÚT. BLINDFOLD HEFUR HLOTIÐ MIKIÐ LOF GAGNRÝNENDA HÉR Á LANDI SEM OG ERLENDIS.

MINNUM Á TÓNLEIKANA „RÁS 2 ROKKAR HRINGINN“ Á NASA Í KVÖLD 17. MARS!
ÞAR KOMA FRAM AMPOP, DIKTA OG HERMIGERVILL ÁSAMT HLJÓMSVEITINNI VAX.
MIÐASALA Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG Á MIDI.IS
HÚSIÐ OPNAÐ KLUKKAN 20.

S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

## FULLKOMIN HELGI DÍANNA DÚA HELGADÓTTIR, FÖRÐUNARFRÆÐINGUR HJÁ FORVAL

# „Dinner og dans“

„Ég verð að viðurkenna að ég er orðin mjög heimakær og vil helst vera heima hjá mér um helgar. Aldrei þessu vant er ég þó með þéttskipað plan um helgina. Eftir vinnu í dag ætla ég í andlitsbað í Laugum áður en ég fer og hitti vinkonur mínar yfir hvítvíni og smá snarli á 101 hóteli. Við gerum þetta reglulega, fáum okkur smá hvítvín og spjöllun. Stelpurnar eru allar svo uppteknar í dag að það þarf að skipuleggja svona kvöld fram í tímann. Félagslíf er sem sagt í lágmarki,“ segir Díanna Dúa og brosir. Á laugardaginn ætlar hún að vinna en ný lína frá Chanel var að koma í hús og verður Díanna Dúa að kynna hana í Hagkaupum.

„Um kvöldið ætla maðurinn minn og vinur hans að bjóða mér og sinni konu í „dinner og dans“ heima hjá þeim. Stákarnir ætla að elda. Ég vona heitt og innilega að það verði ekki Domino's í boði eða annað heimsent,“ segir hún og hlær. Seinna um kvöldið gerir hún ráð fyrir því að blandarinn verði dreginn fram til að mixa saman framandi kokkteila áður en haldið verður í miðbæ Reykjavíkur. Ekki er ólíklegt að skemmtistaðurinn Óliver verði fyrir valinu. „Á sunnudaginn geri ég örugglega ekki neitt annað en að skokka út á myndbandaleigu í jogginggallanum og horfa á myndir í huggulegheitum.“

Spurð hvort þetta sé dæmigerð helgi segir hún svo ekki vera. „Þessi helgi er óvenju þéttskipuð og ég hlakka til hennar.“



**HEFUR RÓAST MEÐ ALDRINUM** DÍANNA DÚA HELGADÓTTIR ÆTLAR AÐ VERA Á FULLRI FERÐ UM HELGINA. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fram, fram fylking

**Bandaríkjamenn hafa haldið hlífiskildi yfir Íslendingum um áratugaskeið með varnarliði á Miðnesheiði en sjá sér ekki hag í því lengur að halda úti herstöð á Íslandi og herinn verður því kallaður heim í haust.Það er þó síður en svo ástæða til að fara á taugum þar sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lengi gengið með hugmyndir um íslenskan her í kollinum. Hér eru nefndir kandídatar í helstu pósta í yfirstjórn hersins. Fótgönguliða má einfaldlega sækja í miðbæ Reykjavíkur þar sem blóðþyrst æska landsins hefur æft sig í misþyrmingum með sérstaka áherslu á handalögmál og meðferð eggvopna.**

### JÓN GERALD SULLENBERGER FLOTAFORINGI



Þegar Bandaríkjamenn blönduðu sér í seinni heimsstyrjöldina lá styrkur þeirra ekki síst í því hversu fljótir þeir voru að breyta ísskápa- og bílaverksmiðjum í hergagnaverksmiðjur. Ekki verða síður hæg heimatökin hjá fiskimannaþjóðinni að koma sér upp flota. Íslendingar hafa þegar sigrað breska heimsveldið í sjóorrustu en það afrek mun hverfa í skuggann af óunnum sigrum hins nýja íslenska flota. Jón Gerald er kjörinn til þess að stjórna flotanum. Það er lítið að gera hjá honum þessa dagana og valdhafarnir treysta honum, enda innmúraður og innvígður. Hann er vanur því að höndla með skip og mun því leggja flotanum til nýtísku fley. Þá hefur hann siglt milli skers og báru á lygnum Mexíkóflóa og mun taka sig vel út í stafni VIKING I, flaggskips flotans.

### GEORG LÁRUSSON HERLÖGREGLUSTJÓRI



Agi er það sem heldur góðum her gangandi og öllum á tánum. Herlögregla og herréttur eru þrautreynd meðul sem hafa virkað vel til þess að hafa hemil á rustunum sem mega aðeins hegða sér eins og bavíanar í fremstu víglínu. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, er valdsmannslegasti embættismaður sögunnar síðan Magnús Stephensen var og hét. Georg stjórnaði lögreglunni til skamms tíma og setti sterkan svip á embætti lögreglustjóra. Hann er harður í horn að taka og augnaráðið eitt sýnir svo ekki verður um villst að hér fer óttalaus maður sem fer það vel að stjórna. Herlögreglan undir hans stjórn verður raunverulegt afl sem borgar sig ekki að styggja.

### KJARTAN GUNNARSSON YFIRMAÐUR LEYNIÞJÓNUSTU HERSINS



Allir alvöru herir þurfa sína leyniþjónustu og fáir eru líklegri til þess að standa þá hættulegu vakt með meiri sóma en Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hann er sannkallaður kafbátur, heyrir allt, veit allt og virðist þar fyrir utan eiga huliðshjálm sem gerir honum kleift að grípa inn í atburðarás, snúa henni og stjórna án þess að fingraför hans sjáist nokkurs staðar. Tengslanet Kjartans verður honum ómetanlegt í nýja starfinu og óhætt er að fullyrða að óvinir ríkisins mega fara að vara sig þegar Björn gefur honum lausan tauminn. Yfirmaður James Bond var kallaður M en hann mun blikna í samanburði við K.

### BJÖRN BJARNASON HERSHÖFÐINGI



Dómsmálaráðherrann er sjálfkjörinn hershöfðingi. Yfirgripsmikil þekking hans á utanríkismálum og kaldastríðssöguþekking ræður úrslitum en þar fyrir utan er hann auðvitað maðurinn með hernaðaráætlunina. Hann hefur auk þess sinnt landvörnum vasklega á liðnum árum, haft hemil á kínversku innrásarliði, breytt barnaskóla í Njarðvík í fangabúðir á mettíma og er fullkomlega meðvitaður um að þjóðaröryggi vegur þyngra en persónufrelsi. Þá spillir ekki fyrir að Björn er árvakur og ákaflega var um sig. Það kemur enginn aftan að hershöfðingja sem sér óvini og flugumenn í hverju horni.

### HARALDUR JOHANNESSEN BÚNINGADEILD OG BIRGÐAHALD



Ríkislögreglustjórinn berst í bökkum þessa dagana og mun sjálfsagt þurfa að vinna sig upp til vegs og virðingar í skipuriti hersins. Byrjunin verður því ekki endilega glæsileg en það er samt nóg fyrir hann að sýsla í herbúðunum. Snyrtilegir hermenn bera meiri virðingu fyrir sjálfum sér en slúbbertar í kakíbuxum og því þarf að gæta þess að strákarnir okkar verði fínir í tauinu. Þjóðverjar voru meðvitaðir um þetta í seinni heimsstyrjöldinni og voru langflottastir þó þeir næðu ekki heimsyfirráðum. Haraldur hefur mikinn áhuga á einkennisbúningum og mun fara létt með að hanna búninga sem slá klæðskera þýska hersins út. Þess verður vel gætt að helstu foringjar verði lagðir gylltum borðum upp að öxlum og þeir óbreyttu sem ekki bursta skóna sína daglega fá að finna til tevatnsins hjá Gauja liðþjálfa. Þá mun Haraldur vaka yfir vopnabúri hersins og gæta þess að flottustu græjurnar séu keyptar inn reglulega.

### GUÐJÓN ÞÓRÐARSON LIÐÞJÁLFI



Það er enginn skortur á harðjöxlum á landi elds og ísa en enginn er grimmari en fótboltabullan Guðjón Þórðarson. Guðjón kann ekki að tapa, sem er ómetanlegur eiginleiki þegar kemur að stríðsrekstri. Þá getur hann komið liðleskjum og landeyðum í toppform eftir eina mjólkursýrumælingu.

Honum er einnig gefinn sá eiginleiki að geta stappað stálinu í þá sem hann þjálfar og gera sigurvegara úr nánast hverjum sem er. Gleymum því ekki að þetta er maðurinn sem gerði KR að bikarmeisturum. Guðjón er líka ótrúlega útsjónarsamur, eða „taktískur“ eins og það kallast á fótboltamáli. Hann sér mótleiki andstæðingsins langt fram í tímann og kann að bregðast rétt við og fella óvininn.


## Aðstoð við skattframtalsgerð

Aðstoð við skattframtalsgerð fyrir félaga í aðildarfélögum Samiðnar, Rafiðnaðarsambands Íslands og MATVÍS og félaga í Félagi bókagerðarmanna verður í dag, föstudaginn 17. mars, kl. 16:00-19:00, mánudaginn 20. mars og þriðjudaginn 21. mars, kl. 16:00-19:00 í húsakynnum Virðingar hf.

Virðing VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Borgartúni 30, 3. hæð 105 Reykjavík Sími 520-9800






AFMÆLISVEISLA!
ÞETTA ER OKKAR FJÓRÐA STARFSÁR OG VIÐ ERUM Í SANNKÖLLUÐU AFMÆLISSKAPI
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
AÐEINS UM ÞESSA HELGI
NIKE SASQUATCH
VERÐ: 23.920,-
VERÐ ÁÐUR: 29.000,-
PING G5
VERÐ: 23.920,-
VERÐ ÁÐUR: 29.900,-
CALLAWAY X460
VERÐ: 23.920,-
VERÐ ÁÐUR: 29.900,-
KING COBRA SPEED
VERÐ: 25.530,-
VERÐ ÁÐUR: 31.900,-
CALLAWAY BIG BERTHA 06 SETT
VERÐ: 53.520,-
VERÐ ÁÐUR: 66.900,-
ODYSSEY WHITE STEEL 2 BALL
VERÐ: 14.320,-
VERÐ ÁÐUR: 17.900,-
ADIDAS TOUR 360
VERÐ: 15.840,-
VERÐ ÁÐUR: 19.800,-
PING CRAZ-E
VERÐ: 11.920,-
VERÐ ÁÐUR: 14.900,-
kaldaljós 2006
Hole in One
GOLFVERSLUN
Opnunartími:
Mán - fös..................10 - 19
Laugardaga..............10 - 16
Sunnudaga...............12 - 16
MUNIÐ EFTIR OUTLET HORNINU - ALLT Á 50% AFSLÆTTI
HOLE IN ONE • BÆJARLIND 1-3 & KRINGLUNNI • SÍMI: 577 4040 • WWW.HOLEINONE.IS




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| BIG SÝND Í Í LÚXUS | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 5.50 |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 6.50, 9 og 11.10 |
| RENT | kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 5.30 og 8 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 9 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 6, 8 og 10 |
| RENT | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 6 |
| PINK PANTHER | kl. 8 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Íslensk dægurlög

Fimm keppendur eru eftir í leitinni að næstu Idol-stjörnu Íslands. Að þessu sinni munu keppendur reyna fyrir sér með íslenskum dægurlögum sem notið hafa töluverðra vinsælda hér á landi undanfarin ár.



**900 9001 EÐA SMS Í 1918 IDOL 1**

Alexander ætlar að reyna fyrir sér með ballöðunni Dag sem dimma nátt sem Í svörtum fötum flutti með eftirminnilegum hætti. Það er þó Magnús Þór Sigmundsson sem á heiðurinn af lagasmíðunum og flutti hann lagið sjálfur nýverið.



**900 9002 EÐA SMS Í 1918 IDOL 2**

Bríet Sunna syngur lagið Einhvers staðar einhvern tímann aftur en Magnús Eiríksson á heiðurinn af þeim sígilda smelli, sem yljað hefur ófáum um hjartaræturnar.



**900 9003 EÐA SMS Í 1918 IDOL 3**

Snorri ræðst ekki á garðinn þar sem hann lægstur því hann hefur valið lagið Skýið sem Björgvin Halldórsson gerði nánast ódauðlegt. Snorri fetar þar í fótspor Garðars Thor Cortes sem einnig söng það á sinni fystu sólóskífu.



**900 9004 EÐA SMS Í 1918 IDOL 4**

Mannakorn koma aftur við sögu í lagi Ínu, sem hyggst flytja lagið Ferjumaðurinn. Lög Bríetar og Ínu eiga það einnig sameiginlegt að Ellen Kristjánsdóttir söng þau bæði á sínum tíma.



**900 9005 EÐA SMS Í 1918 IDOL 5**

Íslendingar sem komnir eru til vits og ára þekkja lagið Rain sem Jet Black Joe flutti um miðjan tíunda áratuginn. Ragnheiður Sara bregður sér í hlutverk Páls Róskinkranz og syngur þennan sígilda slagara.






## FRÉTTIR AF FÓLKI



Umtalið og slúðrið í kringum ofurfyrirsætuna Kate Moss hefur verið áberandi á árinu. Vafalaust eiga hennar nýjustu kaup eftir að mælast vel fyrir hjá slúðurdálkahöfundum heimsins en The New York Post greinir frá því að hún hafi keypt gulltitrara á 200 pund, sem samsvara rúmum 24 þúsund íslenskra króna. Moss er sögð hafa keypt útgáfu af mjög takmörkuðu upplagi Jimmyjan Little Something-titrarans en sá skartar hvorki meira né minna en þremur mismunandi stillingum; Sykur, Vertu minn og Sæt og Daður.

Simon Pegg vísar á bug öllu því neikvæða umtali sem umkringt hefur bandaríska leikarann Tom Cruise. Pegg vakti eftirminnilega athygli í kvikmyndinni Shaun of the Dead og starfar við hlið Cruise í Mission: Impossible III. Samkvæmt vefútgáfu götublaðsins The Sun sagðist leikarinn hafa hrifist af einbeitingu Cruise og hann væri gjörólíkur öllu sem sagt hefði verið um leikarann. „Cruise er mjög vinalegur og tók mér opnum örmum. Cruise er hvorki lítill né skrýtinn og ræddi ekki einu sinni um Vísindakirkjuna við mig," sagði Pegg en Cruise hefur verið sagður hálf geðveikur í ást sinni á söfnuðinum.











**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE MATADOR | KL. 6-8:10-10:20 | B.I. 16 |
| THE MATADOR VIP | KL. 3:50-6-8:10-10:20 | |
| LASSIE | KL. 3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 4-6-8-10:10 | B.I. 16 |
| SYRIANA | KL. 8:10-10:40 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 6-8:10-10:20 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| LASSIE | KL. 6 |
| BIG MOMMA´S HOUSE 2 | KL. 6-8-10 |
| AEON FLUX | KL. 8-10 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| LASSIE | KL. 6 | |
| THE MATADOR | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| AEON FLUX | KL. 10 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 8 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| LASSIE | KL. 3:40-5:50-8 | |
| THE NEW WORLD | KL. 8-10:40 | |
| THE PINK PANTHER | KL. 4-6-10:10 | |
| DERAILED | KL. 8 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 10 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4-6 | |

KRINGLAN S: 588-0800

**Háskólabíó**

| | | |
|---|---|---|
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE NEW WORLD | KL. 5:15-8-10:45 | |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30-8-10:30 | |
| SYRIANA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 8 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-10:15 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Grínistinn Will Ferrell segir að fregnir af andláti sínu séu stórlega ýktar. Nýverið birtist frétt á heimasíðunni INewswire.com þess efnis að Ferrell hefði farist í svifdrekaslysi í Kaliforníu. „Við höfum heyrt af þessu. Við nenntum ekki að reyna að hafa uppi á þeim sem skrifaði þetta því þarna var augljóslega um gabb að ræða,“ sagði upplýsingafulltrúi Ferrell.



Óskarsverðlaunahafinn Benici Del Toro hefur tekið að sér hlutverk í endurgerð hryllingsmyndarinnar The Wolf Man. Hann mun einnig taka þátt í framleiðslu myndarinnar. Myndin gerist á Viktoríutímanum í Englandi og er Andrew Kevin Walker, sem samdi handrit Seven, að vinna að handritinu. Tökur hefjast snemma á næsta ári um leið og Del Toro lýkur tökum á Guerrilla, sem er byggð á ævi Che Guevara.



Harrison Ford segir að tökur á myndinni Indiana Jones 4 hefjist fljótlega. Hann hefur lagt blessun sína yfir handrit myndarinnar ásamt leikstjóranum Steven Spielberg og því á allt að vera klappað og klárt. Síðasta Indiana Jones-mynd kom út árið 1989.

Fyrrum liðsmaður Genesis, Phil Collins, hefur skilið við eiginkonu sína til sex ára. Collins segir að skilnaðurinn hafi verið ákveðinn í þágu tveggja ungra barna þeirra. Collins, sem er 55 ára, á þrjú önnur börn úr fyrri hjónaböndum. Hann mun búa áfram í Sviss til að geta verið nálægt börnunum tveimur.



# Ágætis grín

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Flesta dreymir um líf sem sveipað er einhverjum ævintýraljóma. Hver hefur ekki viljað vera leyniþjónustumaður eins og James Bond? Skjótast um heiminn á fimm sekúndum og keyra um á flottum sportbifreiðum til að bjarga mannfólkinu undan óþjóðalýð? Eða fornleifafræðingur í ætt við Indiana Jones? Sveifla sér með svipu og komast í návígi við horfna leyndardóma sögunnar?

Danny Wright hefur eflaust legið einhverjar nætur og dreymt um slíkt líf en lifir nú frekar tilbreytingarlitlu og óspennandi lífi með eiginkonu sinni í úthverfi. Nokkuð er liðið síðan þau misstu son sinn en það hefur sett verulegt mark á líf þeirra. Wright býðst vegna vinnu sinnar að fara til Mexíkó þar sem honum gefst kærkomið tækifæri til að klifra upp metorðarstigann. Ferðin suður gæti þýtt samning, sem gæti bjargað hjónabandinu.

Í Mexíkó gengur allt eins og í sögu. Wright er handviss um að hafa heillað alla upp úr skónum en jákvætt svar dregst á langinn. Á hótelbarnum kemst hann í kynni við Julian Noble og þrátt fyrir að þykja hann frekar óviðkunnanlegur við fyrstu kynni er eitthvað sem heillar. Noble virðist standa fyrir allt sem hann er ekki. Áhuginn dvínar lítið þegar í ljós kemur að þessi nýi „vinur“ er þrælfær leigumorðingi sem á í erfiðleikum með að drepa fyrir skjólstæðinga sína og þegar Wright ákveður að rétta honum hjálparhönd verður líf hans aldrei samt aftur.

Greg Kinnear og Pierce Brosnan leika þá Wright og Noble. Kinnear á frekar auðvelt með gamanleik en virðist fastur í hlutverki persónunnar sem veit aldrei í hvorn fótinn hún á að stíga. Danny Wright er staddur á krossgötum í sínu lífi, samningurinn gæti bjargað hjónabandinu eða lagt það í rúst. Kynnin við Julian Noble eru því kærkomin inn í spennulítið líf viðskiptamannsins og Kinnear kemur sínu til skila en ekki með neinum tilþrifum. The Matador stendur nefnilega og fellur með Pierce Brosnan. Einhverjir hafa eflaust afskrifað gamla Bond-leikarann og talið hann ófæran um að halda leik áfram á hvíta tjaldinu því áhorfendur sæju hann bara fyrir sér í svörtum smóking, akandi um á BMW. Brosnan svarar þessum gagnrýnisröddum með taugaveiklaðri útgáfu af sinni þekktustu persónu. Noble er orðheppinn, svikull og ákaflega fær þegar kemur að kvennafari. Hann er líka ein taugahrúgu vegna of mikillar vinnu, nokkuð sem maður myndi ætla að Bond væri orðinn eftir allan þennan tíma í þjónustu hennar hátignar.

The Matador byggir velgengni sína á frammistöðu leikaranna tveggja og samleikur þeirra er oft með hreinum ágætum. Stundum skortir smá krydd hér og þar í handritið til að hún nái upp fyrir meðalmennskuna og myndin missir dampinn á stöku stað. The Matador er engu að síður bráðskemmtilega gamanmynd sem aðdáendur Brosnan geta yljað sér við þegar fráhvarfseinkennin gera vart við sig.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**THE MATADOR**

LEIKSTJÓRI: RICHARD SHEPARD

**Aðalleikarar:** Pierce Brosnan og Greg Kinnear
**Niðurstaða:** The Matador snýr frægustu persónu Pierce Brosnan, James Bond, upp í andhverfu sína og það grín keyrir hana áfram. Það vantar hins vegar smá krydd í handritið til að myndin læðist upp fyrir meðalmennskuna.

# Stórtónleikar í beinni

Tónleikaferðalagi Ampop, Diktu og Hermigervils um landið með aðstoð Rásar 2 lýkur með stórtónleikum á Nasa í kvöld sem verður útvarpað í beinni útsendingu.

Sveitirnar spiluðu í Bíóhöllinni á Akranesi í fyrrakvöld þar sem hljómsveitin Planc hitaði upp og á Egilsstöðum og Akureyri þar áður við góðar undirtektir.

„Þetta er búið að vera rosastuð,“ segir Sveinbjörn Thorarensen, betur þekktur sem Hermigervill. „Við fylltum húsið á Egilsstöðum og á Akureyri en það má segja að flensan hafi komið okkur í koll á Ísafirði því þar mættu færri en vildu,“ segir hann. „Síðan höfum við verið með heimabönd að hita upp fyrir okkur og þau hafa öll staðið sig.“



**HERMIGERVILL** Sveinbjörn Thorarensen heldur uppi stuðinu á Nasa í kvöld ásamt Ampop, Diktu og Vax.

Þetta er í fyrsta sinn sem Hermigervill fer í tónleikaferð um landið en hann hefur áður spilað á Akureyri og Bláa lóninu. Hann verður áfram á faraldsfæti í næstu viku því þá spilar hann úti í heimi í fyrsta sinn, við opnun listasýningar Ólafs Elíassonar í Berlín. Meðal annars mun Curver koma fram með honum. „Ég hef ekki einu sinni spilað úti í Vestmannaeyjum,“ segir Sveinbjörn í léttum dúr. „Ég er frekar spenntur.“

Sveinbjörn, sem hefur gefið út tvær sólóplötur, hefur á hringferðinni um landið spilað á undan Diktu og Ampop en á Nasa í kvöld verður hann síðastur og spilar síðan sem plötusnúður fram eftir kvöldi.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 og mun hljómsveitin Vax einnig koma fram. Forsala fer fram á midi.is.






## Sævar og Árni taka við KA

Sævar Árnason mun taka við liði KA í DHL-deild karla af Reyni Stefánssyni, sem lét af störfum vegna persónulegra ástæðna í fyrradag. Sævar var áður aðstoðarmaður Reynis en sér til aðstoðar mun Sævar hafa Árna Stefánsson, fyrrum þjálfara norðanliðsins.

**sport**

sport@frettabladid.is

MIÐHERJINN TAMARA STOCKS: NÝR BANDARÍSKUR LEIKMAÐUR HJÁ KVENNALIÐI GRINDAVÍKUR

# *Þurfti að finna Ísland á landakorti*

Tamara Stocks gæti vel verið síðasta púslið á leið Grindavíkur að Íslandsmeistaratitilinum en liðið mætir Keflavíkurstúlkum í undanúrslitum keppninnar. Stocks hefur meðal annars spilað í Þýskalandi, Kína, Spáni og í sjálfri WNBA-deildinni í Bandaríkjunum.

„Mér leið best á Spáni, það er ein allra sterkasta deild í heimi og veðurfarið er ótrúlegt. Ég dýrka ströndina og pálmatrén en það fer ekki mikið fyrir þeim hérna,“ sagði Tamara við Fréttablaðið en henni líkar dvölin á Íslandi vel. „Það er mjög friðsælt hér, fólkið er virkilega indælt og það tala allir ensku. En það er rosalega kalt! Ég kem frá Suðurríkjunum í Bandaríkjunum, frá Atlanta, auk þess sem ég hef eytt miklum tíma í Flórída og því eru þetta mjög mikil viðbrigði fyrir mig. En landslagið er ótrúlegt og landið er mjög fallegt,“ sagði þessi frábæri leikmaður, sem hafði ekki hugmynd um hvað hún var að fara út í þegar henni var boðið að koma til Íslands.

„Ég vissi ekki einu sinni hvar Ísland var á kortinu, ég leitaði heillengi að því. Ég hélt að það væri mun lengra frá Bandaríkjunum en það er, en ég þekkti samt Björk,“ sagði Stocks og brosti en henni líkar vel við íslensku deildina. „Augljóslega er hver og ein deild mismunandi og deildin hérna er þar ekki undanskilin. Mér líkar vel við leikstílinn hérna, boltinn er hraður og mikið um hlaup, sem hentar mér. Ég hef reyndar aðeins séð tvö lið hérna svo ég veit ekki mikið um deildina í heild en mér líst mjög vel á það sem ég hef séð,“ sagði Tamara.



„Ég hef spilað lengst af sem miðherji en einnig sem bakvörður þar sem stelpurnar eru stærri. Ég er því kannski fjölhæfur leikmaður, sem kemur sér oft mjög vel, það er gott að vera ekki bundin við eina stöðu,“ sagði Stocks að lokum.

## > Keflavík tekur til í hópnum

Keflavík hefur rift samningi sínum við þá Issa Abdulkadir og Branislav Milisevic, tvo af erlendu leikmönnunum sem léku með liðinu hluta síðasta sumars. Að sögn Kristjáns Guðmundssonar, þjálfara Keflavíkur, var séð fram á að þeir félagar myndu ekki eiga fast sæti í byrjunarliðinu í sumar og því þótti lítill tilgangur að hafa þá áfram. „Við viljum frekar nota ungu strákana í hópnum á bekkinn frekar en kostnaðarsama erlenda leikmenn,“ segir Kristján. Issa og Milisevic munu ætla að nota næstu daga til að koma sér að í öðrum liðum á landinu en annars er allt eins líklegt að þeir snúi til síns heima.



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild karla:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-FJÖLNIR | 94-78 |

**Stig Keflavíkur:** AJ Moye 26, Vlad Boer 16, Gunnar Einarsson 12, Jón Nordal Hafsteinsson 12, Arnar Freyr Jónsson 6, Gunnar Stefánsson 6, Sverrir Þór Sverrisson 5, Elentínus Margeirsson 4, Halldór Örn Halldórsson 4, Guðjón Skúlason 3.

**Stig Fjölnis:** Grady Reynolds 25, Hörður Vilhjálmsson 23, Nemanja Sovic 14, Magnús Pálsson 5, Hjalti Vilhjálmsson 5, Guðni Valentínusson 3, Alexander Ivanovic 2, Marvin Valdimarsson 1.

| | |
|---|---|
| KR-SNÆFELL | 68-71 |



**BJÖRN ÞORLEIFSSON** Vel styrktur af félögum sínum í Tækvondóhreyfingunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Björn Þorleifsson:

## Fékk veglegan styrk

**TÆKVONDÓ** Fremsti tækvondómaður Íslands, Björn Þorleifsson, fékk á dögunum vænan styrk sem kom að mestu leyti frá styrktarmóti sem var sett upp sérstaklega fyrir hann.

Ágóðinn af styrktarmótinu var 518 þúsund krónur en Björn fékk einnig styrki frá fyrirtækjum.

# Eins og lömb leidd til slátrunar

**Fjölnismenn létu Keflvíkinga fara illa með sig í „Sláturhúsinu“ í Keflavík í gær. Þeir veittu litla mótspyrnu og það nýtti Keflavík sér í botn. Keflavík var með drjúga forystu allan leikinn og vann örugglega, 94-78.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar tóku forystuna gegn Fjölnismönnum snemma og voru aldrei líklegir til að sleppa henni. Lítið gekk hjá gestunum sem hentu frá sér boltanum hvað eftir annað í sókninni og spiluðu ráðleysislega vörn. Hana nýttu heimamenn sér og náðu uppi góðri forystu strax í öðrum leikhluta. Í hálfleik var staðan 59-36 og löngu orðið ljóst í hvað stefndi.

Keflvíkingar spiluðu frábæran sóknarleik og röðuðu niður körfunum alls staðar af vellinum. Það var kannski einkennandi fyrir leik Fjölnis að Nemanja Sovic setti boltann meira að segja ofan í sína eigin körfu án þess að Keflvíkingar þyrftu nokkra hjálp við að ná upp þessu góða forskoti.

Grady Reynolds, leikmaður Fjölnis, átti þó tilþrif leiksins þegar hann greip frákast eftir skot og tróð glæsilega yfir Vlad Boer en slík glæsitilþrif sáust ekki oftar hjá gestunum. Boer átti annars mjög góðan leik en hann skoraði 16 stig og tók 9 fráköst en A.J. Moye var stigahæstur hjá Keflavík eins og endranær með 26 stig.

Hjá Fjölni var Hörður Vilhjálmsson eini ljósi punkturinn. Þessi ungi strákur tók af skarið þegar á þurfti og skoraði 23 stig. Grady Reynolds átti einnig góðan leik en hann skoraði 25 stig.

Undir lok leiksins færðist enn meira kæruleysi yfir Fjölnismenn og hvorki gekk né rak hjá liðinu en Keflvíkingar slökuðu einnig mikið á. Þeir skiptu mikið inn á og hvíldu lykilmenn auk þess að reyna skemmtilega hluti sem glöddu augað. Þeir unnu að lokum með sextán stiga mun, 94-78.

„Það var ansi margt sem fór úrskeiðis hjá okkur í leiknum. Tapaðir boltar hafa verið vandamál hjá okkur í vetur en þetta fór út fyrir öll velsæmismörk í þessum leik. Við vinnum ekkert lið ef við hendum boltanum svona oft frá okkur, það er alveg ljóst. Núna verð ég bara að peppa mannskapinn upp fyrir næsta leik þar sem ég lofa betri spilamennsku. Þetta einvígi er hvergi nærri búið,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis, eftir leikinn en ljóst er að lið hans þarf að eiga mun betri leik á morgun þegar liðin mætast í annað sinn.

„Við spiluðum þennan leik vel og þetta var öruggt allan tímann. Við ætlum að klára þetta á laugardaginn og ef við spilum eins og við gerðum í leiknum núna þá klárum við þetta. Munurinn á liðunum í þessum leik var meiri en tölurnar sýna,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn, og hafði hárrétt fyrir sér.



**MAÐUR LEIKSINS** AJ Moye átti enn einn stórleikinn fyrir Keflavík í gær og stórleikur hans lagði grunninn að öruggum sigri Keflavíkur.

hjalti@frettabladid.is











Rannsókn á nöfnum landsliðsmanna Englands:

## Flestir enskir landsliðsmenn hafa borið nafnið „John“

**FÓTBOLTI** Ný rannsókn sem ónefnt könnunarfyrirtæki í Bretlandi stóð nýlega fyrir hefur leitt í ljós að skírnarnafnið „John“ er það langalgengasta á meðal 1.000 leikmanna enska landsliðsins síðan 1872. Alls hafa 97 landsliðsmenn frá þessum tíma borið skírnarnafnið John, en næst í röðinni kemur nafnið „William“ (oftast stytt í „Bill“), 66 sinnum. Algengasta eftirnafnið á meðal landsliðsmanna Englands er nafnið „Smith“ en það hafa 24 landsliðsmenn borið í gegnum tíðina.

Í núverandi landsliðshópi Englands er aðeins einn fulltrúi þessa algengasta landsliðsnafns þjóðarinnar, en það er John Terry, fyrirliði Chelsea. Fyrstu leikmennirnir sem báru nafnið „John“ og voru valdir í enska landsliðið voru þeir John Brockbank frá Háskólanum í Cambridge og John Clegg úr Sheffield Wednesday. Þeir voru báðir valdir í hópinn um mitt ár 1872.



**JOHN TERRY** Sá eini í núverandi landsliðshópi sem ber algengasta skírnarnafn í sögu enska landsliðsins í knattspyrnu.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**ALGENGUSTU LANDSLIÐSNÖFNIN**

| | |
|---|---|
| 1. John | 97 leikmenn |
| **2. William, Bill** | **66** |
| 3, George | 47 |
| **4.-5. James, Jimmy** | **40** |
| 4.-5. Tom, Thomas | 40 |
| **6. Robert, Bobby, Bob** | **29** |
| 7. Arthur | 27 |
| **8. David** | **26** |
| 9. Joseph, Joe | 25 |
| **10. Fred, Freddie** | **24** |

Í núverandi landsliðshópi má finna leikmenn sem bera nöfn sem komast í hóp þeirra óalgengustu í sögunni, en það eru nöfn á borð við Ashley (Cole), Rio (Ferdinand) og Ugo (Ehiogu). Eru þremenningarnir þeir einu sem hafa heitið þessum nöfnum í sögu enska landsliðsins í knattspyrnu.

- vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

14 15 16 **17** 18 19 20

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 19.00 **Þór Ak.** og **Haukar** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Akureyri.
- 19.15 **ÍR** og **Vík/Fjö** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Austurbergi.
- 19.15 **KA** og **Fylkir** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Árbænum.
- 20.00 **Selfoss** og **FH** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Selfossi.
- 19.15 **Skallagrímur** og **Grindavík** mætast í Intersport-deild karla í körfubolta í Borgarnesi.
- 19.15 **Njarðvík** og **ÍR** mætast í Intersport-deild karla í körfubolta í Njarðvík.

### SJÓNVARP

- 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur um þessa sterkustu deild í heimi.
- 20.00 **Motorworld** á Sýn.
- 20.25 **Súpersport** á Sýn.
- 20.30 **World Poker** á Sýn.
- 22.00 **Intersport-deildin** á Sýn. Bein útsending frá fjórðu viðureign **Snæfells** og **Keflavíkur** í úrslitum deildarinnar í fyrra.
- 22.00 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá leik **San Antonio** og **Pheonix.**



**JONATAN JOHANSSON** Var í hópi þeirra bestu í íþróttinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sænskur snjóbrettamaður:

# Lést eftir að hafa fallið illa

**SKÍÐI** Sænski snjóbrettamaðurinn Jonatan Johansson lést á sunnudag af meiðslum sem hann hlaut á æfingu nokkrum klukkustundum áður. Johansson var að æfa stökk fyrir heimsbikarmót í Utah og missti jafnvægið í loftinu með þeim afleiðingum að hann skall til jarðar af miklu afli. Að sögn læknis á sjúkrahúsinu í Utah var dánarorsökin margs konar innvortis meiðsli sem ekki var hægt að vinna bót á.

Johansson var 26 ára gamall og hafði verið atvinnumaður í íþróttinni frá táningsaldri. Þá var hann á meðal keppenda Svíþjóðar á Vetrarólympíuleikunum í Tórínó í síðasta mánuði. Þess má geta að Johansson var með hjálm þegar slysið átti sér stað, eins og reglur Alþjóða skíðasambandsins kveða á um. - vig



**FERNANDO TORRES** Í skallaeinvígi við Ivan Helguera, leikmann Real Madrid. NORDICPHOTOS/AFP

Fernando Torres:

# Newcastle hefur boðið í mig

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Newcastle er á höttunum eftir spænska landsliðsframherjanum Fernando Torres, sem leikur með Atletico Madrid. Hinn 21 árs gamli framherji hefur verið skotmark margra stórliða Evrópu um nokkurn tíma en Newcastle er fyrsta liðið sem býður í leikmanninn.

„Það hefur verið mikið talað um félög sem hafa áhuga á mér en ég veit bara um eitt tilboð sem hefur borist og það er frá Newcastle,“ er haft eftir Torres í slúðurblöðum á Englandi en hann hefur einnig verið orðaður við Liverpool, Chelsea, Arsenal og Tottenham. „Ég hef aldrei íhugað alvarlega að taka neinu tilboði frá öðru félagi. Atletico er mitt heimili og ég er mjög ánægður hérna. Maður veit hins vegar aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér,“ sagði Torres. - hþh



**MARCELO LIPPI** Segir varnarsinnaðan leik Ítala heyra sögunni til. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Marcelo Lippi:

# Bjóðum upp á sóknarbolta

**FÓTBOLTI** Marcelo Lippi, landsliðsþjálfari Ítala ætlar að bjóða upp á sóknarbolta á HM í Þýskalandi í sumar. Ítalir hafa löngum verið þekktir fyrir mikinn varnarleik og bjuggust flestir við því að slíkt yrði einnig uppi á teningnum í ár en svo verður ekki.

„Ítalski boltinn hefur breyst, við munum spila sóknarleik í Þýskalandi. Lykilinn að öllu er að vera skipulagður, ef við sækjum á fimm eða sex mönnum erum við samt með fjóra til að verja markið,“ sagði Lippi, sem telur Brasilíu vera sigurstranglegasta liðið. - hþh

Thierry Henry á leið til Barcelona eftir allt saman?

# Segjast hafa náð munnlegu samkomulagi við Henry

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Barcelona telja sig hafa náð munnlegu samkomulagi við Thierry Henry, sóknarmann Arsenal, um að hann gangi til liðs við spænska stórliðið í sumar. Breska götublaðið Daily Mirror birti frétt þess efnis í gær og vitnaði í heimildarmann sem sagður er einn af æðstu stjórnarmönnum Barcelona.

Mirror segir að Joan Laporta, forseti Barcelona, hafi þegar tilkynnt sínum nánustu samstarfsmönnum að munnlegu samkomulagi hafi verið náð við Henry og að hann komi til liðsins í sumar fyrir ekki meira en tíu milljónir punda.

Ástæðan fyrir þessu lága kaupverði er sögð vera sú að Henry mun í sumar aðeins eiga eitt ár eftir af samningi sínum hjá Arsenal auk þess sem ekkert er kveðið á um lágmarksverð á Henry í sama samningi.

„Að kaupa Henry hefur lengi verið æðsta markmið Barcelona,“ segir heimildarmaðurinn. „Þjálfarinn (Frank Rijkaard) og aðstoðarmenn hans eru þegar byrjaðir að þróa leikkerfi sem gerir Henry, Samuel Eto´o og Ronaldinho kleift að vera allir inni á vellinum á sama tíma,“ er einnig haft er heimildarmanninum. - vig



**SAMAN Á NÆSTA TÍMABILI** Thierry Henry tekur sig ágætlega út í treyju Barcelona og er óhætt að segja að hann, Samuel Eto´o og Ronaldinho munu mynda eitt hættulegasta framherjatríó sögunnar. SAMSETT MYND/KIDDI





**HÖGGIÐ** Þessi mynd sem náðist af atvikinu segir meira en mörg orð. Eins og sjá má leggst andlit Ljungberg nánast saman við höggið gríðarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skelfilegt atvik átti sér stað í leiknum um þriðja sætið á Algarve-mótinu:

# Það óhugnanlegasta sem ég hef séð

**FÓTBOLTI** Betur fór en á horfðist hjá sænsku landsliðskonunni Hönnu Ljungberg þegar hún lenti í samstuði við Söru Bouhaddi, markmann Frakklands, í leik liðanna í Algarve-mótinu sem er nýlokið í Portúgal. Ljungberg fór upp í skallabolta inni í vítateig Frakka þar sem Bouhaddi kom aðvífandi og hugðist slá boltann frá. Hún misreiknaði sig hins vegar eilítið og stökk af miklu afli með höfuðið í andlit Ljungberg, sem féll kylliflöt og lá hreyfingarlaus í grasinu.

„Þetta var hrikalegt. Það óhugnanlegasta sem ég hef orðið vitni að á mínum ferli,“ sagði Thomas Denneby, landsliðsþjálfari Svía, eftir leikinn en hann fékk aðsvif og þurfti á áfallahjálp að halda eftir að hafa horft upp á stjörnuleikmann sinn lenda í samstuði sem hann hélt í fyrstu að myndi jafnvel ríða henni að fullu. „Höggið var gríðarlegt og smellurinn sem kom af högginu heyrðist mjög vel.“

Samherjum Ljungberg í sænska liðinu var skiljanlega brugðið og brustu sumar þeirra í grát þegar þeir sáu blóðið fossa úr andliti hennar. Þær bjuggust við hinu versta.

Ljungberg var flutt á sjúkrahús í skyndi þar sem í ljós kom að hún hafði ekki hlotið neina alvarlega áverka og engin bein höfðu brotnað. Hún hlaut heilahristing og var skipað af læknum að taka því rólega næstu vikurnar. Þess má geta að Svíar unnu leikinn 1-0 og tryggðu sér þriðja sætið á mótinu. - vig







**ATBURÐARÁSIN** Ljungberg steinrotaðist við höggið en rankaði við sér skömmu síðar þegar læknar sænska liðsins stumruðu yfir henni. Henni blæddi mikið og var flutt í flýti á sjúkrahús, þar sem í ljós kom að meiðsli hennar voru minniháttar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TUCSON
2.0 bsk. kr. 2.390.000
Kr. 25.388 á mánuði*
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

HYUNDAI Official Partner
Með bílinn handa þér

Flestum finnst vatnið betra vel kælt



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



**JANICA KOSTELIC** Fagnaði innilega eftir að hún hafði tryggst sér heimsbikarinn. NORDICPHOTOS/AFP

Heimsbikarinn á skíðum:

# Kostelic tryggði sér titilinn

**SKÍÐI** Króatíska skíðadrottningin Janica Kostelic tryggði sér heimsbikarinn í samanlögðum alpagreinum kvenna þegar hún hafnaði í fjórða sæti á síðasta risasvigsmóti tímabilsins sem fram fór í Svíþjóð í gær. Fjórða sætið færði Kostelic nægilega mörg stig til að tryggja sér titilinn þar sem hennar helsti keppinautur, hin sænska Anja Pärson, komst ekki í mark. Nicole Hosp frá Austurríki sigraði í risasvigskeppninni í gær.

Kostelic hefur 204 stiga forystu á Pärson þegar aðeins tvö mót eru eftir og getur Pärson, heimsbikarmeistari síðustu tveggja ára í samanlögðu, með engu móti náð henni að stigum. Michaela Dorfmeister frá Austurríki varð önnur í Svíþjóð í gær en hún hafði þegar tryggt sér heimsbikarinn í risasvigi á þessu tímabili, sem er hennar síðasta á ferlinum.

Þá varð hinn norski Aksel Lund Svindal heimsbikarmeistari í risasvigi karla þegar hann lenti í 3. sæti á sama móti í Svíþjóð. Austurríkismaðurinn Hermann Maier, sá eini sem átti tölfræðilegan möguleika á að ná Svindal að stigum, lenti í fjórða sæti og hafnaði því í öðru sæti, aðeins tveimur stigum á eftir Norðmanninum. Svindal fékk alls 284 stig en Maier hlaut 282. - vig

Spútniklið Skallagríms tekur á móti Grindavík:

# Bjartsýnir á gott gengi

**KÖRFUBOLTI** „Ég er bjartsýnn á gott gengi, þetta er skemmtilegur tími og maður hlakkar alltaf til þegar úrslitakeppnin er að byrja,“ sagði Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, sem tekur á móti Grindavík í átta liða úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í kvöld.

„Heimavöllurinn skiptir okkur mjög miklu máli. Við erum með frábæra stuðningsmenn og fólkið styður okkur hundrað prósent, það er ekki sjálfgefið að hafa þennan stuðning við bakið á okkur. Okkur hefur reyndar gengið mjög vel á útivelli á þessu tímabili en ég býst við skemmtilegum og hörðum leikjum,“ sagði Valur, sem leiddi lið sitt til fjórða sætis deildarinnar og spilar Skallagrímur því fyrsta leik á heimavelli. Komi til þriðja leiksins fer hann einnig fram í Borgarnesi.

„Þetta eru áþekk lið, bæði með mjög góða skotmenn innanborðs og því má kannski búast við háu stigaskori. Við þurfum fyrst og fremst að stöðva þeirra frábæru skotmenn á borð við Pál Axel Vilbergsson og Helga Jónas Guðfinnsson auk þess sem þeir eru með Jeremiah Johnson sem er frábær leikmaður. Hann er fljótur og erfiður viðureignar. Grindvíkingar eru kannski með reyndara lið en við, þeir hafa spilað oftar í úrslitakeppninni, en við erum hungraðir. Við ætlum okkur mikið og vissulega vona ég að það takist,“ sagði Valur.

„Ef við spilum okkar leik og höldum leikskipulaginu sem við leggjum upp með vinnum við Grindavík, ég er sannfærður um það,“ sagði Valur að lokum.



**VALUR INGIMUNDARSON** Búinn að gera frábæra hluti með lið Skallagríms. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**THEO DIXON** Þarf að eiga góða leiki ef ÍR á að sigra Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍR mætir Njarðvík alls óhrætt:

# Getum endurtekið söguna

**KÖRFUBOLTI** Ólafur Sigurðsson, leikmaður ÍR, er kokhraustur fyrir einvígið gegn Njarðvík í átta liða úrslitum Iceland Express-deildarinnar. Ólafur segir að Njarðvík sé aðeins fyrsta hindrun ÍR á leið sinni að sjálfum Íslandsmeistaratitlinum sem liðið stefni á.

„Ég er ánægður með að fá að takast á við Njarðvík á nýjan leik. Við getum alveg endurtekið söguna frá því í fyrra og við ætlum okkur að vinna einvígið, og það í tveimur leikjum. Ég er sannfærður um að við getum það. Við þurfum hvort sem er að fara í gegnum Njarðvík ef við ætlum okkur alla leið. Það er markmiðið hjá okkur, annars værum við ekki í þessu,“ sagði Ólafur.

ÍR sló Njarðvík út í átta liða úrslitum keppninnar í fyrra í tveimur leikjum. Njarðvík vann aftur á móti báða leiki liðanna í deildinni í ár, 88-71 á heimavelli og 81-70 í Seljaskóla. ÍR er með vinningshlutfallið 11-11 og ljóst er að verkefnið sem bíður hins óreynda liðs ÍR er strembið.

„Við þurfum að eiga okkar besta leik til að vinna þetta einvígi. Njarðvík er með stóra og sterka stráka innanborðs, Friðrik Stefánsson er besti leikmaður deildarinnar og það verður erfitt að stoppa hann. En við ætlum að stela sigri í Njarðvík í fyrsta leik, þeir eru með góðan heimavöll en okkur hefur gengið ágætlega að leika þar og því er bjartsýnin í fyrirrúmi,“ sagði Ólafur að lokum.

- hþh



**FÁ FRÍ** Yngstu knattspyrnuiðkendur landsins geta nú farið til sólarlanda með foreldrum sínum án þess að fá samviskubit. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Yngri flokkar:

# KSÍ boðar frí um mitt sumar

**FÓTBOLTI** Mótanefd KSÍ hefur tekið þá ákvörðun að næsta sumar verði ekkert leikið á tímabilinu 24. júlí til 9. ágúst í 4. flokki og yngri aldursflokkum. Er KSÍ með þessu móti að koma til móts við leikmenn í yngstu flokkunum og foreldra þeirra en hingað til hafa ungir knattspyrnuiðkendur þurft að taka sér frí frá æfingum og keppni til að komast með foreldrum sínum í sumarfrí.

Tekið skal fram að þetta á eingöngu við mót á vegum KSÍ en ekki opin mót aðildarfélaga.

- vig

VELKOMIN AFTUR!!!




AXA er komið aftur í verslanir á Íslandi

**Ertu líka orðinn þreyttur á því að vera of þung/ur og úr formi?**
Prófaðu AXA múslí. Gott gæðamúslí þegar þú vilt dekra við sjálfan þig og borða eitthvað gott og um leið jafnvel missa nokkur kíló.
Farðu inn á http://www.axasportsclub.dk - Hér færðu hugmyndir af heilsusamlegum lífsstíl og hvernig þú setur saman máltíðir. Dekraðu við þig með AXA hunangsristuðu múslí og borðaðu um leið heilsusamlega. Ekki gleyma því að samanlagður dagskammtur sé með hæfilegt fitumagn og innihaldi ekki of mikinn sykur. Blandir þú saman skammti af AXA hunangsristuðu múslí með t.d. ávöxtum og fitulítilli mjólkurafurð er útkoman heilsusamleg máltíð.

AXA

p.s. *Vissir þú að Peter Jackson leikstjóri Lord of the Rings og King Kong losnaði við 30 kíló þökk sé múslí og jógúrti? „.....ég skipti hamborgurunum út og tók jógúrt og múslí inn í staðinn. Það virðist hafa virkað.“*

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Martha, in my mind you're buried in cement right up to the neck. No, up to the nose, it's much quieter."**

**Svar:** George úr Who's Afraid of Virginia Woolf? frá 1966

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON HORFÐI UGGANDI Á FRÉTTATÍMA RÚV

# *Ísland úr hers höndum*



RÚV átti góðan dag á miðvikudaginn; til að byrja með malaði það NFS í beinu útsendingunni frá úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í Baugsmálinu, en svo allrar sanngirni sé gætt er rétt að benda á að RÚV hefði ekki verið með beina útsendingu ef ekki væri NFS. Klukkan sjö fylgdi ansi þéttur og hlaðinn þáttur; varnarliðið kvaddi í fyrstu frétt, Baugsmálið númer tvö (hver hefði trúað því, Bretar í lífshættu eftir að lyfjatilraun fór úr böndunum var fjórða frétt sem var fylgt eftir með stórbruna á Breiðdalsvík. Eftir svona fréttatíma er erfitt að trúa að hér sé nokkurn tímann gúrka.

Að öðrum ólöstuðum fór G. Pétur Matthíasson (sem merkilegt nokk er víst alls óskyldur Matthíasi G. Péturssyni, sóknarformanni í Garðasókn, en það er önnur saga) fremstur meðal jafninga og tók tvö hugsanlega stærstu fréttamál ársins traustataki. G. Pétur er í essinu sínu í beinni útsendingu, ávallt pollrólegur alveg sama hvað dynur á og spyr réttra spurninga á réttum tíma og maður fær á tilfinninguna að honum hreinlega geti ekki orðið á í messunni. G. Pétur í Gettu betur!

Það var reyndar býsna afhjúpandi að fylgjast með viðbrögðum ráðamanna við væntanlegu brotthvarfi hersins, til dæmis varð ég ekki við að Halldór Ásgrímsson eða Geir H. Haarde vikju einu orði að því að senn verður Ísland varnarlaust, þótt þeir hafi klifað á því undanfarin ár að varnarsamningurinn snúist fyrst og fremst um varnir landsins. Nei, það var muldrað um samskipti þjóðanna og atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Jú, allt saman gott og blessað, en eru menn ekki að gleyma að senn verðum varnarlaus? Berskjölduð fyrir árásum! Það fer hrollur um mig við tilhugsunina eina.

**G. PÉTUR MATTHÍASSON** Fjallaði samdægurs um hugsanlega tvö stærstu fréttamál ársins eins og að drekka vatn.

---



▶ 20.40 *Kvikmyndir*

ON PROMISED LAND



▶ 20.30 *Keppni*

IDOL – STJÖRNULEIT



▶ 22.00 *Spjall*

IDOL EXTRA LIVE



▶ 20.00 *Drama*

ONE TREE HILL



▶ 1.30 *Körfubolti*

SAN ANTONIO – PHOENIX

### SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (26:26) **18.25** Dalabræður (8:12)

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10** Latibær Þáttaröð um Íþróttaálfinn.
▶ **20.40 Disneymyndin – Fyrirheitna landið** (On Promised Land) Myndin gerist í Atlanta í Georgíufylki og segir frá þeldökkum dreng og samskiptum hans við ríka hvíta konu.
**22.20 Annarlegir dagar** (Strange Days) Bandarísk spennumynd frá 1995 um fyrrverandi lögreglumann sem kemst á snoðir um samsæri innan lögreglunnar í Los Angeles.

**0.45** Moll Flanders (Bönnuð börnum e) **2.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok **5.50** Formúla 1

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** The Comeback **13.35** Joey **14.00** Robert Hanssen: X-Rated Spy **15.00** Curb Your Enthusiasm **16.00** Kringlukast **16.25** Skrímslaspilið **16.45** Scooby Doo **17.10** Litlu vélmennin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Simpsons (10:21)** Quimby borgarstjóri ákveður að leyfa hjónavígslu samkynhneigðra í Springfield í þeirri von að auka ferðamannastrauminn.
▶ **20.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 8)Sex keppendur keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr hverjir komast áfram með símakosningu.
**21.50 Punk'd (15:16)**
**22.15 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 8 – atkvæðagreiðsla)Úrslit símakosninga.
**22.40 Listen Up (21:22)** (Takið eftir)

**23.05** The Era of Vampire (Stranglega bönnuð börnum) **0.40** The Burbs **2.20** The Salton Sea (Str. b. börnum) **4.00** Punk'd (15:16) **4.30** Fréttir og Ísland í dag **6.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Sirkus RVK (e)**
**20.30 Kallarnir (e)**
**21.00 Splash TV 2006 (e)** Fyrrverandi Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans bralla margt skemmtilegt.
**21.30 Idol extra 2005/2006 (e)** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
▶ **22.00 Idol extra Live** Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svavar Örn fer með okkur á bakvið tjöldin á meðan þjóðin kýs sitt uppáhald.
**22.30 Supernatural (5:22) (e)**

**23.15** X-Files (e) **0.00** Laibach: Divided States of America **1.10** Laguna Beach (13:17) (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**14.50** Ripley's Believe it or not! (e) **15.35** Game tíví (e) **16.05** Dr. 90210 (e) **16.35** Upphitun **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Everybody loves Raymond**
▶ **20.00 One Tree Hill** Ungstirnið Chad Michael Murray fer með aðalhlutverk í þessum dramatísku unglinga- og fjölskylduþáttum. Þættirnir gefa trúverðuga mynd af lífi og samskiptum nokkurra ungmenna í bænum One Tree Hill, þar sem stormasamt samband hálfbræðranna og fjandvinanna Nathans og Lucasar er rauður þráður.
**20.50 Stargate SG-1**
**21.40 Ripley's Believe it or not!**
**22.30 Worst Case Scenario**

**23.15** Celebrities Uncensored **0.00** Sigtið (e) **0.30** Strange (e) **1.30** Law & Order: Trial by Jury (e) **2.20** The Bachelor VI (e) **3.10** Sex Inspectors (e) **3.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **5.15** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**16.20** UEFA cup leikir **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 US PGA 2005 – Inside the PGA Tour**
**19.00 Gillette World Sport 2006**
**19.30 UEFA Champions League**
**20.00 Motorworld**
**20.25 Súpersport 2006** Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jaðarsportið og háska frá öðrumsjónarhornum en vant er.
**20.30 World Poker** (Heimsmeistarakeppnin í Póker) (Grand Prix De Paris) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.
**22.00 Intersport-deildin** (Snæfell – Keflavík)

**0.00** NBA 2005/2006 – Regular Season (LA Lakers – Toronto)
▶ **1.30** NBA 2005/2006 – Regular Season (San Antonio – Phoenix). Bein útsending.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Stepford Wives (Bönnuð börnum) **8.00** A Walk In the Clouds **10.00** The Guru **12.00** The Kid Stays in the Picture **14.00** A Walk In the Clouds **16.00** The Guru **18.00** The Kid Stays in the Picture **20.00** **The Stepford Wives** (Stepford-eiginkonurnar) B. börnum. **22.00** **Road to Perdition** (Leiðin til glötunar)Michael Sullivan er leigumorðingi. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** The Laramie Project (B. börnum) **2.00** Pendulum **4.00** Road to Perdition (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** Exposed: The 25 Most Notorious Fashion Week Moments **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **15.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **16.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **17.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **18.00** Gastineau Girls **18.30** Gastineau Girls **19.00** E! News **19.30** Superstar Weddings Gone Bad **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Rich Kids: Cattle Drive **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Behind the Scenes **1.00** Style Star **1.30** Superstar Weddings Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Liðið mitt (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Portsmouth – Man. City frá 11.03 **16.00** Charlton – Middlesbrough frá 12.03 **18.00** Bolton – West Ham frá 11.03

**20.00 Upphitun**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (e)**
**21.30 Chelsea – Tottenham frá 11.03**
**23.30** Upphitun (e) **0.00** Arsenal – Liverpool frá12.03 **2.00** Dagskrárlok


RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Renault Megane II Scenic, verð frá
kr. 2.130.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 23.050 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

SCENIC



Renault Megane II Scenic Grand 7 manna
Renault Megane II Scenic
Renault Megane II Scenic, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM
Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.
Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Idol-Stjörnuleit** **Stöð 2** kl. 20.30

### *Gömul og góð dægurlög*



Íslensk popplög verða í aðalhlutverki í áttunda úrslitaþætti Idol-Stjörnuleitar. Lögin fimm sem sungin verða eru þjóðinni væntanlega að góðu kunn. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að tvö þeirra - „Einhversstaðar einhverntímann aftur" og „Ferjumaðurinn" - eru eftir Magnús Eiríksson, enda er hann einn af okkar ástsælustu dægurlagahöfundum. Magnús Þór Sigmundsson, annar ástsæll dægurlagahöfundur, samdi lagið „Dag sem dimma nátt" fyrir Í svörtum fötum og söng síðan sjálfur á nýútkominni sólóplötu. Eitt lagið kemur úr smiðju íslenska poppkóngsins Björgvins Halldórssonar, sem hann samdi við ljóð eftir Vilhjálm heitinn Vilhjálmsson og „Rain" er eitt dáðasta lag Jet Black Joe, það lag sem framar öðrum kom sveitinni á kortið á sínum tíma.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 1 | | | 4 | | | 3 |
| | | | | 8 | | | 5 | |
| | | 8 | 9 | | | 2 | | |
| 2 | | 6 | | | | | 4 | |
| | | | 7 | | 9 | | | |
| | 9 | | | | | 6 | | 5 |
| | | 3 | | | 1 | 8 | | |
| | 6 | | | 2 | | | | |
| 1 | | | 5 | | | 4 | 3 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 9 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 5 | 9 | 8 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 5 | 8 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 1 | 7 | 8 | 9 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 4 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 2 | 3 | 8 | 6 |
| 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 4 | 9 |



▶ **21.10** *Fréttir*

48 HOURS

**NFS**

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

**19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sögumenn: Ég fann lyktina af kaffinu **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær Hugleikur Dagson fyrir að viðurkenna að hann hafi selt slúðurtímariti sál sína.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VILL AÐ VIÐ HÖFUM OPNA ARMA

# *Notað eða nýtt?*



Við vinkonurnar sátum á spjalli. Eins og svo oft áður komu karlmenn upp í samræðunum. Við vorum að ræða menn sem hafa náð ákveðnum aldri og hvað sumum okkar finnist þeir spennandi og öðrum alls ekki. Við vorum sem sagt að velta því fyrir okkur hversu erfitt mat það er fyrir konur sem kjósa heldur ögn eldri karlmenn að vita hvort fengurinn sé af hinu góða eða ekki. Orð eins og gallagripur, skemmdur ávöxtur og notað góss komu upp í þessu samhengi. Þó komu líka upp jákvæðari orð eins og reynslurikur, veraldarvanur og skólaður. Þessir menn eru oftar en ekki búnir að eiga sér líf og framtíð með öðrum áður en þeir komast aftur út á markaðinn. En stóra spurningin er hins vegar þessi: eru þeir ónothæfir einstaklingar sem var skilað eða var dregið í lottóinu í dag? Þá er ég að meina að þeir hljóta annað hvort að vera svona slæmir kostir að þeim var hent úr sambandinu eða að fyrra samband þeirra var einfaldlega liðið undir lok til dæmis vegna þess hversu ung þau voru þegar það hófst. Síðari möguleikinn er auðvitað mun vænlegri og flestum þykir sennilegast lítið mál að horfa framhjá þess háttar sorglegheitum. Þá er einmitt tilvalið að grípa gripinn glóðvolgann og eignast hann. Það skiptir þó miklu máli að umræddur sé búinn að hlaupa af sér hornin og tilbúinn í eitthvað merkilegra til að komast hjá óþarfa bulli. Ef náunginn reynist vera gallaður er að sjálfsögðu best að hlaupa hratt og passa sig vel á að horfa ekki tilbaka.

Í þessu samhengi væri annað hræsni en að ræða það sem vill oft fylgja eldri mönnum með fortíð. Það vill svo til að þeir hafa svokallaðan „pakka“ á bakinu. Orðið „pakki“ þarf ekki endilega að skiljast sem neikvæður hlutur, þó sú geti nú reyndar stundum verið raunin. Með þessu er ég að meina skilnaður, börn eða jafnvel hvorutveggja. Það getur verið varhugavert að ganga inn í slíka hluti og þá sérlega ef maður er ekki tilbúinn til þess að gangast á hendur svo mikil ábyrgð. Það skiptir miklu máli að telja sig andlega undir það búinn að þurfa að taka annað fólk og börn inn í reikning hins daglega lífs. Sem betur fer er það þó þannig í flestum tilfellum að „pakkinn“ er ekkert nema ókeypis viðbót við manninn.

Eftir langar og mjög metnaðarfullar umræður komumst við að samkomulagi. Auðvitað er ekki hægt að líkja eldrimannamarkaðnum við vöruúrval Hjálpræðishersins eða Góða Hirðisins heldur verður að leyfa þeim að njóta vafans og vonast til að maður hafi fengið fimm rétta og þessi hafi einhvern veginn lekið aftur út á markaðinn. Því segjum við allar í kór: verið velkomnir út í hinn harða og hættulega heim einstaklinganna!



**LÁRÉTT**
**2** ljúka við **6** hróp **8** gogg **9** sefa **11** tveir eins **12** lægsta hitastig **14** láðs **16** skóli **17** stórt herbergi **18** fugl **20** kyrrð **21** tangi.

**LÓÐRÉTT**
**1** afturgöngu **3** ónefndur **4** flokks **5** ái **7** land **10** keyra **13** þangað til **15** droll **16** með öðrum orðum **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 enda, 6 óp, 8 nef, 9 róa, 11 ii, 12 alkul, 14 lands, 16 ma, 17 sal, 18 önd, 20 ró, 21 oddi.

**LÓÐRÉTT:** 1 móra, 3 nn, 4 deildar, 5 afi, 7 pólland, 10 aka, 13 uns, 15 slór, 16 m.ö.o, 19 dd.

**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## TRÚLEYSINGJARÁÐSTEFNA: STAR TREK HÖFUNDUR MEÐAL GESTA

# Brannon Braga til landsins



**BRANNON BRAGA** Virtur handritshöfundur verður væntanlega meðal gesta á ráðstefnu um trúleysi sem verður haldin í Reykjavík í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

25. júní og 26. júní verður ráðstefnan „Jákvæðar raddir trúleysis“ haldin í Reykjavík á vegum Atheist Alliance International og Samfélags trúlausra á Íslandi. Fjölmargir erlendir fyrirlesarar sækja landið heim af þessu tilefni og meðal þeirra sem hafa tilkynnt komu sína er Julia Sweeney en hún er einn höfundur sjónvarpsþáttarins vinsæla Aðþrengdar eiginkonur, sem sýndur er í Ríkissjónvarpinu, og hefur auk þess birst í kvikmyndum á borð við Pulp Fiction og National Lampoon's Vacation.

Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður Siðmenntar og ritstjóri veftímaritsins skodun.is, flytur fyrirlestur um stöðu trúfrelsis á Íslandi. Hann var staddur á Akureyri þegar Fréttablaðið hafði tali af honum og var að vonum spenntur fyrir þessum atburði, sem er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi. „AAI heldur svona ráðstefnur einu sinni á ári um allan heim og fannst tilvalið að koma núna til Íslands,“ útskýrir hann og sagðist vera spenntastur fyrir komu Richard Dawkins en hann er heimsfrægur líffræðingur sem hefur skrifað um þróunarkenninguna og erfðafræði. „Annars er alltaf að bætast við og fólk frá öllum heimshornum sýnir þessu mikinn áhuga,“ bætir Sigurður við.

Vafalítið á þó koma Brannon Braga eftir að vekja hvað mesta athygli en hann mun væntanlega sækja ráðstefnuna. Brannon var einn af aðalhöfundum í þáttaröðinni Star Trek: Next Generation auk þess að vera ábyrgur fyrir þáttunum Treshold sem sýndir eru á Skjá einum. Sigurður viðurkenndi reyndar að hann væri ekki mikill aðdáandi Star Trek en bjó engu að síður yfir fróðleik um upphaf þeirra. „Gene Roddenberry, sem skapaði þetta fyrirbæri, var yfirlýstur húmanisti og vildi með þáttunum sýna fólki fram á að hægt væri að lifa í sátt og samlyndi þrátt fyrir ólíkar skoðanir,“ útskýrir hann.

Íslendingar eru þekktir fyrir hálf skrýtnar trúarskoðanir en draugatrúin og álfatrúin hafa lengi verið áberandi í þjóðlífinu. „Ég held að við séum fyrst menningarlega trúuð og höfum gaman af því að ræða þessa hluti,“ segir Sigurður og vísar því alfarið á bug að ætlunin sé að ráðast á „hefðbundin“ trúarbrögð. „Hugmyndin er að kynna þessa hugmyndafræði hér á landi enda hefur umræðan um þessi mál sjaldan eða aldrei verið meiri.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Unglingahljómsveitin **Jakobínarína** er um þessar mundir stödd í Texas þar sem hún spilar á SXSW-rokkhátíðinni. Drengirnir blogga reglulega á vef Popplands og ljóst að dvölin er ævintýri líkust ef marka má skrif þeirra. Hljómsveitin dvelur í húsi sem vinaleg kona frá Austin lét þeim í té en undarlegast fannst gestgjöfunum þó hvað piltarnir voru árrisulir en meðlimir sveitarinnar voru komnir á lappir í kringum sjöleytið. Táningsdrengir væru vanir því að sofa til hádegis þegar þeir fengju að ráða. Annars ætlar Jakóbínarína að breyta Austin í eitt stórt reif þegar þeir spila á þrennum tónleikum í dag en hápunkturinn hingað til var vafalítið þegar þeir gengu fram á stjörnuleikkonuna **Charlize Theron.** „Hún er fín en engin Selma Björns,“ skrifa félagarnir.



Breskir og þýskir bókaútgefendur sýndu verkum **Þráins Bertelssonar** mikinn áhuga á bókamessunni í London á dögunum. Þráin fjallar sem kunnugt er um íslenskan samtíma í sakamálasögum sínum Dauðans óvissi tími og Valkyrjur og sækir markvisst í væringar í íslensku stjórnmála- og viðskiptalífi. Hæglega má því lesa reyfara Þráins sem lykilrómana og þarf ekki mikið hugmyndaflug til þess að setja samasemmerki milli persónunnar **Magnúsar** í Mínus í Valkyrjum og **Jóhannesar Jónssonar** í Bónus annars vegar og **Haraldar** í Þjóðbankanum í Dauðans óvissa tíma og **Björgólfs Guðmundssonar** í Landsbankanum. Það er ekki síst þessi tenging Þráins við íslenskt viðskiptalíf sem höfðar til útgefendanna enda íslenska viðskiptaundrið og kaupgleði útrásarmanna farin að vekja mikla athygli erlendis. Það mætti því ætla að danskir útgefendur gefi Þráni einnig gaum en þar í landi standa menn á gati og klóra sér í hausnum á meðan Íslendingar kaupa upp allt sem máli skiptir í Kaupmannahöfn.



-fgg/þþ

**Gómsætir fiskréttir í sparifötum**
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Myndband Silvíu Nætur



**SILVÍA, PEPPE OG ROMARIO** Tökur á Eurovision-myndbandinu fóru fram í Loftkastalanum á miðvikudaginn og verður það í anda tíunda áratugarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eurovision-keppnin í Grikklandi er rétt handan við hornið. Lag Þorvaldar Bjarna, Til hamingju Ísland í flutningi Silvíu Nætur, tekur þátt í forkeppni á fimmtudagskvöldið 18. maí og ef allt gengur að óskum verður við meðal hinna útvöldu sem halda áfram í aðalkeppnina laugardagskvöldið 20. maí. Hluti af kynningu á laginu er gerð myndbands og fóru tökur á því fram í upptökuveri fyrir aftan Loftkastalann á miðvikudaginn. Þegar Fréttablaðið bar að garði var allt á fullu en myndbandið getur reynst dýrmætt í öllu kynningarstarfinu.

Gaukur Úlfarsson sér um leikstjórnina en hann hefur fylgt Silvíu við hvert fótmál síðan dívan birtist fyrst á Skjá einum. Dansflokkur Íslands leggur einnig sitt á vogaskálarnar auk þess sem Peppe og Romario styðja dyggilega við bakið á vinkonu sinni. Að sögn leikstjórans verður myndbandið í anda tíunda áratugarins. „Við ætlum að gera þetta að ódauðlegri list,“ lýsir Gaukur yfir og hefur augljóslega smitast af meintum hroka Silvíu, sem hefur verið óhrædd við hástemmdar yfirlýsingar. Gaukur reiknaði með að afraksturinn yrði frumsýndur um miðjan apríl og lofaði að það ætti fátt sameiginlegt með öðrum myndböndum sem Íslendingar hafa notast við í Eurovision-keppninni. Enskur texti við lagið er klár og sá Silvía sjálf um þýðinguna. Heitið er enn hernaðarleyndarmál en verður væntanlega upplýst þegar nær dregur frumsýningardeginum. - fgg



Fartölva
sem kaupauki með tölvutilboði BTnet!
Til: Þín
Frá: BTnet
...taktu fleiri bita!
Til: Þín
Frá: BTnet
4Mb/s
Tölvutilboð
ADSL
V16
V16 Tölvutilboð
•• Kaupauki : Fartölva
•• Hraði: 4Mb/s .
•• Ótakmarkað niðurhal
•• Gjafabréf frá Tónlist.is
•• Logitech Vefmyndavél fylgir með
•• 256MB USB Minnislykill fylgir með!
•• 5 póstföng innifalin
•• Frítt í bíó á BTnet.is
•• Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds
5.990 kr.* á mánuði
*M.v. 36.mánaðar samning
Kíktu í næstu BT verslun og taktu áskrift
...og fáðu tölvu sem kaupauka!
Gríptu tölvuna meðan hún gefst ;)
BT
TONLIST.IS
BTNET
nánar á www.btnet.is.
...taktu fleiri bita!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345




BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

## Gott partý

Einu sinni keyptu þeir landið. Nú vilja þeir skila því aftur. Ríkisstjórnin vill ekki sjá það. Er í óðaönn að leita að nýjum höndlurum, helst einhverjum sem hakkar landið í sig næstu sextíu árin, ropar, skilar því aftur. Of dýrt að eiga eiga þetta smáríki til lengdar. Við ættum að vitað það.

**ÞAÐ** er nefnilega dáldið dýrt að halda partý í sextíu og tvö ár. Jafnvel þótt við sjáum ekkert nema stabílt efnahagsástand, góðan kaupmátt og ágætan hagvöxt í vímunni. Stundum fer að vísu einn og einn sjálfskapaður vitringur að röfla, vera leiðinlegur, halda því fram að allt sé þetta sjónhverfing; velferðin byggist á erlendum lánum, skuldir heimilanna hafi tvöfaldast á skömmum tíma, viðskiptahallinn sömuleiðis, sparnaður sé undir velsæmismörkum. En við nennum nú ekki að hlusta á svona kverúlanta japla á þunglamalegum og alltof löngum hugtökum. Við viljum hafa gaman. Selja meira land, djamma meira í miðborginni, túristum og erlendum blaðamönnum til skemmtunar; dansa. Skál!

**EINS** og verða vill í góðum partýum kemur upp misskilningur. Menn eru kærðir fyrir skáldaðar sakir, gert að sæta áralangri rannsókn sem er kostuð af partýseðlunum. Dómsvaldið, sem var ekki boðið í partýið, munstrar sig upp í skikkju, stynur þungan og afþakkar skáldskapinn. En sem betur fer höfum við ekki tekið upp þann ósið sem tíðkast í útlöndum að kalla skáldaflokkinn til ábyrgðar. Ef það er eitthvað sem okkur finnst ósæmilegt, þá er það að ætlast til þess að menn séu ábyrgir orða sinna og gerða. Ekki viljum við hafa slíka fyrirmunun fyrir æsku landsins. Eins og hún sé nú ekki orðin nógu firrt, alls ófær um að detta í það þriggja ára og krækja augu úr mönnum. Ættlerar. Iss.

**VIÐ** höfum engan áhuga á að láta renna af okkur, grafa okkur í gegnum hauginn sem hefur hlaðist upp og horfast í augu við raunveruleikann. Og að takast á við hann? Nei, það stendur ekki til. Sem betur fer höfum við haft vit og gæfu til þess að velja okkur stjórnvöld sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að styðja okkur í partýhugsjóninni. Og þó svo að eitthvað fari forgörðum, kristallinn og postulínið brotni, börnin handbrenni og kverúlantar kvaki. Það er bara ómerkilegur fórnarkostnaður - og óhjákvæmilegur í góðu partýi.


ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 31471 03/2006

Idol




Mitt kort
með þinni Idolstjörnu

Nú geturðu fengið Idolstjörnuna þína á Mitt kort.
Allar myndirnar eru á landsbanki.is

Landsbankinn
410 4000 | landsbanki.is



FRÁBÆRAR FERMINGARGJAFIR



Pioneer



Pioneer Heimabíóstæða DCS232
360 W Magnari (5x60 W) RMS
Tilboðsverð: 29.900



JAMO iPOD Hátalarar & tengikví
Tilboðsverð: 33.900
FYRIR iPOD

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

OLYMPUS



Olympus FE 115
5 milljón pix.
Stafræn myndavél
Taska, hleðslutæki
og hleðslurafhlaða fylgir
Tilboðsverð: 12.900

ORMSSON
SMÁRALIND SÍÐUMÚLA 9

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu